

**POKKAFULLUR JESÚS**  
EYÞÓR INGI HEFUR  
HEILLAÐ EVRÓPU MEÐ  
FRAMMISTÖÐU  
SINNI ▶ 62



Gunnleifur Gunnleifsson  
landsliðsmarkvörður  
**HÆTTI AÐ  
DREKKA  
ÁTJÁN ÁRA**  
▶ 36



# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**

18. maí 2013  
116. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

## ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

**Anna Sigurlaug Pálsdóttir**, eiginkona  
**Sigmundar Davíðs**, heillaðist af honum  
á fyrstu mínúتونum og er enn heillað.  
Hún segir hann traust og rómantískt  
ljúfmanni sem aldrei bregðist. Pólítísk  
þátttaka hans hefur þó stundum komið  
út á henni tárunum, einkum skítkastíð í  
komentakerfunum. ▶ 22



**SKEMMTILEGUSTU  
BARIRNIR Í  
BÆNUM** ▶ 30



**FORDÓMAR Í GARÐ KARLA**  
Jóhanna Vala rannsaði  
karmenn og tók þá í sátt. ▶ 18

**GERÐI FIMM  
KYNLEIÐ-  
RÉTTINGAR  
Í VIKUNNI**

Sænski skurð-  
læknirinn Gunnar  
Kratz framkvæmdi  
kynleiðréttingar á  
fimm Íslendingum  
í vikunni. ▶ 24



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**OPIÐ 10-18**  
Nýtt kortatímabil

**KRINGLUKAST**  
20-50% AFSLÁTTUR

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

**ICEWEAR OPNAR  
Í FÁKAFENI Í DAG**

- sjá bls. 11



Opið  
11-18

Áfram  
Ísland

Smáralind



**UMFRAMORKA EKKI EYRNARMERKT 4**


Orka sem ekki nýtist í fyrir fram ákveðin verkefni verður seld hæstbjóðanda.

**FJARSTÝRT GASGRILL 6****LÉTU GREIPAR SÓPA Á CANNES 10**

Þjófar stálu skartgripum fyrir 125 milljónir króna á meðan á kvikmyndahátíðinni stóð.

„Það er óumdeilt að það eru mikil fjárfestingartækifæri á Grænlandi.“ 10

Svend Hardenberg, stofnandi Greenland Invest.

**SKOÐUN 12→16****VANDINN VIÐ HVÍTA LYGI 12**

Porsteinn Pálsson um kosningaumræðuna og ríkisfjármál.

**ÍSLAND MEÐ FYRSTU EINKUNN 16**

Steingrímur J. Sigfússon um jákvæðar fréttir að utan um áherslur í velferðarmálum.

**HELGIN 18→42****VERÖLDIN SÉD ÚR BRÚNUM SÓFA 34**

Simpsons-fjölskyldan setur stefnuna á Ísland á mánudag. Guðni Tómasson rýnir í heimssýn fjölskyldunnar sígulu.

**SAGÐIST VERA KONA FJÖGURRA ÁRA 24**

Ugla Stefanía Jónsdóttir er ein þeirra transkvenna sem hafa gengið í gegnum kynleiðréttingu hér á landi.

**KÖLLUN AÐ SYNGJA MEÐ KONUM 32**

Allir geta sungið – bara misjafnlega vel. segir Margrét Pálmadóttir, handhafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

**MÖLBROTID EINKALÍF MEÐAN FERILLINN BLÓMSTRÆÐI 36**

Pótt Gunnleifur Gunnleifsson landsliðsmarkvörður hafi ungar náð tókum á drykkjunnri gilti það sama ekki um lífið.

**BARNASÍÐA 40 KROSSGÁTA 42****MENNING 52→74****FRÖNSK VEISLA 60**

Þrjár gírnilegar uppskriftir frá Provence-héraði í Frakklandi.

**JAKOB FRÍMANN BÖSTAÐI RHYMES 74**

Rapparinn Busta Rhymes notaði bít úr lagi Jakobs Frímans í óleyfi.

**SPORT 66****YNGSTI FYRIRLIÐINN Á SKOTSKÓNUM 66**

Hin 19 ára gamla Guðmunda Brynja Óladóttir hefur skorað þrjú af fjórum mörkum Selfossliðsins sem er með fullt hús eftir tvo leiki í Pepsi deild kvenna í fótbolta.

**FIMM Í FRÉTTUM EUROVISION, HUMAR OG FÓTBOLTI**

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður Heimdallar, fékk yfir sig svívirðingar í ummælakerfum eftir að hún tjáði sig um humar og hvítvín við Fréttatímann. Margir sýndu henni þó einnig stuðning.



Eyþór Ingi Gunnlaugsson var að sjálfsgöngu fyrirferðarmikill í fréttum vikunnar, enda komst hann í lokaþætti Eurovision. Twitter-notendur varð tíðrætt um sítt hár hans og víkingalegt útlit.



Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður fékk að kenna á reiði fótboltaáhugamanna eftir kankvísan pistil um starfslok Alex Ferguson í Morgunblaðið. Hún stóð þó föst á sínu.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, vill fá að upplýsa þá Íslendinga sem eru með gen sem veldur auknum líkum á krabbameini um það.



→ Heiða Kristín Helgadóttir, annar formaður Bjartrar framtíðar, var ráðin framkvæmdastjóri þingflokksins. Hún sinnir því þremur störfum þessa dagana, er formaður BF, framkvæmdastjóri þingflokks BF og framkvæmdastjóri Besta flokksins.

# Kirkjan vill halda fimmtudagsfrídögum

Samtök atvinnulífsins vilja að frídagur sem lenda í miðri viku verði færðir að helgum eða lagðir niður gegn því að orlofsdögum fjölgi. Einn þessara daga er uppstigningardagur en fulltrúar þjóðkirkjunnar leggjast gegn tilfærslunni.

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensku þjóðkirkjunni líst illa á þær tillögur að frídagur í miðri viku verði færðir að helgum. Samtök atvinnulífsins (SA) vilja færa til slíka frídaga en kveðið er á um þá bæði í kjarasamningum og í lögum.



KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON

Vinnandi Íslendingar hafa sennilega flestir orðið varir við nokkurn fjölda frídaga frá páskum og fram á sumar. Á það tímabil falla sérstök frídagarnir annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur og annar í hvítasunnu.

Tveir þessara daga, sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur, eru alltaf á fimmtudegi og þá er 1. maí oft í miðri viku, síðast í ár þegar hann var á miðvikudegi.

SA hafa lengi talað fyrir því að þeir frídagur sem eru í miðri viku verði færðir að helgi eða þá lagðir niður gegn fleiri orlofsdögum. Telja samtökin að með slíkri breytingu væri hægt að auka hagræði í rekstri fyrirtækja og bæta framleiðni og afköst. Hefur enda könnun meðal félagsmanna SA leitt í ljós að 80% forsvarsmanna fyrirtækja eru fylgjandi tilfærslu frídaga.

Eins og áður sagði er annar fimmtudagsfrídaganna uppstigningardagur, sem er einn helsti hátíðisdagur kristinnar kirkju en þá er himnafarar Jesú minnst. Kristján Valur Ingólfsson, vígslu-



SUMARDAGURINN FYRSTI Tveir eða þrjú frídagur lenda í miðri viku á vormánuðum í hverri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**Frumvarp kynnt á síðasta þingi**

Umræðan um tilfærslu frídaga sem falla í miðri viku er ekki ný af nálinni. Þannig sömdu til dæmis Samtök vinnuveitenda og nokkur stéttarfélag um tilfærslu fimmtudagsfrídaganna til næsta mánudags í kjarasamningalotunni árið 1988. Málið náði hins vegar ekki fram að ganga þar sem samningarnir voru felldir. Þá lagði Róbert Marshall, nú þingmaður Bjartrar framtíðar, fram frumvarp á síðasta þingi þar sem meðal annars var kveðið á um tilfærslu frídaga að helgum. Málið komst hins vegar ekki til annarrar umræðu.

biskup í Skálholti, segir að kirkjan myndi mjög sjá eftir fríi á uppstigningardegi og hvetur til þess að staðinn sé vörður um hefðir.

„Við mundum sakna þessa dags. Það er enginn vilji fyrir því af hálfu kirkjunnar að þessu verði breytt,“ segir Kristján Valur og heldur áfram: „Við munum í það minnsta alltaf halda upp á upp-

stigningardag á þessum degi. Ja, svo lengi sem við kunnum að telja en hann skal vera 40 dögum eftir páska. En hitt er annað mál að þetta er ekki á okkar valdi heldur löggjafans og ef hann vill fella uppstigningardag niður sem frídag þá þurfum við bara að beygja okkur fyrir því.“

magnus@frettabladid.is

Íbúar í Ystaseli slegnir óhug eftir að maður var skilinn þar eftir í blóði sínu:

## Tveir teknir fyrir hrottalega árás

**LÖGREGLUMÁL** Íbúar við Ystasel í Breiðholti eru slegnir óhug eftir að gengið var hrottalega í skrokk á manni þar síðdegis í gær og hann skilinn eftir liggjandi í blóði sínu á miðri götunni.

Að sögn sjónarvotta var hópur manna – allt að níu talsins – á staðnum og umkringdi og elti þolandann, þótt einn hafi haft sig sýnu mest í frammi við árásina.

Þorvaldur Sigmarsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að tveir menn hefðu verið handteknir um kvöldmatarleytið, hvor í sínu lagi, taldir hafa beitt manninn ofbeldi. Hann sagði enn eiga eftir að koma í ljós hvort handtaka þyrfti fleiri vegna málsins eða hvort nægilegt yrði að boða þá til skýrslutöku.

Hafnaboltakylfa fannst á vettvangi sem sjónarvottar segja hafa verið notaða við árásina. Sjá mátti stóra blóðpolla á götunni eftir að árásarhópurinn hvarf á brott á silfrudum Land Cruiser-jeppa og fórnarlambið hafði verið flutt burt í sjúkrahúsi.

Sá sem varð fyrir árásinni, ungir íslenskur karlmaður, slapp betur en á horfðist og lögregla gat yfirheyrð fljótlega eftir að hann hafði fengið aðhlyningu á spítala. Hann var þó enn undir læk-



YSTASELIÐ Hafnaboltakylfa fannst á vettvangi og blóðpollar sáust á götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ishendi í gærkvöldi og talið hugsanlegt að hann yrði þar í nótt.

Börn voru að leik utandyra í götunni, sem alla jafna er friðsæl, og urðu vitni að upphafi átakanna. Sjónarvottar segja að meðal þeirra sem voru á staðnum hafi verið þekktur handdukkari.

Ekkert liggur enn fyrir um tildrög árásarinnar.-sh

## SPENNUÞRUNGIN ÁSTARSAGA EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN NORU ROBERTS



„Þetta er vel skrifuð saga og persónulýsingarnar gera frásögnina sérlega lifandi.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON MORGUNBLAÐIÐ

„Enn ein sönnun þess að Roberts skarar fram úr, hún er meistarin.“

PUBLISHERS WEEKLY



Ný kilja

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



# SUMMAR TILBOÐ

BUGG

BUGG AMBER

Ástralskt hágæða gasgrill.  
Sterkt postulínshúðað stállok  
Grillgrindur úr postulínshúðuðu pottstáli  
2 hliðarborð fylgja.  
2 ryðfrír sjálfstæðir brennarar.  
Mikill hiti: 5.86kW/h-20.000BTU.  
Quartz Start kveikjari.  
Grill svæði 1860cm<sup>2</sup>,  
Hæð undir loki 19cm.  
3000221

69.990  
79.840

BUGG er heitasta  
grillið okkar!



59.990  
62.990

weber Q 220

3000268

Postulínshúðuð grillgrind úr pottstáli  
Grillflötur: 54 x 39 cm  
Ryðfrír brennari 3,51 kW/h-12.000BTU  
Rafstýrður-kveikjurofi



STJÚPU  
Sprengja  
999 kr  
10 stk



Gardsett Normal  
Tveggja manna sófi, 2 stólar og borð  
3899430

37.900

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMÍÐJAN



Gardsett  
2 stólar og borð  
3899431

28.900

29.900

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMÍÐJAN

26" Author Trophy  
19" stéll úr álblöndu 6061  
18 gíra Shimano Revoshift  
3899987

AUTHOR



5.995

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMÍÐJAN

Hekklippur rafmagn  
HTMN520, rafmagn 520W.  
50 cm blað, klippir 16 mm  
Þyngd 3.3 kg  
5083756

Rafmagnsorr  
RT2124DA.  
350W.  
5086612

3.995

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMÍÐJAN



9.995  
13.995

BLACK&DECKER

Rafhlöðuborvél 12V  
Black&Decker EPC12CAB  
2 rafhlöður.  
5245999



BLÁKORN 5kg  
1.199 kr  
1.590



SÝPRIS  
999 kr



MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR  
3.000 KRONA ÁVÍSUNINA,  
ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA,  
FYRIR 26. MAÍ.



Þú finnur ávísunina þína  
á bakhlið Sælu Reitsins

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956




11.05.2013 → 17.05.2013

**150** Starfsfólki Latabæjar hefur fjölgað um 150 manns nú á stuttum tíma. Samkvæmt tölum frá fjármála- stjóra fyrirtækisins hafa um 4,5 milljarðar króna streymt inn í íslenska hagkerfið frá Latabæ undanfarin tvö ár.



**2** Leikmaður KR, Baldur Sigurðsson, skoraði bæði mörk KR í 2-0 sigri á hans gamla félagi, Keflavík. Hann var leikmaður umferðarinnar, að mati Fréttablaðsins.



**37**    **30**


37 gegn 30 atkvæðum á þinginu í Minnesota í Bandaríkjunum í vikunni urðu til þess að hjónabönd samkynhneigðra eru nú leyfileg í ríkinu.

**167.902**

167.902 ferðamenn hafa lagt leið sína til Íslands frá áramótum. Það er 42.000 fleiri en í fyrra. Aukning milli ára nemur 34 prósentum.

**70%**

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir yfir 70 prósent af daglegum útgjöldum íslenskra heimila greidd með greiðslukortum.




**7.000.000**

Arnaldur Indriðason rithöfundur hefur samanlagt selt bækur sínar í vel yfir 7.000.000 eintökum um allan heim. Ef 7.000.000 eintök af bókum Arnaldar væru sett á eina bókahillu væri hún um 140.000 metrar að lengd.

**50** MILLJARÐAR KRÓNA

Auðkennum 65.000 Svía var stolið í fyrra og þjófnaðurinn nam allt að 50 milljörðum íslenskra króna. Brotum af þessu tagi hefur fjölgað í Svíþjóð um 200 prósent á tju árum.



Sinfóníuhljómsveit Íslands: Arna nýr framkvæmdastjóri

**MENNING** Arna Kristín Einarsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún tekur við af Sigurði Nordal í haust en ráðið er í starfið til fjögurra ára. Arna Kristín er með meistaraáráðu í menningar- og menntastjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Hún hefur verið tónleikastjóri og staðgengill framkvæmdastjóra hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2007. Áður starfaði Arna við skipulagningu menningarviðburða hjá Hafnarfjarðarbæ og í Norræna húsinu. Þá hefur hún starfað sem flautuleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Bretlandi.



ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR

# Engin orka er eyrnamerkt ákveðnum verkefnum

Orka sem ekki nýtist í fyrir fram ákveðin verkefni, eins og Straumsvík, verður seld hæstbjóðanda. Ekki er hægt að ráðstafa henni fyrir fram í önnur verkefni. Enn er ósamið um raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík.

**VIRKJANIR** Orka sem ekki verður nýtt í álver í Straumsvík verður ekki sjálfkrafa færð í önnur verkefni heldur seld hæstbjóðanda. „Það er hlutverk fyrirtækisins að hámarka afkasturinn af þeim orkuauðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir,“ segir Magnús Þór Gylfason, upplýsinga- fulltrúi Landsvirkjunar. Hann segir að markmið Landsvirkjunar sé að bjóða samkeppnishæf kjör á raforku með langtímasamningum.

Fram hefur komið að álverið í Straumsvík mun ekki nýta alla þá orku sem fyrirhugað var samkvæmt samningum. Samningur er í gildi á milli Rio Tinto Alcan, sem rekur álverið, og Landsvirkjunar, um kaup á 75 MW. Meðal annars til að uppfylla þann samning réðst Landsvirkjun í byggingu Búðarhálsvirkjunar. Samningurinn gildir til ársins 2036 og verða fyrirtækin að ná saman ef bregða á út af honum.

Það er hins vegar ekki þannig að orka frá ákveðinni virkjun fari beina leið til notandans. Orkan fer inn á dreifikerfið og notandinn fær síðan umsamið magn, hver sem uppruni orkunnar er.

Fréttablaðið hefur greint frá því að hugmyndir hafi verið uppi um að sú orka sem ekki nýtist í Straumsvík gæti farið í fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík. Það er þó engan veginn víst.

Losni Rio Tinto undan orkukaups- samningunum verður orkan einfaldlega boðin hæstbjóðanda til sölu. Það gæti vissulega verið Norðurál, en þarf þó ekki að vera. Norðurál hefur ekki enn skrifað undir orkusölusamninga við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur, þannig að ekkert er sjálfgæfið í þessum efnun.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir að fyrirtækið geti útvegað um 100 MW af orku til álvers í Helguvík þrem-



HELGUVÍK Enn er ósamið um orku fyrir álver í Helguvík. Norðurál hefur ekki skrifað undir orkusölusamninga við HS Orku og OR.

ur árum eftir að farið verður í framkvæmdir. OR áformar byggingu Hverahlíðarvirkjunar, meðal annars til að sjá álveri í Helguvík fyrir orku. Sú staðreynd að OR fékk ekki undanþágu frá hertri mengunarvarnarræglu- gerð fyrir jarðvarmavirkjanir getur hins vegar sett strök í þann reikning, að minnsta kosti hvað tímasetningu varðar. „Við byggjum ekki nýja virkjun á meðan þetta er óleyst. Hvenær það verður vitum við ekki, það verður að koma í ljós,“ sagði Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, í samtali við Fréttablaðið 27. apríl.

kolbeinn@frettabladid.is

## Allt að 200 MW ónýtt í kerfinu

Dr. Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri segir að í raforkukerfi landsins séu á milli 100 og 200 megavött ónýtt. Þau væri hægt að nýta ef kerfið væri tengt öðru dreifingarkerfi, en það gerist ekki nema með sæstreng. „Síðan er auðvitað ákveðin orka strönduð í kerfinu vegna þess að flutnings- netið dugir ekki til.“

Þetta afl er þó ekki þess eðlis að hægt sé að reikna með því í stóriðju. „Þetta er í raun og veru það afl sem við verðum að hafa til reiðu ef eitthvað kemur upp á. Þetta er að hluta til framleiðslugeta sem þarf að vera umfram til að tryggja öryggi í kerfinu.“



GUÐNI A. JÓHANNESSON

### SJÁVARÚTVEGUR

#### Ýsa komin í þorskerfið

Útflutningsverðmæti fyrsta árs- fjórðungs sýnir að fersk ýsa er komin í þorskerfið. Á sama tímabili í fyrra var þorskurinn seldur á 18% hærra verði. Þetta er niðurstaða Landssambands smábátaeigenda sem vann úr gögnum Hafstofunnar. Í ár hefur ýsan hækkað í verði á sama tíma og þorskerfið hefur gefið eftir.

### LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaði gærdagsins að fallið hafi verið frá sleppingu laxa-, urriða- og silungaseiða í Kópavogslæk og Kópavogstjörn. Við afgreiðslu bæjar- stjórnar var tillaga bæjarfulltrúa VG að við framkvæmdina yrði sérstaklega horft til friðunar Kópavogs og nýrra náttúruverndarlaga aðeins felld.

**EUROVISION SVÍPJÓÐ 2013**

**Frón**

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**

**OSTAKEK Chillí**

Áfram Ísland!


Eurovision framundan! Tími fyrir gott íslenskt kek með chillí- eða hvítlaugsbragði. Bættu við bragðgóðum íslenskum osti, smá af sultu og njóttu þess.

www.fronkexis



### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 21°	Billund 23°	Gautaborg 22°	London 16°	Orlando 31°	San Francisco 21°
Basel 22°	Frankfurt 19°	Kaupmannahöfn 22°	Mallorca 20°	Ósló 24°	Stokkhólmur 17°
Berlín 19°	Friedrichshafen 22°	Las Palmas 22°	New York 20°	París 17°	

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður





Nýtt kortatímabil

# KRINGLUKAST

MÍÐVIKUDAG TIL MÁNUDAGS  
OPIÐ 10-18 Í DAG



NÝJAR VÖRUR  
**20-50%**  
AFSLÁTTUR

Kringlan

Afgreiðslutími um Hvítasunnuhelgina:  
laugardag 10-18 | sunnudag lokað | mánudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA

kringlan.is



## Verslunarhúsnæði á Skólavörðustíg

Skólavörðustígur 1a, 50 fermetra verslunarhúsnæði á jarðhæð, er til leigu.

Spilakassar, veitingarekstur og þess háttar starfsemi er ekki leyfileg í hinu leigða rými.

Húsnæðið verður til sýnis miðvikudaginn 22. maí kl. 13 - 14.

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu hússins skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 23. maí.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar  
www.reykjavik.is/eignir



Reykjavíkurborg | 411 1111 | www.reykjavik.is/eignir



Í dag fagnar Addi Barðdal 70 ára afmæli sínu.

Af því tilefni er vinum, fjölskyldu og velunnurum boðið í afmælisveislu sem haldin verður í Leikfangalandi í dag, laugardaginn 18. maí milli kl. 15.00-18.00. Fyrir hönd barna og barnabarna.

## Til sölu: joma Þekkt pípulagningarfyrirtæki með talsverða sérstöðu

Núverandi eigandi vill hætta vegna aldurs en er til í að starfa tímabundið með nýjum eiganda.

Um er að ræða rótgróið fyrirtæki með fjölda fastra viðskiptavina og góða afkomu árum saman. Joma hefur góð sambönd við erlenda framleiðendur og hefur flutt inn mikið af þeim vörum sem fyrirtækið notar og selur.

Tilvalið tækifæri fyrir duglega pípara eða aðra iðnaðarmenn sem treysta sér í eigin rekstur. Auðveld kaup.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Jens Ingólfsson í síma 414 1200 og 820 8658, jens@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland

Helene 05.13

## Ekki var staðið við tilboð í um 2% þess hlutfjár sem seldur var í útboði TM: 90 milljónir fóru aftur til Stoða

**VIÐSKIPTI** Nokkur fjöldi þeirra sem gerðu tilboð í hluti í TM í hlutfjár-útboði félagsins stóð að lokum ekki við tilboð sitt. Um 2% af þeim hlutabréfum sem selja átti í útboðinu var því skilað til Stoða sem seldu hluti sína í útboðinu.

Viðskiptablaðið greindi frá þessu á fimmtudag en um er að ræða hlutabréf að verðmæti ríflega 90 milljóna króna sé miðað við útboðsgengið sem var 20,1 króna á hlut.

Eftirspurn eftir hlutabréfum í TM var 357 milljarðar króna í

útboðinu en hlutféð sem var til sölu var 4,4 milljarða virði. Eftirspurn var því áttatíuföld en talið er að fjöldi fjárfesta hafi sett inn tilboð langt umfram greiðslugetu til að bregðast við fyrirsjáanlegri skerðingu á veittum hlutum.


FME hefur að þessum sökum tekið verklag við hlutfjárútboð til skoðunar en stofnunin telur að sú hegðun að fjárfestir leggi inn hærri tilboð en hann getur staðið við geti talist vera markaðsmisnotkun í skilningi laga.



**EFTIRSÓTT BRÉF** Þeir sem stóðu ekki við tilboð sín sjá væntanlega eftir því þar sem verð hluta í TM hafði í gær hækkað um 27,6%.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EINBEITTUR** Birgir Hallgrímsson sést hér með teslaspólu sem spilar tónlist.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÆKNITRÖLL** Sjálfstýrt vélmenni sem keyrir sjálft, forðast hindranir og spilar tónlist. Nemendur fylgjast spenntir með.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjarstýrt gasgrill og sjálfvirkir vélmennir

Nemendur í tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík kynntu í gær tæki og tól sem þeir hafa verið að vinna að síðustu vikur. Þar mátti meðal annars sjá fjarstýrt gasgrill og jeppakerru með krana. Eflir áhugann, segir forseti deildarinnar.

**SKÓLAMÁL** Hvalarannsóknarbauja, álagsgreining fyrir loftfímleika, sjálfvirkir iðnvélmennir í fullu fjöri, teslaspóla sem spilar tónlist, jeppakerra með krana og rafdrifið gasgrill sem hægt er að færa með fjarstýringu eftir hentisemi voru meðal þess sem nemendur á tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík kynntu á uppskeruhátíð sem haldin var hátíðleg í gær.

„Þetta er í rauninni kynning nemenda á verkefnum sem þeir hafa verið að vinna í þriggja vikna námskeiðum,“ segir Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykja-

vík. „Tilgangur námskeiðsins er að nemendur fái hugmynd, útfæri hana, hrindi henni í framkvæmd og fylgi henni svo eftir. Þannig eflum við áhuga nemenda á fræðilega efninu, eftir þessum praktísku leiðum. Með því að leyfa þeim að prófa sjálfum.“

Guðrún var að vonum ánægð með nemendur sína. „Krakkarnir eru í skólanum næstum allan sólarhringinn á meðan á þessu námskeiði stendur. Þetta er rosalega skemmtilegt verkefni, fyrir kennara og nemendur, og afraksturinn náttúrulega rosalega áhugaverður og skemmtilegur.“ olof@frettabladid.is



**SUMARUPPFINNING** Gísli Freyr, ábyrgðarmaður vélaverkstæðis HR, grillar hér pylsur á rafdrifnu gasgrilli.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Íslensk kona kemst inn í hina virtu framleiðsludeild American Film Institute: Vonar að hlutur kvenna aukist

**FÓLK** Sara Nassim, kvikmyndagerðarkona á Íslandi, komst nýlega inn í meistaranám í framleiðsludeild American Film Institute í Los Angeles. „Það er náttúrulega frábært að komast þarna inn, og ég hlakka til að byrja í ágúst,“ sagði Sara í samtali við Fréttablaðið.

American Film Institute er einn virtasti kvikmyndaháskóli í heimi og því ljóst að það er mikill heiður að hljóta inngöngu. Á meðal útskrifaðra nemenda AFI eru Darren Aronofsky og David Lynch. „Ég bjóst ekkert við því að komast inn enda fáir teknir inn á hverju ári.“

Sara hefur verið iðin við kolann síðastliðin ár og hefur komið að gerð fjölda kvikmynda, auglýsinga og sjónvarpsþátta á Íslandi. Ljóst er að mikill missir verður að Söru í stéttinni. „Ég hlakka til að fara í skóla og veit að ég mun læra marga sem getur nýst mér í starfi. Kvikmyndagerð er skemmtileg, en á köflum krefjandi vinna. Ég vil halda áfram á sömu braut, en það verður ekkert verra að skipta aðeins um umhverfi þótt ég muni sakna allra sem ég er von að vinna með hér heima,“ sagði Sara. „Ég vona bara að íslensk kvikmyndagerð haldi áfram að þróast á þeim hraða sem hún hefur verið að gera undanfarin ár. Hver veit? Kannski kem ég heim og loksins verður búið að rétta hlut kvenna í bransanum,“ sagði Sara kímín.



**SARA NASSIM** Hlakkar til haustsins þegar hún hefur nám við AFI.  
MYND/ÚR EINKASAFNI

- 6sk



# CROSS

## GÆÐAHJÓL Á GÓÐU VERÐI

CROSS hjólin eru nútímalega hönnuð og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti.



Frábær viðgerða- og varahlutabjónusta hjá viðurkenndum fagaðila. Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni, Holtagörðum og [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is). Minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð





**DÖKK FEGURÐ** Um þessar mundir stendur yfir hátíð gotneskra lista í Leipzig í Þýskalandi. Þessi gestur féll vel inn í hópinn. NORDICPHOTOS/AFP

Merkel og Hollande ósammála um aðgerðir til að leysa evruvandann:

## Níu af sautján evrulöndum eiga í kreppu

**EVROPUMÁL** Þýskaland og Frakkland, stærstu hagkerfi evrusvæðisins, viðurkenna að samstarf þeirra sé lykillinn að því að ráða fram úr erfiðri stöðu evrulandanna. Ráðamenn eru enn ósammála um forgangsgröðun verkefna. Forseti Frakklands, François Hollande, vill að öll sautján ríki evrusvæðisins samþætta skuldir sínar og vill leyfa hagkerfinu að blómstra, án þess að ráðist sé í niðurgreiðslu skulda af hálfu stjórnvalda, sem myndi skila sér í hærri sköttum, skerðingu á þjónustu og færri tækifæri á atvinnu-markaði. Angela Merkel er ekki sammála forseta Frakklands um að samþætta skuldir

þjóðanna sautján. Hún vill að ríkisstjórnir ráðist í niðurfellingu skulda ríkissjóða áður en lengra er haldið.

Nýjustu tölur sýna að hagkerfi evrusvæðisins hefur dregist stöðugt saman síðasta eitt og hálft ár, og níu af sautján Evrulöndum eru í kreppu, þar af er eitt landanna Frakkland.

Hollande, sem er sósíalisti, vill stefna að því til langs tíma að búa til eina allsherjar ríkisstjórn yfir öllu evrusvæðinu. Merkel óttast að slík áform gætu orðið til þess að Þýskaland endi á að borga brúðann fyrir lönd sem standa ekki jafn vel að vígi fjárhagslega.

- ósk



**LEIÐTOGARNIR** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og François Hollande, forseti Frakklands, leggja á ráðin. NORDICPHOTOS/AFP

Gott uppgjör hjá Högum: Stefnir í 568 milljónir í arð

**VIÐSKIPTI** Hagar högnuðust um rétt tæplega 3 milljarða króna á rekstrarárinu 2012 til 2013. Til samanburðar var hagnaður rekstrarársins á undan ríflega 2,3 milljarða króna.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta fór úr 4,2 milljörðum í rétt tæplega 5 milljarða.

Stjórn Haga leggur til að alls 586 milljónir króna verði greiddar í arð til hluthafa. - mbl



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Maðurinn var fyrst úrskurðaður í gæsluvarðhald í Héraðsdómi Austurlands fyrir hálfri annarri viku. AUSTURFRÉTT/GUNNAR

Grunaður um morð:

## Ungi maðurinn lengur í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur féllst í gær á kröfu lögreglunnar á Eskifirði um að framlengja gæsluvarðhald yfir grunuðum morðingja um fjórar vikur.

Maðurinn, sem er 24 ára, er talinn hafa orðið Karlí Jónssyni, 59 ára, að bana með hnífi í fjölbýlishúsi á Egilsstöðum aðfaranótt 7. maí. Hann var úrskurðaður í tveggja vikna varðhald kvöldið eftir sem hefði runnið út nú eftir helgi. Hann hefur ekki játað.

Árásin á Karl var ofsafengin og er ungi maðurinn talinn hafa reynt að brenna fót sem fundust í ruslatunnu fyrir húsið. - sh



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** FME athugar reglulega starfsemi lífeyrissjóða landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Athugun Fjármálaeftirlitsins: Snuprar lífeyrissjóð bænda

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaeftirlitið hefur gert nokkrar athugasemdir við starfsemi Lífeyrissjóðs bænda að lokinni athugun á sjóðnum.

FME gerði meðal annars athugasemd við lánveitingar til tveggja sjóðfélaga með lánsveði í eignum einkahlutafélags þeirra. Þá taldi FME rétt að verklagsreglum um verðbréfavíðskipti starfsmanna sjóðsins yrði betur fylgt eftir.

FME kannar reglulega starfsemi lífeyrissjóða landsins og gerir að slíkri könnun lokinni tillögur að úrbótum. - mbl

Hafnaði á grjótgarði:

## Lést í vélhjólslýsi á Akranesi

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður bifhjólslýsi lést á Landspítalanum í Fossvogi á fimmtudag eftir slysi á Akranesi fyrr um daginn. Maðurinn, sem var á sextugsaldri, missti stjórn á hjólinu á leið austur Faxabraut á fjórða tímanum síðdegis á fimmtudag.

Hjólið hafnaði á grjótgarði með þeim afleiðingum að maðurinn kastaðist yfir hann og niður í fjöruna á Langasandi. Hann var fluttur á slysaeyðil Sjúkrahússins á Akranesi og síðan áfram á Landspítalanum í Fossvogi þar sem hann lést síðar um daginn. Málið er í rannsókn. - sh

# Mikil uppbygging í vændum á Grænlandi

Svend Hardenberg, stofnandi Greenland Invest, segir Íslendinga geta notið góðs af mikilli uppbyggingu sem fyrirsjáanleg sé á Grænlandi á næstu áratugum. Hann segir efnahagslegt sjálfstæði markmið Grænlandinga með auðlindanýtingu sinni.

**UTANRÍKISMÁL** Gríðarleg uppbygging er fyrirsjáanleg á Grænlandi á næstu árum í tengslum við auðlindanýtingu. Helsta markmið Grænlandinga með framkvæmdunum er ekki ríkidæmi heldur sjálfstæði. Þá felast tækifæri í uppbyggingunni fyrir Ísland.

Þetta segir Svend Hardenberg, sveitarstjóri í Qaasuitsup í Grænlandi og stofnandi Greenland Invest. Hardenberg var meðal ræðumanna á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, um tækifæri á norðurslóðum í Hörpu á fimmtudag.

„Það er óumdeilt að það eru mikil fjárfestingartækifæri á Grænlandi. Þar er að finna olíu og gas og þá má byggja upp stóriðju í tengslum við virkjun vatnsfalla. Námavinnsla er þó það sem sennilega liggur beinast við,“ segir Hardenberg og heldur áfram: „Það eru mikil verðmæti í grænlandi jörð og þau er að finna á stöðum þar sem fólk býr ekki. Það er því heppilegra að stunda náma- vinnslu á Grænlandi en til dæmis í Evrópu þar sem fólk er alls staðar skammt undan.“

Ljóst er að mikil tækifæri felast í uppbyggingu á Grænlandi og getur hin fámenna þjóð Grænlandinga fljótt orðið mjög auðug gangi hugmyndir um fjárfestingarnar þar eftir. Hardenberg segir að þegar sé undirbúningur vegna nokkurra stórra fjárfestingarverkefna hafinn en bætir við að ríkidæmi sé ekki markmið Grænlandinga í sjálfru sér.

„Sjálfstæði er mjög ofarlega í huga Grænlandinga og það er líklega helsta ástæðan fyrir því að við viljum setja þessi verkefni af stað. Þau geta gert okkur kleift að fá efnahagslegt sjálfstæði en jafnvel þó að lífskjör hér mundu versna myndum við heldur kjósa sjálfstæði,“ segir Hardenberg sem bætir við að Grænland hafi fengið heima- stjórn fyrir ríflega 30 árum og að hann vonist til þess að fullt sjálfstæði fái fyr en eftir önnur 30 ár.



**SVEND HARDENBERG** Í erindi sínu í Hörpu í gær fjallaði Hardenberg um fjárfestingartækifæri á Grænlandi en mikil uppbygging stendur þar fyrir dyrum á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tækifæri fyrir Íslendinga á Grænlandi

Hardenberg segir að ýmis tækifæri geti falið á Grænlandi fyrir Íslendinga. Hann leggur þó áherslu á að Íslendingar geti ekki einungis staðið á hlíðarlínunni, þeir þurfi að vera tilbúnir að fjárfesta í verkefnum. „Ef Íslendingar vilja koma að til dæmis verktakastörfum í Grænlandi eða taka þátt í uppbyggingarverkefnum að öðru leyti verða þeir einnig að líta á fjárhagslega hlið þeirra. Því ef Íslendingar eru ekki tilbúnir að fjárfesta í Grænlandi munu samningarnir líklega fara annað.“

Hardenberg segir að Bandaríkjamenn og Kínverjar vilji fjárfesta á Grænlandi og hafa áhrif á það hvernig framkvæmdirnar verði boðnar út. „Þeirra fyrirtæki munu njóta góðs af því. Ég segi því við Íslendinga: Ef þið viljið taka þátt í þessu með okkur þá ættuð þið að fjárfesta í Grænlandi.“

Spurður hvort Grænlandingar óttist umhverfisleg áhrif stórframkvæmdanna eða að alþjóðleg fyrirtæki njóti alls ágóðans svarar Hardenberg: „Við gefum engan afslátt af kröfum um hvernig skuli staðið að þessum framkvæmdum þannig að umhverfið beri sem minnstan skaða af. Þá erum við meðvitað um að þessi fyrirtæki eru að koma hingað til að græða peninga. Við hins vegar krefjumst þess að fá sanngjarnan skerf af því sem er til skiptanna. Þá leitum við liðsinnis

„Sjálfstæði er mjög ofarlega í huga Grænlandinga og það er líklega helsta ástæðan fyrir því að við viljum setja þessi verkefni af stað.“

Svend Hardenberg

færustu sérfræðinga í okkar samskiptum við fyrirtækin og lítum einnig til reynslu annarra þjóða.“ magnus@frettabladid.is

Vísitala Rannsóknarseturs versluninnar sýnir fram á aukinn kaupmátt:

## Mikill vöxtur í sölu farsíma

**NEYTENDUR** Sala á farsímum jókst um tæp 70 prósent, eða 68,7 prósent, í apríl miðað við sama tíma á síðasta ári og sala á tölvum um 40,9 prósent á sama tíma. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Mest jókst sala á þessum tveimur vörum. Sala á fötum jókst um 5,5 prósent í apríl miðað við sama tíma í fyrra en verð á fötum hækkaði um 0,7 prósent frá sama mánuði fyrir ári. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að verð á skóm hafi lækkað um 2,4 prósent síðan í apríl í fyrra en velta skóverslunar jókst um 1,7 prósent á sama tíma.

Sala á fangis minnkaði um átta prósent í apríl miðað við sama tíma í fyrra en verð á fangis hefur hækkað um 1,3 prósent síðan í fyrra.

Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að almennt séu ekki miklar breytingar í kaupmætti og neyslu. Þannig var kaupmáttur launa í mars 1,5 prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Nýjasta þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir 2,5 prósentu vexti í einkaneyslu á þessu ári. Fram kemur í tölum Seðlabankans að greiðslukortavelta heimilanna var 5,5 prósentum meiri í apríl en í sama mánuði í fyrra. - hó



**MIKIL SALA** Sala á farsímum hefur aukist um tæp 70 prósent miðað við sama tíma í fyrra. MYND/ÚR SAFNI

## Miðbæjarradíó

Eigendur Miðbæjarradíós horfa nú til þess að draga sig í hlé frá rekstri fyrirtækisins og hafa falið Kontakt að kanna með sölu á því. Reksturinn hefur gengið vel, veltan stöðug og hagnaður góður.

Miðbæjarradíó (sjá [www.mbr.is](http://www.mbr.is)) flytur inn íhluti, varahluti, aukahluti, kapla, tengla, verkfæri, mælitæki og fleira á rafeindasviði og selur til endursölu og í smásölu.

Áhugasamir aðilar hafi samband við [gunnar@kontakt.is](mailto:gunnar@kontakt.is) eða í síma 414 1200.

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
[www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

globalM&A Iceland



# „Starfsfólk bankans reyndist mér vel, það gaf sér tíma.“



Markmið Landsbankans er að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustu. Bankaviðskipti eiga að vera ánægjuleg og byggjast á trausti og skilningi. Við erum stolt af því að vera með ánægðustu viðskiptavinum meðal fjármálafyrirtækja.

**Kynntu þér þjónustu Landsbankans. Við tökum vel á móti þér.**

**Þorvaldur Helgi Auðunsson**  
Viðskiptavinur Landsbankans





# Hugmyndir um orkuframleiðslu á Íslandi

## Draumsýn eða alvara?

### Afmælisráðstefna ÍSOR 2013

Fimmtudaginn 23. maí kl. 13–16  
Grand Hótel Reykjavík

Fundarstjóri: Ingibjörg Kaldal, deildarstjóri jarðfræði og umhverfismála hjá ÍSOR

#### Dagskrá:

- 13.00 **Setning** – Sigrún Traustadóttir, stjórnarformaður ÍSOR
- 13.15 **Hagkerfi hreinnar orku** – Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
- 13.35 **Ávinningur þjóðarinnar af nýtingu orkulindanna** – Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
- 13.55 **Starfsemi og hlutverk ÍSOR í orku- og umhverfisráðgjöf** – Ólafur G. Flóvenz, forstjóri ÍSOR
- 14.15 Kaffihlé
- 14.35 **The role of geothermal energy in the future global energy budget**  
Professor Jefferson W. Tester, Director Cornell Energy Institute, Cornell University
- 14.55 **Jarðhitauðlind Íslands – Hve stór er hún og hversu vel þekkjum við hana?**  
Sæunn Halldórsdóttir, jarðeðlisfræðingur hjá ÍSOR
- 15.15 **Nýting jarðhita – tækifæri og takmarkanir**  
Árni Ragnarsson, verkfræðingur hjá ÍSOR
- 16.00 Fundarslit

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið [isor@isor.is](mailto:isor@isor.is) eða í síma 528 1500



Samfélagssjóðir Auðar  
auglýsa eftir styrkumsóknum

## Gjafir sem auðga lífið

Vinum saman að betri framtíð

Auður hefur frá upphafi lagt áherslu á ábyrga hegðun í allri sinni starfsemi. Við trúum því að við getum öll lagt okkar af mörkum til að byggja upp heilbriggt samfélag. Þess vegna vill Auður leggja þeim lið sem stuðla að jákvæðri uppbyggingu og framförum.

Hvatning til góðra verka

Umsækjendur eru hvattir til að skilgreina verkefnið vel, sýna fram á hvernig það fellur að markmiði viðkomandi sjóðs og tilgreina hversu háa fjárhæð sótt er um og/eða hverskonar vinnuframlag.

#### AlheimsAuður

AlheimsAuður er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum. Auður leggur 1% af hagnaði sínum í sjóðinn og býður viðskiptavinum að gera slíkt hið sama. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.

#### Dagsverk Auðar

Dagsverk Auðar er samfélagsverkefni starfsmanna Auðar. Dagsverkið felst í því að starfsmenn gefa andvirði dagslauna á hverju ári í verðugt málefni. Ennfremur vinna allir starfsmenn Auðar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Auðar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 5. júní 2013.

Styrkjum verður úthlutað þann 19. júní 2013.

Umsóknum má skila á [audur@audur.is](mailto:audur@audur.is)

Nánari upplýsingar á [www.audur.is](http://www.audur.is)



Auður Capital | Borgartúni 29  
Sími: 585 6500 | [www.audur.is](http://www.audur.is)

Samkynhneigðir og transfólk í Evrópu:

## Verða fyrir ofbeldi

**EVROPUMÁL** Fjórðungur samkynhneigðra sem búa innan Evrópusambandsins segist hafa orðið fyrir árásum eða hótunum vegna kynhneigðar sinnar á síðustu fimm árum. Meðal transfólks er hlutfallið 35 prósent. Þetta kemur fram í nýrri og umfangsmikilli könnun sem var gerð fyrir Evrópustofnun grundvallarmannréttinda. Könnunin var kynnt í gær.

93 þúsund manns í ESB-ríkjunum og Króatíu voru spurðir. Flestir höfðu orðið fyrir fordómum í Austur-Evrópuríkjum. Fátækir og ungir svarendur könnunarinnar voru líklegri til að hafa orðið fyrir

fordómum vegna kynhneigðar sinnar. Flestir hatursglæpir gegn fólkinu áttu sér stað í almenningssvæðum og voru framdir af fleiri en einum. Flestir árásmennirnir voru karlmenn. Rúmlega helmingur þeirra sem varð fyrir árásum tilkynnti ekki um það til lögreglu.

Helmingur svarenda sagðist hafa orðið fyrir misrétti undanfarið ár, en 90 prósent þeirra tilkynntu ekki um það. Þá segist fimmtungur samkynhneigðra og þrjátíu prósent transfólks hafa orðið fyrir misrétti á vinnustað eða við leit að vinnu.

- þeb



**HÓTELID Í CANNES** Blaðamenn hópuðust á Novotel-hótelid þegar fréttir bárust af þjófnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Verðmætum skartgripum stolið í Cannes

Skartgripum fyrir tæplega 125 milljónir króna var stolið af hótélherbergi í Cannes aðfaranótt föstudags. Þjófarnir þekktu líklega vel til og voru skipulagðir, að sögn lögreglu. Þeir höfðu ekki fundist í gærkvöldi.

**FRAKKLAND, AP** Þjófarnir stálu skartgripum fyrir um eina milljón Bandaríkjadollara, eða rúmlega 123 milljónir íslenskra króna, af hóteli í Cannes í Frakklandi aðfaranótt föstudag. Þeir höfðu ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Öryggisskápur á hótélherbergi á Novotel-hótelinu var tekinn úr herberginu og segir lögregla að þjófnaðurinn hafi verið vel skipulagður. Fulltrúi Chopard, svissnesks úra- og skartgripaframleiðanda, gisti í herberginu. Chopard er styrktaraðili kvikmyndahátíðarinnar í Cannes sem nú stendur yfir og stóð fyrir galaviðburði á öðru hóteli þegar þjófnaðurinn átti sér stað. Fyrirtækið býr einnig til Gullpálmann sem afhentur er fulltrúum bestu myndar hverrar hátíðar. Aðstandendur hátíðarinnar

ar þvertóku þó fyrir að pálmanum hefði verið stolið, og sögðu hann á öruggum stað. Að öðru leyti vildu þeir ekki tjá sig um málið.

Lögreglan segir mjög líklegt að skartgripirnir hafi verið á hótelinu í tengslum við kvikmyndahátíðina, en fulltrúar hennar segjast ekki vita hverjum þeir voru ætlaðir. Nú þegar hafa leikkonan Julianne Moore og fyrirsætta Carla Delevingne sést með skartgripum fyrir-tækisins á rauðum dreglum.

Talið er líklegt að þjófarnir séu fleiri en einn og að þeir hafi hafi haft nákvæmar upplýsingar um málið.

Talsmenn Chopard vildu ekki tjá sig um málið við blaðamenn í gær en höfðu skipulagt blaðamannafund í gærkvöldi þar sem þeir ætluðu að svara spurningum um málið.

thorunn@frettabladid.is





[www.icewear.is](http://www.icewear.is)

# ICEWEAR OPNAR Í FÁKAFENI Í DAG

Laugardaginn 18. maí opnar ný og glæsileg  
Icwear verslun í Fákafeni 9.

Skemmtilegar uppákomur og léttar veitingar  
allan daginn. **Verið velkomin!**

## ICEWEAR RISATERTA

**MARGRÉT EIR OG THINJIM KL.14**

**LIFANDI TÓNLIST FRÁ KL.14-17**

**BLÖÐRUR OG SVALI FYRIR BÖRNIN**

**LUKKUHJÓL Í GANGI ALLAN DAGINN**

DÚ GETUR UNNIÐ FRÍA FLÍK EÐA FENGIÐ  
RÍFLEGAN AFSLÁTT!

OPIÐ ALLA DAGA HVÍTASUNNU FRÁ KL. 10 - 18





Háskólanám verður að taka framþróun:

## 300 ára gamlar kennsluaðferðir

**H**áskólaumhverfið eins og við þekkjum er um þrjú hundruð ára gamalt. Þótt prófessorar hafi fyrir löngu tekið upp á því að nota tæknina til að varpa upp glærum og festa hljóðnema við skyrtuflipana hefur lítið annað breyst. Margar námsgreinar eru fyrir löngu staðnaðar og fólk tekur milljónir í námslán til að ljúka við nám sem gagnast þeim lítið þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Mark C. Taylor, forseti trúarbragðadeildar Columbia-háskólans, flutti hér erindi í vikunni og benti á að námskrá háskólanna þarfnaðist gagngerrar endurskoðunar. Þá væri nauðsynlegt að leggja niður núverandi deildarfyrirkomulag innan

háskóla, stórauka samstarf milli menntastofna alls staðar í heiminum með nýrri tækni og gleyma úreltum hugmyndum um hefðbundnar ritgerðir. Miklu nær væri að meistaranemar til dæmis gætu skilað sínum lokaverkefnum í formi myndbanda, netsíðna, tölvuleikja og svo framvegis.

Flestir nemar í framhaldsnámi á háskólastigi munu ekki finna sér vinnu þar sem menntun þeirra nýtist. Einfaldlega vegna þess að menntunin sem fengin er í háskóla, samkvæmt Mark Taylor, nýtist fyrst og fremst þeim sem ætla sér að kenna í háskóla. Framhaldsmenntunin einkennist af því að prófessorar með mjög þröng fræðasvið hvetja nemendur til að velja sér þröng svæðasvið sem prófessorarnir hafa sjálfir áhuga á. Niðurstaðan er að nemendurnir verða einfaldlega klón af mjög sérhæfðum kennurum og sú sérþekking nýtist einungis innan háskólans og þar kemur hún hvort er eð að litlu gagni.

Taylor segir að nauðsynlegt sé að hætta að fastráða prófessora við háskóla. Í Fréttablaðinu í gær sagði hann viturlegast að taka upp „sjö ára starfssamninga sem svo er hægt að framlangja ef samstarfið skilar árangri og báðir aðilar eru ánægðir að þessum sjö árum liðnum“.

Enn fremur bendir Taylor á að háskólinn verði að undirbúa nemendur sína undir þá staðreynd að þeir muni ekki allir fá vinnu við háskólakennslu í framtíðinni. Í dag framleiðum við nefnilega háskólakennara, samkvæmt Taylor.

Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands, tók undir orð Taylors í Fréttablaðinu í gær og sagði ljóst að við þyrftum að aðlaga okkur að nýjum tímum. „Hversu lengi þurfum við á kennslustofum að halda í Háskólanum? Þar sem allt að þrjú hundruð manns sitja í einum hnapp og hlusta á kennara lesa af glærum?“ spurði hún.

Þetta eru allt góðar og gildar vangaveltur. Næstum tuttugu þúsund Íslendingar eru í háskólanámi. Við erum auðvitað öll hæstánægð með að sem flestir mennti sig en við verðum að horfa gagnrýnum augum á hvað við leggjum á borð fyrir þetta fólk. Margt gætum við gert vitlausara en að taka mark á efasemdum Mark Taylor. Við höfum ekkert að gera með úrelt háskólanám sem er í litlum tengslum við atvinnulífið.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## SÆVAR CIESIELSKI

### segir sögu sína

**Bókin byggir á fangelsis-pappírnum Sævars Ciesielskis.**

**Æska og unglingsár Sævars.**

**Aðdragandi Guðmundar- og Geirfinnsmála.**

**Gæsluvarðhaldið.**

**Dramatísk frásögn af einu frægasta sakamáli Íslandssögunnar.**

SKRUDDA

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Vandinn við hvíta lygi

**E**kki er beinlínis hægt að segja að menn hafi skrókvað í kosningabaráttunni um stöðu ríkissjóðs og yfirvofandi hættu á greiðsluþroti þjóðarbúsins vegna gjaldeyrisskorts. En það á við talsmenn fráfarandi ríkisstjórnar og þeirrar sem senn tekur við, að þeir skautuðu lipurlega fram hjá þessum vökum í ísnum.

Forystumenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa samhlíða stjórnarmyndun sent út skilaboð um að fjárlögin gefi ekki rétta mynd af stöðu ríkissjóðs. Þegar spurt er hvers vegna þetta kemur fram núna er aðalatriðið að



upplýsingar um raunverulega stöðu ríkissjóðs eiga að koma til umræðu og liggja til grundvallar nýjum ákvörðunum. Það var því mikilvægt og hafið yfir gagnrýni að draga þessar staðreyndir inn í umræðuna. Gamla stjórnarandstaðan gefur síðan til kynna að gamla ríkisstjórnin hafi blekkt kjósendur.

Talsmenn fráfarandi ríkisstjórnar segja að forystumenn nýju stjórnarflokkanna hefðu mátt

gera sér grein fyrir öllum staðreyndum í þessum efnum fyrir kosningar. Um leið láta þeir að því liggja að ástæðan fyrir þessum uppljóstrum sé sú að væntanleg ríkisstjórn reyni nú að hófstilla væntingar landsmanna og jafnvel finna afsakanir fyrir því að ganga á svig við kosningaloforðin.

Hverjir segja satt? Svarið er: Báðir. Kosningabaráttan átti vitaskuld að snúast um þessar alvarlegu staðreyndir. Meirihlutinn og minnihlutinn höfðu þar sömu skyldur, en kusu að beina athygli inni að öðru. Þetta er í hnotskurn vandinn við hvíta lygi í pólitík. Nú kemur hún báðum í koll.

## Evrópuaðvörðun Steingríms

**Í** þessu samhengi eru skrif Steingríms J. Sigfússonar á vefsíðu Financial Times í vikunni um margt athyglisverð. Þar varaði hann evrópska stjórnarmálamann við, í ljósi kosningaúrslitanna hér, að þeirra biði þung refsing kjósenda ef þeir sýndu ábyrgð í ríkisfjármálum.

Sumir segja að með þessu hafi leiðtogi fráfarandi ríkisstjórnar verið að skamma kjósendur. Allt eins má segja að hann hafi verið að kasta ljósi á umræðu sem nú fer fram víða í Evrópu. Hér heima hefur Morgunblaðið endurspeglad hana með andófi við kröfur um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum af því að þær eigi rætur í Evrópusam-

bandinu og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og grafi þar af leiðandi undan fullveldi ríkja.

Fráfarandi ríkisstjórn náði þó nokkrum árangri í ríkisfjármálum meðan hún fylgdi áætlan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á hinn bóginn voru það mistök að skjóta lokamarkmiðinu í þeim efnum á frest. Það sýndi líka veikleika og tvískinnung að halda því fram fyrir kosningar að tími aukinna ríkisumsvifa væri runninn upp meðan árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna erlendra lána er níutíu milljarðar króna.

Síðan var það afdrifarík þröngsýni að hindra framgang þess hluta áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem sneri að verðmætasköpun í

orkufrekum iðnaði. Margir kjósendur gerðu sér grein fyrir að með því var beinlínis verið að koma í veg fyrir kjarabætur og sterkari samkeppnisstöðu velferðarkerfisins.

Trúlega hafa síðferðilegar brotalamir þó farið einna verst með fráfarandi ríkisstjórnarflokka. Þær komu fram í ýmsum myndum: Í landsdómsmálinu. Í því að víkja ekki eftir að hafa tapað tvisvar í þjóðaratkvæði. Í kröfum til Alþingis um að samþykkja mikla lagabálka eins og fiskveiðilög og stjórnarskrá áður en sérfræðingar fengu tækifæri til að segja álit sitt. Í þeirri tvöfeldni VG að semja um aðild að Evrópusambandinu en vera samt á móti.

## Völdu kjósendur innistæðulausar ávísanir?

**Þ**egar spurt er hvort kosningaúrslitin beri vitni um að kjósendur hafni ábyrgð og velji innistæðulausar ávísanir er svarið ekki alveg einhlítt. Samfylkingin og VG töpuðu 28 hundraðshluta af heildaratkvæðafjöldanum. Það er hrún.

Sjálfstæðisflokkurinn gaf talsverð loforð um lækkun skatta. Eftir mikið áfall í síðustu kosningum fékk hann þó aðeins þrjú hundraðshluta til baka af þeim

28 sem stjórnarflokkarnir töpuðu. Framsóknarflokkurinn gaf stærsta kosningaloforðið og fékk rúmlega níu hundraðshluta. Samtals fengu stjórnarandstöðuflokkarnir á síðasta kjörtímabili innan við helminginn af því fylgi sem yfirgaf stjórnarflokkana.

Talsmenn Bjartrar framtíðar sögðu blákalt að ekki væri innistæða fyrir loforðum um endurgreiðslu húsnæðislána. Samt fékk þessi ný flokkur rúmlega átta

hundraðshluta af atkvæðaflóttanum frá gömlu stjórnarflokkunum, litlu minna en Framsóknarflokkurinn.

Að þessu virtu má ætla að önnur atriði en eftirspurn eftir innistæðulausum ávísunum hafi ráðið nokkru um afstöðu kjósenda. Dreifing atkvæðanna gæti allt eins bent til að framboð af ríkari ábyrgð og skýrari langtíma markmiðum hafi verið minna en eftirspurnin.



# Sumarblómin komin!

Íslensk úrvæls ræktun



FULLT AF  
SPENNANDI  
TILBOÐUM



GRILLAD MEÐ JÓA FEL  
FYLGR KAUPUM Á ÖLLUM WEBERGRILLUM  
FYRIR UPPHÆÐ KR. 50.000 EBA MEIRA – ALLA HVÍTASUNNUHELGINA



20% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM ÁVAXTATRJÁM UM HELGINA

## POTTÞÉTT PAR


BLÁKORN OG TURBOKALK Á  
GRASFLÖTINA AÐ VORI  
RÉTT SÝRUSTIG JARÐVEGS  
ER GRUNNURINN AÐ GÓÐUM VEXTI

15% AFSLÁTTUR




## OPIÐ

Á HVÍTASUNNUÐAG - 11 TIL 19  
ANNAN Í HVÍTASUNNU - 10 TIL 21



GARÐHEIMAR

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á 



TAKMARKAÐ MAGN

20%



**DOLCE GUSTO  
PICCOLO KAFFIVÉL**

VERÐ ÁÐUR ..... 15.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 12.799  
ÞÚ SPARAR ..... 3.200

#68000201

31%



**EKTA BELGÍSKAR  
VÖFFLUR**

**DOMO VÖFFLUJÁRN**

1400W  
VERÐ ÁÐUR ..... 12.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 8.999  
ÞÚ SPARAR ..... 4.000

#65009047



50%

**KÆLITASKA**

VERÐ ÁÐUR ..... 3.849  
TILBOÐSVERÐ ..... 1.924  
ÞÚ SPARAR ..... 1.925

#63352139



50%

**SILICON GOGGUR**

VERÐ ÁÐUR ..... 999  
TILBOÐSVERÐ ..... 499

#69621577



35%

**BABYLISS  
BLÁSARI**

VERÐ ÁÐUR ..... 8.499  
TILBOÐSVERÐ ..... 5.499  
ÞÚ SPARAR ..... 3.000

#67024467



40%

**FLASKA  
MÉÐ SMELLUTAPPA**

VERÐ ÁÐUR ..... 1.249  
TILBOÐSVERÐ ..... 749

#63361020



23%

LITHIUM RAFLADA

**REMINGTON  
SKEGGSNYRTIR**

VERÐ ÁÐUR ..... 14.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 11.499  
ÞÚ SPARAR ..... 3.500

#67004040



43%

**SUMARSERÍA**

VERÐ ÁÐUR ..... 3.499  
TILBOÐSVERÐ ..... 1.999  
ÞÚ SPARAR ..... 1.500

#63362111



# KRINGLUKAST

Allt að 50% afsláttur • Nýtt kortatímabil  
Síðustu forvöð

**GRUNWERG**

LITADAR HÁGÆÐA KERAMÍK  
PÖNNUR

ÖLL LÍNAN  
33%  
AFSLÁTTUR



30%

**BLANDARI  
GLERKANNA • 500W**

VERÐ ÁÐUR ..... 9.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 6.999  
ÞÚ SPARAR ..... 3.000

#65004430

30%

**NÝJUNG  
KÚLUPINNA-KÖKUFORM**

VERÐ ÁÐUR ..... 3.499  
TILBOÐSVERÐ ..... 2.449  
ÞÚ SPARAR ..... 1.050

#41443602

**GEORGE FOREMAN  
HELSUGRILLIN**

REMOVES UP TO  
42%  
OF FAT

25%

Russell Hobbs



29%

**HELSUGRILL  
FAMILY**

VERÐ ÁÐUR ..... 19.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 14.999  
ÞÚ SPARAR ..... 5.000

#65087056

**HELSUGRILL  
COMPACT**

VERÐ ÁÐUR ..... 13.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 9.999  
ÞÚ SPARAR ..... 4.000

#65085056



25%

**ESPRESSOKANNA 6 BOLLA**

VERÐ ÁÐUR ..... 3.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 2.999  
ÞÚ SPARAR ..... 1.000

#63330216

**JARÐARBERJA  
LÍNAN**



33%

**iRobot®  
RYKSUGUVÉLMENNI**



Þú sparar  
12.000

**ROOMBA 620**

VERÐ ÁÐUR ..... 59.995  
TILBOÐSVERÐ ..... 52.495  
ÞÚ SPARAR ..... 7.500

#65000620

**ROOMBA 770**

VERÐ ÁÐUR ..... 96.900  
TILBOÐSVERÐ ..... 84.900  
ÞÚ SPARAR ..... 12.000

#65777004

HELSUVÖRUR

28%

**SHIATSU NUDDPÚÐI**

VERÐ ÁÐUR ... 17.950  
TILBOÐSVERÐ ... 12.950  
ÞÚ SPARAR ... 5.000

#58120049

22%

**RAKATÆKI MINI SVART**

VERÐ ÁÐUR ... 8.999  
TILBOÐSVERÐ ... 6.999  
ÞÚ SPARAR ... 2.000

#58120716

NÝTT &  
ÓDÝRARA

**AIRFREE E40 16FM  
LOFTHREINSITÆKI**

VERÐ ÁÐUR ... 22.999  
TILBOÐSVERÐ ... 19.999  
ÞÚ SPARAR ... 3.000

#58120040

25%

**SHIATSU SPOT  
NUDDSÆTI**

VERÐ ÁÐUR ... 52.790  
TILBOÐSVERÐ ... 39.790  
ÞÚ SPARAR ... 13.000

#58120700

**ALLAR  
HJÓLAVÖRUR**

25%



26%

**WEBER  
LÖTHITAMÁLIR  
ÞRÁDLAUS**

VERÐ ÁÐUR ... 9.499  
TILBOÐSVERÐ ... 6.999  
ÞÚ SPARAR ... 2.500

#67016438

30%

**PRESSOKANNA  
6 BOLLA KRÓM**

VERÐ ÁÐUR ... 4.999  
TILBOÐSVERÐ ... 3.499  
ÞÚ SPARAR ... 1.500

#22110800



**20%**

**KITCHENAID**  
HRÆRARI MEÐ SLEIKJU

VERÐ ÁÐUR ..... 5.990  
TILBOÐSVERÐ ..... 4.792  
ÞÚ SPARAR ..... 1.198

#7000055

**KAFFIVÉL**  
**DELUXE**  
RUSSEL HOBBS

**21%**

HITAR í 980

VERÐ ÁÐUR ..... 13.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 10.999  
ÞÚ SPARAR ..... 3.000

#65001856

**AEG**



**20%**

**AEG RYKSUGA**  
AE 3450

VERÐ ÁÐUR ..... 15.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 12.799  
ÞÚ SPARAR ..... 3.200

#65003754

**INNIFALID : HEIMSENDING**  
**OG UPPSETNING + GRILLHANSKAR**  
**ÚR GEITARSKINNI**

**CAMPINGAZ**  
GASGRILL

**Dú sparar 10.000**

VERÐ ÁÐUR ..... 89.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 79.999  
ÞÚ SPARAR ..... 10.000

#50688506



**ÓDÝRARI RYKSUGU-**  
**VÉLMENNI**

**AGA:T**  
RYKSUGUVÉLMENNI EC-01

VERÐ ÁÐUR ..... 44.900  
TILBOÐSVERÐ ..... 35.920  
ÞÚ SPARAR ..... 8.980

#57090001



**43%**

**KJÚKLINGA**  
STANDUR

VERÐ ÁÐUR ..... 3.499  
TILBOÐSVERÐ ..... 1.999  
ÞÚ SPARAR ..... 1.500

#50651333



**25%**

**FERÐAVOG**  
ENGIN YFIRVIGT

VERÐ ÁÐUR ..... 3.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 2.999  
ÞÚ SPARAR ..... 1.000

#65009090

# byggto**g**búid

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni



SMELTU HÉR  
TIL AD OPNA  
VEFVERSLUN



**40%**

**ÍSLENSKI FÁNINN**  
Í BÍLINN - FYRIR EUROVISION

VERÐ ÁÐUR ..... 499  
TILBOÐSVERÐ ..... 299

#63331231



**20%**

**SKAFTRYKSUGA**  
ERGORAPIDO

VERÐ ÁÐUR ... 24.900  
TILBOÐSVERÐ ... 19.900  
ÞÚ SPARAR ... 5.000

#65005571



**20%**

**BRAUN**  
TÖFRASPROTI

SÁ ALLRA FLOTTASTI • 600W

VERÐ ÁÐUR ..... 15.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 12.799  
ÞÚ SPARAR ..... 3.200

#65000530



**23%**

**HVÍT**

VERÐ ÁÐUR ..... 104.870  
TILBOÐSVERÐ ..... 80.741  
ÞÚ SPARAR ..... 24.130



**LITADAR**

VERÐ ÁÐUR ..... 107.870  
TILBOÐSVERÐ ..... 83.591  
ÞÚ SPARAR ..... 24.280

**KitchenAid®**

ÁHALDASETT OG MATREIÐSLUBÓK FYLGJA MEÐ

**GARMIN**  
GPS

**20%**

**21%**

VERÐ ÁÐUR ..... 23.900  
TILBOÐSVERÐ ..... 18.900  
ÞÚ SPARAR ..... 5.000

#54003903



**37%**

**C3 MUFFINSJARN**

VERÐ ÁÐUR ..... 7.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 4.999  
ÞÚ SPARAR ..... 3.000

#65000802



**50%**

**GRILLBURSTI**

VERÐ ÁÐUR ..... 549  
TILBOÐSVERÐ ..... 275

#63371501

**ALLIR POTTAR & PÖNNUR**  
**FISFLER**



**ÖLL LÍAN**  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**WASSERMAXX**  
SODAVATNSTÆKI

**20%**

LITUÐ

VERÐ ÁÐUR ..... 19.999  
TILBOÐSVERÐ ..... 15.999  
ÞÚ SPARAR ..... 4.000

#28092003



**PureKomachi2**

hnifalínan eru hágæða  
hnifar frá KAI í Japan, sem  
hefur framleitt hnifa í yfir  
100 ár. Hnifarnir njóta  
mikilla vinsælda um  
heim allan.

**ÖLL LÍAN**  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Verð frá 2.399 til 3.599



**39%**

**KJÖTHITAMÆLIR**

VERÐ ÁÐUR ..... 1.649  
TILBOÐSVERÐ ..... 999

#63304120



**40%**

**HITABRÚSI STÁL 0.5L**

VERÐ ÁÐUR ..... 2.499  
TILBOÐSVERÐ ..... 1.499  
ÞÚ SPARAR ..... 1.000

#63317072




824 FIMMTUDAGUR 16. MAÍ  
**Vefjagigt í 20 ár**

Arnór Víkingsson gigtarlæknir,  
Sigrún Baldursdóttir, sjúkraþjálfari  
og lýðheilsufræðingur, Eggert S.  
Birgisson sálfræðingur

593 PRÍÐJUDAGUR 14. MAÍ  
**Framtíðarflugvöllur í Vatns-  
mýri**

Björn Jón Bragason sagnfræðingur

428 MÁNUDAGUR 13. MAÍ  
**Valfrelsi með humrinum**

Ólafur Stephensen ritstjóri

294 MÁNUDAGUR 13. MAÍ  
**Proskafeft femínistahlussa**

Saga Garðarsdóttir pistlahöfundur

211 MÁNUDAGUR 13. MAÍ  
**Lengri vinnudag**

Sigríður Ingibjörg Ingaðóttir,  
þingkona Samfylkingar

# Ísland með fyrstu einkunn, -að utan!

Í vikunni bárust a.m.k. tvær jákvæðar fréttir sem tengjast áherslum Íslands í velferðarmálum. Báðar fréttirnar sýna að viðbrögð okkar við hruninu hafi verið félagslega meðvituð og árangursrík á sviði velferðarmálanna. Þetta er raunar langt í frá í fyrsta sinn sem þetta er staðfest á síðustu misserum.

## EFNAHAGSMÁL



Steingrímur J. Sigfússon  
atvinnuvega- og  
nýsköpunar-  
ráðherra

## Jöfnuður eykst

Í fyrsta lagi gefur OECD Íslandi góða einkunn í nýrri úttekt um þróun jafnaðar eða ójafnaðar í aðildarríkjum stofnunarinnar. Jöfnuður er samkvæmt skýrslu OECD hvergi meiri en á Íslandi og hefur aukist umtalsvert undanfarin ár öfugt við mörg önnur lönd í efnahagserfiðleikum. Á mannamáli þýðir það að íslenskum stjórnvöldum, nánar tiltekið ríkisstjórn okkar Vinstri grænna og Samfylkingar, hefur tekist að jafna byrðunum þannig að kaupmáttur hinna tekjulægri hefur varist betur en

annarra gegnum þrengingarnar. Jöfnuður er hér almennt meiri en áður, færri en ella eru útsettir fyrir fátækt og félagsleg vandamál hafa ekki aukist svo merkjanlegt sé þrátt fyrir þær efnahagslegu hamfarir sem landið hefur gengið í gegnum. Í velflestum kreppuhrjádum löndum jókst ójöfnuður eftir hrun en það hefur ekki gerst á Íslandi. Ísland er því undantekning í þessu samhengi.

## Velferðin varin

Í öðru lagi sendi breski fræðimaðurinn David Stuckler frá Cambridge-háskólanum frá sér bók sem fjallar um áhrif kreppunnar á lýðheilsuástand fólks í Evrópu og Bandaríkjunum. Ítarlega hefur verið fjallað um útgáfu bókarinnar og rannsóknir Stucklers í erlendum fjölmiðlum síðustu daga. Niðurstaða Stucklers er að lýðheilsu í mörgum löndum í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum hefur hrakað hjá

þeim sem lægst hafa tekjurnar. Athyglisvert er að Stuckler tiltekur Ísland sérstaklega sem dæmi um land þar sem vel hefur tekist til við að viðhalda góðu lýðheilsuástandi. Á Íslandi hefur aðgengi að heilbrigðisstofnunum haldist óbreytt og þjónustustigið hefur verið varið eins vel kostur var. Þessu er öfugt farið víðast hvar samkvæmt rannsóknnum Stucklers. Þau lönd sem koma einna best út úr rannsóknnum Stucklers eru Norðurlöndin og ætti það ekki að koma neinum á óvart. Lýðheilsu hefur á hinn bóginn víða hrakað, sérstaklega nefnir Stuckler Grikkland í því sambandi en einnig hefur ástandið versnað í Bandaríkjunum og Bretlandi á allra síðustu árum.

## Stærsta velferðarmálið

Þessir vitnisburðir að utan hljóta að gleðja mörg samtök og hópa sem bera þessi gildi fyrir brjósti, t.d. þau eða þá sem hafa nú um sinn beðið í ofvæni eftir annarri ríkisstjórn eins og forseta ASÍ. Hægri og miðjuöflin mega heldur betur standa sig vel ef þau

→ Íslendingar myndu gera rétt í því að taka a.m.k. í einhverjum mæli mark á slíku ekki síður en heimatilbúnum veruleika loforðamanna og hagsmunaafla hins gamla Íslands.

eiga að ná því að auka hér enn jöfnuð eða gera betur hvað varðar félagslega réttláta dreifingu byrðanna. Staðreyndir, vandaðar rannsóknir og óumdeildar mælingar sem eru samanburðarhæfar milli landa tala sínu máli hvað sem allri stjórnmalaprætu líður. Íslendingar myndu gera rétt í því að taka a.m.k. í einhverjum mæli mark á slíku ekki síður en heimatilbúnum veruleika loforðamanna og hagsmunaafla hins gamla Íslands. Hvers konar samfélag viljum við hér í landinu? Jöfnuð og jafnrétti eða græðgi sérhagsmunahópanna? Þar er efinn, ekki síst nú eftir síðustu alþingiskosningum.

# Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs árið 2012

Stafir lífeyrissjóður starfaði í samtryggingardeild og séreignardeild á árinu 2012 og tók við iðgjöldum í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisséttinda.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 102.973 milljónum króna og jókst um 12,6% frá árinu 2011 þegar hún var 91.461 milljón króna.

Nafnávöxtun allra eigna 2012 var 10,8% en hrein raunávöxtun 6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm ár er neikvætt um 4,5% en jákvætt um 2% síðustu tíu ár.

Í lok árs 2012 áttu 55.397 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2012 greiddu 9.008 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og 1.776 launagreiðendur.

Á árinu 2012 fengu 4.656 lífeyrisþegar greitt úr samtryggingardeild, alls 2.574 milljónir króna, sem er aukning um 11% frá fyrra ári. Lífeyrisþegum fjölgaði um 4,5% á árinu eða um 204. Greiðslur úr séreignardeild námu um 313 milljónum króna, sem er um 30% lækkun frá fyrra ári.

Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2012. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 9,1%.

Stafir lífeyrissjóður starfaði við erfiðar aðstæður undanfarin ár. Fjárfestingarkostir eru takmarkaðir og peningaleg eign ber lága vexti. Gjaldeyrishöftin takmarka möguleika sjóðsins til áhættudreifingar.

Þrátt fyrir óvissuástand á mörkuðum hefur rofað til í starfsemi Stafa lífeyrissjóðs. Árið 2012 var á margan hátt jákvætt og sjóðurinn sýndi batamerki eftir erfið ár.

Kennitölur	2012		2011	
	2012	2011	2012	2011
Nafnávöxtun:	10,8%	7,5%		
Hrein raunávöxtun:	6%	2,1%		
Hrein raunávöxtun [10 ára vegið meðaltal]	2%	1,3%		
Fjöldi sjóðfélaga í samtryggingadeild	9.008	8.819		
Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingadeild	4.656	4.452		
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,1%	2,98%		
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,14%	0,14%		
Lífeyrir í % af iðgjöldum	61%	57,2%		
Stöðugildi:	12,4	12,8		

## Ársfundur

Ársfundur Stafa lífeyrissjóðs verður á Grand Hóтели Reykjavík miðvikudaginn 22. maí 2013 og hefst kl. 17:00. Samdægurs verður þar líka fundur vegna kjörs fulltrúa launafólks í stjórn Stafa og hefst kl. 15:00.

**STAFIR**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is

www.stafir.is

## Verndum auðlindina!

Dimmuborgum var lokað fyrir stuttu. „Göngu- stígar svæðisins eru flestir fullir af snjó, krpa, ís eða drullu og því geta töluverð spjöll hlotist af umferð almennings.“

### NÁTTÚRU- VERND



Stefán Benediktsson  
arkitekt

Fjölgun ferðamanna ferðamanna skapar tekjur, miklar tekjur. Fjölgun ferðamanna utan venjulegs ferðamannatíma, skapar vandamál, sem kosta peninga.

Hér gæti ég í löngu máli rætt um stefnumörkun og samráð og skipulag en aðalatriðið er að við verðum að stýra gangandi umferð ferðafólks með stígum og merkingum. Til þess þarf peninga.

Merktir stígar hafa þann undramátt að fólk velur að nota þá frekar en flækjast um mýrar og móa. Það forðar skemmdum og sparar peninga.

Þar sem mest hætta er á skemmdum verður að leggja bryggjustéttar eins og eru á Þingvöllum, við Gullfoss og víðar. Í Skaftafellsheiðinni var byggð bryggjustétt 1991, sem enn lætur lítið á sjá.

Nýjasta efni í bryggjustéttagerð eru járngrindur en snjó og ís festir verr á þeim en timbri.

Náttúra mikið sóttra staða mun skemmast og aðdráttarafl staðanna hverfur ef ekki verður hart brugðist við. Að hika er sama og að tapa.

Við vitum það sem við þurfum að vita um staðsetningu stíga sem taka þurfa við ferðamönnum næsta vetrar. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Að rífast um það hvernig peninganna er aflað er bara tímasóun.

Aðalatriðið er að afla peninganna og koma í veg fyrir náttúruskemmdir með öllum mögulegum ráðum.

→ Náttúra mikið sóttra staða mun skemmast og aðdráttarafl staðanna hverfur ef ekki verður hart brugðist við. Að hika er sama og að tapa.



# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

25% AFSL. AF HÚSGÖGNUM  
15% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU



VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opíð virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



# HELGIN

Jóhanna Pálsdóttir framkvæmdastjóri

## Í Eurovision-stuði

Kvöldinu verður eytt í góðra vina hópi. Við ætlum að njóta há- og lág menningarhátíðar evrópska sjónvarpsstöðva með tilheyrandi veitingum og veðmálum. Á morgun finnst mér líklegt að við Lísbet Freyja dóttir mín röltum niður í miðbæ. Svo er um að gera njóta þess sem er í boði á Listahátíð og jafnvel setjast niður á uppháldsstaðinn hennar, Sushi Train.



Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona

## Á listahátíð í Brussel

Ég er stödd í Brussel núna þar sem ég er að sýna verk með fimm öðrum íslenskum konum á listahátíðinni Kunstenfestival des Arts. Ég verð hér yfir helgina og fer svo yfir til Hollands þar sem við sýnum um næstu helgi.



Bobby Breiðholt hönnuður

## Fylgist með Lilju

Ég mun skoða Listahátíð, þá helst skipaflautuverkið hennar Lilju Birgisdóttur. Kannski að maður prlíi upp á eitthvert fjall í nágrenni borgarinnar, hitta góða vini og njóti vorsins.



Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari

## Leggur lokahönd á tónlistarhátíð

Helgin fer svo í að leggja lokahönd á undirbúning Reykjavík Midsummer Music sem haldin verður í Hörpu 19.-21. júní og verður kynnt í næstu viku. Þemað er Tíma-skekkja.



Myndlistaskólinn á Akureyri

## Vorsýning

**Myndlist** Hin árlega vorsýning Myndlistaskólans á Akureyri verður opnuð í dag í húsnæði skólans Kaupvangsstræti 16.

Sýningin stendur til 20. maí og verður opin þessa þrjú daga frá klukkan 13 til 17.

Sýnd verða verk nemenda fornámsdeildar, listhönnunar- og fagurlistadeildar. Þar gefur að líta sýnishorn af því helsta sem nemendur í frjálstri myndlist og grafískri hönnun hafa verið að fást við á þessu skólaári. Auk þess verða á sýningunni verk eftir nemendur á barna- og unglinganámsskeiðum á vorönn.

## Tölvuleikir og sirkuslistir

### Nördadagur

**Allt fyrir nörd** Skema heldur fyrsta Nördadaginn hátíðlegan í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Microsoft á Íslandi í dag frá klukkan 14 til 15. Hátíðin fer fram í Sólinni í Háskólanum í Reykjavík.

Á hátíðinni verður verðlaunaafhending í Kodu Cup á Íslandi, gestir fá að spila tölvuleikina sem kepptu til úrslita í Kodu-keppinni og sumardagskrá Skema verður kynnt. Þá mun sirkushjólaskautari

leika listir sínar, hægt verður að spreyta sig í fót-boltaspili, skoða gamla tölvuleiki og taka þátt í léttum ratleik.



## Tónleikar í Fríkirkjunni

### Fjölskyldufjör

**Allar kynslóðir** Svavar Knútur og dúettinn Dillidó halda fjölskyldutónleika í Fríkirkjunni við Tjörnina í dag klukkan 14.

Á efnisskránni verða sígild íslensk söng- og barnalög auk annars skemmtilegs efnis fyrir alla fjölskylduna.

Tónleikarnir eru haldnir með það að markmiði að sameina yngri og eldri kynslóðir á fallettri og skemmtilegri dagstund. Því er ókeypis fyrir ömmur og afa ef þau eru í fylgd með afa- eða ömmubörnum. Að sjálfsögðu er einnig ókeypis fyrir öll börn.



JÓHANNA VALA HÖSKULSDÓTTIR

„Ég áttaði mig á að ég hef kannski verið dálítið þröngsýn og kannski fókuserað meira á einhverja baráttu en samvinnu og samkennd.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Karlmenn eru frábærir

Jóhanna Vala Höskuldsdóttir ákvað að takast á við eigin fordóma í garð karlmannna og skrifa um karlmenn fyrir lokaverkefni sitt í Fræðum og framkvæmd. Hún segir verkefnið vera frelsandi.

Sigríður Björg Tómasdóttir  
sigridur@frettabladid.is

„Ég lagðist í rannsóknir á karlmönnum og það var eiginlega mjög frelsandi fyrir mig,“ segir Jóhanna Vala Höskuldsdóttir sem sýnir lokaverkefni sitt úr náminu Fræðum og framkvæmd um helgina. Verkið heitir Menn og uppákomunni er lýst sem skemmtikvöldi á heimasíðu Listaháskólans. Jóhanna Vala segist að mörgu leyti hafa verið fordómafull í garð karlmannna áður en hún lagðist í rannsóknir fyrir verkið. „Ég er fæddur femínisti ef svo má segja, uppalin við femínísk gildi og með mjög ákveðnar skoðanir á kynjamálum. Svo er ég líka

lesbía og ég áttaði mig á því fyrir nokkru að ég umgekkst karlmenn ekkert mjög mikið. En ég forðaðist líka umræður um málefni kynjanna, ég var fljót í vörn og hafði að sumu leyti ákveðið að karlmenn gætu ekki sett sig í mín spor.“

Annað kom á daginn segir Jóhanna Vala. „Ég áttaði mig á að ég hef kannski verið dálítið þröngsýn og kannski fókuserað meira á einhverja baráttu en samvinnu og samkennd. En í þessu ferli hitti ég mjög marga menn sem komu mér mikið á óvart. Ég komst eiginlega að þeirri niðurstöðu að flestir karlmenn eru frábærir,“ segir hún og hlær. Jóhanna Vala bætir við að hún eigi líka yndis-

## Átta útskrifast úr fræði og framkvæmd

Átta útskrifast úr fræði og framkvæmd. Sýningar hefjast í dag og standa fram í næstu viku. Auk Jóhönnu Völu útskrifast þau Bryndís Ósk P. Ingvarsdóttir, en hún sýnir verkið Maskínan, Hinrik Þór Svavarsson, sem á verkið Fyrirgefðu, Kristinn Sigurður Sigurðsson, sem sýnir verkið Von, Nicolaj Falck, sem sýnir verkið Arf, Ríkharður Hjörtur Magnússon með verkið Saum, Sigríður Eir Zophaníasardóttir með verkið Gylturnar og loks Theódór Sölvi Thomasson með verkið Þyrpingarfjanda. Upplýsingar um sýningartíma má finna á heimasíðu Listaháskóla Íslands, www.lhi.is.

lega bræður. „Þeir eru dásamlegir og ég er kannski í þessu ferli öllu búin að átta mig á því að við þurfum ekki alltaf að vera sam-mála.“

Jóhanna Vala lofar mjög skemmtilegri uppákomu í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem verk hennar verður frumsýnt annað kvöld klukkan átta. „Það koma

margir menn við sögu í Mönnum sem er verk sem vísar í margar áttir í leikhúsheiminum.“

Jóhanna Vala, sem er 28 ára gömul, nam sviðslistir í Glasgow og ritlist í HÍ áður en hún hélt í Fræði og framkvæmd. Hvað tekur svo við að lokinni útskrift? „Mig langar til að starfa sem listamaður og vonandi gengur það sem allra best.“

## Aðeins átta karlar hafa unnið í Eurovision

Sigurvegarar í Eurovision hafa í langflestum tilfellum verið konur, eða í 60% tilvika. Karlarnir eru langt á eftir því aðeins 13,3% sigurvegara hafa verið karlkyns. Dúettar eða hljómsveitir hafa sigrað í 26,7% tilvika.

Tölfræðin er ekki alveg okkar manni í hag í Malmö í kvöld. Aðeins rúm þrettán prósent sigurvegara í Eurovision í gegnum tíðina hafa verið karlkyns.

Sé aðeins horft á íslensku keppendurna lítur málið heldur ekki vel út, karlsöngvarar okkar hafa yfirleitt hlotið mun færri stig en söngkonurnar. Bestum árangri hafa þær Selma Björnsdóttir og Guðrún Jóhanna náð, en þær urðu báðar í öðru sæti keppinnar eins og þjóðinni er í fersku minni. Sá karlsöngvari sem næst þeim hefur komist var Björg-

vin Halldórsson sem lenti í 15. sæti árið 1995. Reyndar verður að taka með í reikninginn að Ísland hefur einungis fimm sinnum sent karlsöngvara einsamlan í keppnina svo við skulum ekki vera of fljót á okkur að dæma Eyþór Inga úr leik. Hann gæti orðið undantekningin sem sannar regluna.

### Sigurvegarar eftir kynjum

	Konur	Karlar	Hljómsveitir eða dúettar
Alls	36	8	16
%	60,0%	13,3%	26,7%

→ Fyrsta konan sem vann keppnina var Lys Assia með lagið Refrain árið 1956.

→ Fyrsti karlinn sem vann keppnina var André Claveau með lagið Dors mon amour árið 1958.

→ Fyrsta hljómsveitin sem vann keppnina var að sjálfsögðu ABBA með laginu Waterloo árið 1974.



# Grillað með Jóa Fel

Ný og glæsileg grillbók,  
stútfull af góðum uppskriftum.

Í bókinni er fjöldi uppskrifta af frábærum grillmat fyrir alla grillara.  
Bókin er í stóru broti, ríkulega myndskreytt og á fjórðahundrað blaðsíður.



Jói Fel mælir með iittala borðbúnaði  
á veisluborðið í sumar!





**nett**  
Kræsingar & kostakjör

# HUMARVEISLA



| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



# ... & ALLT FYRIR EUROVISIONPARTÝIÐ!



[www.netto.is](http://www.netto.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



# Táraðist yfir kommentakerfunum

Enginn þekkir mann betur en eiginkonan og haft er fyrir satt að það megi ráða í innræti manna af framkomu þeirra við fjölskyldu sína. Samkvæmt því þarf þjóðin ekki að kvíða forsætisráðherratíð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar því eiginkona hans, Anna Sigurlaug Pálsdóttir, segir hann traust ljúfmenni sem alltaf sé til staðar ef vandamál komi upp.

Friðrika Benónýsdóttir  
fridrikab@frettabladid.is



Við Sigmundur kynntumst á gamlárskvöld 2001. Það voru ekki liðnar nema nokkrar mínútur af 2002 þegar ég var orðin heilluð upp úr skónum," segir Anna Sigurlaug Pálsdóttir, mannfræðingur og eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Spurð hvort þetta hafi verið ást við fyrstu sýn svarar hún: „Já, veistu, ég held það bara. Allavega hvað mig varðar. Og ég er alveg heilluð enn þá.“

Hvað er svona heillandi? „Hann er svo sterkur karakter, eins og fólk er að átta sig á. Hann hefur sterkar skoðanir, er fylginn sér og það er óskaplega gaman að rökræða við hann þó maður þurfi nú stundum að vera dálítið vel undirbúinn til að taka dekk við hann. Hann hefur áhuga á öllu sem við kemur lífinu og tilverunni. Svo líður okkur bara alveg óskaplega vel saman. Við erum bæði týpur sem eiga ekkert yfirþyrmandi mikið af áhugamálum, finnst bara gott að vera saman þegar við eigum frítíma. Við ferðumst mikið, bæði hérna heima og erlendis, og þá tökum við bara einn dag í einu og látum lífið bera okkur áfram. Sigmundur er búinn að smita mig af áhuganum á borgum og húsum og þegar við erum í útlöndum leigjum við okkur oft bíl og keyrum um. Sérstaklega höfum við hrifist af austari hluta Evrópu, Póllandi, Slóvakíu og Slóveníu til dæmis. Þá keyrum við bara um í rólegheitum, skoðum borgir og hverfi og lesum okkur til um sögu lands og þjóðar. Þannig tjúnum við okkur niður og smellum saman í áhuganum á þessu.“

Anna Stella, eins og hún er alltaf kölluð, segir Sigmundur Davíð vera rómantískan og hugulsaman eiginmann. „Hann á það til að vera mjög rómantískur, já. Hann er að vísu stundum svo utan við sig að hann gleymir tyllidögum, en þegar hann man eftir þeim er hann alveg afskaplega rómantískur. Þá undirbýr hann ferðalög eða eitthvað sem hann veit að mér finnst skemmtilegt. Þegar við bjuggum úti í Oxford bauð hann mér til dæmis einu sinni á afmælinu mínu í óvissuferð til Bath. Þá var hann búinn að undirbúa allt út í æsar, ég vissi aldrei hvað var næst á dagskrá.“

## Allt byggt á rökum

Ef þú ættir að velja þrjú orð til að lýsa Sigmundi Davíð hver mundu þau verða? „Fyrstu orðin sem koma upp í hugann eru traust og heiðarleiki. Og hlýja. Þótt hann virðist stundum svolítið stífur þá er hann alveg ofsalega mikið ljúfmenni. Það er alltaf hægt að leita til hans ef maður þarf á hjálp að halda. Hann gefur sér alltaf tíma til að hjálpa og hefur skilning á því hvernig öðrum líður. Kannski virkar hann þannig að fólk treystir sér ekki til að leita til hans en þegar á reynir er hann virkilega mikill vinur vina sinna og það er hægt að trúa honum fyrir öllu, hann blaðrar aldrei neinu. Þeir sem þekkja hann minna mundu sennilega nefna skynseminna fyrst, það þarf allt að byggja á rökum. Jafnvel þegar hann er að leysa úr einhverjum tilfinningaflækjum með manni þá notar hann rökhusunina til að finna lausnir. Það virkar fínt enda gerir hann það á ljúfan og góðan hátt.“

Öllum sem ég hef talað við ber saman um að hann sé feiminn og hlédrægur, ertu sammála því? „Hann er hlédrægur og finnst vonda þægilegt að halda sér til hlés og hlusta á aðra. Eg held kannski að það komi til af því að hann vinnur við að tala og þá finnst honum gott að slaka á með því að leyfa öðrum að hafa orðið án þess að trana sér fram.“

Hann kom svakalega bratt inn í pólitíkina, hver var aðdragandinn að því? „Það höfðu samband við hann menn að austan, sem höfðu fylgst með því sem hann hafði verið að segja um skipulagsmál, þjóðfélagsmál og fleira, í desember 2008 og hvöttu hann til að ganga til liðs við framsóknarmenn með það að markmiði að taka við formennsku í flokknum. Hann tók þeirri áskorun, við gengum í flokkinn og hann bara hellti sér út í pólitíkina.“

Var hann aldrei efins um þá ákvörðun? „Nei, það held ég ekki. Hann anar aldrei út í neitt, er yfirleitt búinn að velta hlutunum



BEIÐ EFTIR STJÓRNARMYNDUN Anna Sigurlaug og Sigríður Elín eru mikið einar heima þessa dagana. Fréttablaðið/Valli

vel fyrir sér frá öllum hliðum áður en hann tekur ákvörðun. Þegar ákvörðunin er tekin stendur hann við sitt og bakkar ekki.“

## Auðvelt að sitja eftir

Það hlýtur að hafa breytt heimilislífinu töluvert mikið þegar hann varð svona áberandi í pólitíkinni? „Ójá, það gerði það. Það er aldrei lognmolla að búa með Sigmundi Davíð, það er alveg á hreinu, en flestallt sem fylgir þessu er bara skemmtilegt. Við erum búin að kynnast alveg rosalega mörgu góðu fólki og eignast fullt af ofsalega góðum vinum í kringum þetta. Þegar hann var að byrja þá hafði ég tækifæri til að ferðast með honum um allt land, enda tilkynnti hann það þegar hann tók við formennsku að hann myndi heimsækja öll aðildarfélög Framsóknarflokksins, sem hann og gerði.“

Anna Stella og Sigmundur Davíð eiga eina dóttur, Sigríði Elínu, sem er rúmlega árs gömul, það hlýtur líka að hafa breytt töluverðu.

Hefurðu ekki minna getað ferðast með honum eftir að hún kom til? „Hún er nú að verða sextán mánaða núna. Og auðvitað hef ég verið meira heima síðan hún fæddist, en ég reyni enn þá að vera með í þessu öllu. Pólitíkinni fylgir mikil vinna og mikil ferðalög og ef maður tekur ekki þátt í því með jákvæðni og gleði þá held ég að það sé auðvelt að sitja svolítið eftir. Þannig að ég tók þá ákvörðun strax í upphafi að vera með og kynnast öllu fólkinu og þegar maður gerir það þá nýtur maður þess bara að vera með í þessu.“

Hafðirðu tekið þátt í pólitísku starfi áður? „Ekki neitt. Ég hafði auðvitað velt fyrir mér pólitík og tekið ákvarðanir í aðdraganda kosninga um það hvað ég ætlaði að kjósa, en ég hafði aldrei verið í einhverjum flokki eða tekið þátt í stjórnmálastarfi áður. Þetta er allt alveg glænýtt fyrir mér. Það er margt ákaflega skemmtilegt og áhugavert og maður smitast af kraftinum í kringum þetta. Ég myndi samt aldrei sjálf fara að starfa í pólitík, ég hef ekki svo mikinn áhuga.“

## Laumaðist í tölvuna

Sviðsljósinu fylgir alls kyns illmælg og bakatal, tekurðu það nærri þér? „Ég gerði það fyrst. Tók þetta alveg óskaplega nærri mér. Ég átti til að laumast í tölvuna á kvöldin og sitja fram eftir nóttu lesandi kommentakerfin með tårin í augunum. Ég bara skildi þetta ekki og langaði helst til að hitta allt þetta fólk og segja því að við værum ekki svona



SAMA ÁHUGAMÁL Anna Sigurlaug og Sigmundur Davíð sameinast í áhuganum á borgarhverfum, húsum og sögu lands og þjóðar á ferðalögum sínum.

## Sigmundur Davíð í augum annarra

Það leyndi sér ekkert strax og maður hitti Sigmundur að hann hefur fullt af hæfileikum og sér hlutina oft frá skemmtilegum sjónarhornum, en hins vegar var hann á þeim tíma sem ég vann með honum mjög hlédrægur og það kom mér mikið á óvart að hann skyldi velja sér stjórnsmál sem starfssvettvang,“ segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, samstarfsmaður Sigmundar Davíðs á fréttastofu RÚV. „Hann er orðinn mun framhleypani í dag.“

Kristján segir Sigmundur Davíð hafa verið frægan fyrir það á RÚV að vera seinn fyrir. „Hann skákaði meira að segja mér ágætlega í því, sem er þó nokkuð erfitt. En hann er mjög skemmtilegur maður, hugmyndaríkur og þælir mikið í alls konar hlutum. Á þeim árum deildi hann hins vegar þessum þælingum sínum bara í smáskömmtum, svo maður vissi aldrei almennilega hvað hann var að hugsa.“

Þórður Karl Einarsson, hönnuður á Stöð 2, hefur þekkt Sigmundur Davíð frá því báðir voru fjögurra ára og hann er sammála Kristjáni um hlédrægnina. „Hann reyndi aldrei að vera aðal-númerið þegar við vorum krakkar og eiginlega ekki síðan heldur. Ég gat alveg séð það fyrir að hann færi í pólitík, en að hann byði sig fram til forystu, datt mér aldrei í hug.“

Þórður Karl segir þó að það sem upp úr standi varðandi Sigmundur Davíð sé skynsemin. „Hann er eiginlega eini maðurinn sem ég þekki sem var aldrei barn. Hann var alltaf svo skynsamur og aldrei hægt að fá hann með í nein þakkarastrik.“

slæm eins og það var að segja. En svo lærir maður af fólki sem er þjálfað í pólitíkinni og fer að brynja sig smám saman. Sigmundur tekur þetta ekkert inn á sig. Hann er alveg gallharður og brynjaður fyrir þessu. Að minnsta kosti þessari illmælg á kommentakerfunum. Það pirrar hann í almennri umræðu þegar verið er að fara í manninn en ekki málefni, hann vill að fólk haldi sig við málefnalega umræðu, en hann tekur þetta ekkert nærri sér. Ég er líka orðin harðari af mér og komin á þá skoðun að ef einhverjum finnst ég ekki nógu almennileg eða góð eða

eitthvað þá verður hann bara að fá að halda það, ég get ekkert gert í því.“

Nú ertu væntanlega að verða forsætisráðherrafrú, hvernig leggst það í þig? „Ef ég á að segja þér alveg eins og er þá hef ég lítið sem ekkert hugsað út í það. Þangað til það er orðið staðreynd þá heldur maður bara ró sinni og hefur báða fætur á jörðinni. En ef það verður þá bara setur maður sig í girinn og tekst á við það. Maður hlýtur að læra til hvers er ætlast af manni og það væntanlega kennir mér einhver til verka, ég hef ekki áhyggjur af því.“






# Ert þú **hlekkurinn** á milli verknáms og atvinnulífs?

Tækniskólinn auglýsir eftir öflugri manneskju í fullt starf tengils við atvinnulífið. Um er að ræða nýtt starf við skólann.

Við leitum að ferskri manneskju með góða reynslu úr atvinnulífinu, góða hæfileika í mannlegum samskiptum og góða almenna menntun sem nýtist í starfi.

Verksvið tengils við atvinnulífið er að stuðla að góðum tengslum milli fyrirtækja og skóla. Einnig er verksvið tengils að aðstoða nemendur við á fá starfsþjálfun og vinna með fyrirtækjum að skipulagi starfsþjálfunar nemendanna.

Tenglinum er einnig ætlað að virkja betur fagråd skólans og koma að skipulagningu þeirra.



Tækniskólinn er stærsti framhaldsskóli landsins og samanstendur af 13 undirskólum. Hver undirskóli hefur faglegt sjálfstæði og skólastjóri stýrir faglegu starfi hans. Tækniskólinn hefur það að markmiði að vinna náið með atvinnulífinu. Til að uppfylla það markmið starfa sérstök fagråd við hverja braut skólans þar sem saman koma fulltrúar

atvinnurekenda, launþega og fagkennara í viðkomandi grein. Hlutverk þessara fagráða er m.a. að sjá til þess að skólinn og atvinnulífið gangi í takt og að þarfir atvinnulífsins speglist í kennslu og námsframboði skólans.

Vinsamlegast sendið umsóknir með mynd og ferilskrá á [jbs@tskoli.is](mailto:jbs@tskoli.is) fyrir 30. maí nk. Nánari upplýsingar veitir Jón B. Stefánsson í síma 894 2269.

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins 

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)



## STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU TRANSFÓLKIS

1931 Fyrsta farsæla kynleiðréttingaraðgerðin á heimsvísu, svo vítað sé. Þar var líffræðilegum karli breytt í konu.

1972 Svíþjóð var fyrsta landið í veröldinni sem setti lög um transfólk. Þau voru á ýmsan hátt gölluð en var breytt til batnaðar 1. júlí síðastliðinn.

1997 Fyrsta kynleiðréttingaraðgerðin framkvæmd á Íslandi.

2007 Félagið Trans Ísland var stofnað. Það hefur verið stuðningsnet transfólks og gefið út bækling um málefni þess. Þá hafa forsvarsmenn þess veitt fræðslu í húskynnum Samtakanna 78 og farið í skóla ef óskað er.

1930

1940

1950

1960

1970

1980

1990

2000

2010

1952 Fyrsta aðgerð sem lukkaðist á Norðurlöndunum, fór fram í Danmörku. Hún var gerð á manni sem breyttist í konu. Christine Jorgensen hét hún og prýddi eftir það forsíður ótal tímarita.

1989 Fyrsta kynleiðréttingaraðgerðin á Íslandi, svo vítað sé, var gerð úti í Noregi.

1995 Anna Kristjánsdóttir vélfræðingur var annar Íslendingurinn sem gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð.

2012 Lög sem eiga að tryggja einstaklingum með kynáttunarförum, jafna stöðu fyrir lögum á við aðra voru samþykkt á Alþingi 11. júní í fyrra. Þau eru númer 57/2012.

# Fannst ég vera í röngu hlutverki

Fyrir rúmum þremur árum var **Ugla Stefanía Jónsdóttir** í hlutverki alvörugefins ungs manns sem bar nafnið Valur Stefán. Nú brosir hún við heiminum sem hávaxin stúlka með fullkominn vöxt, sítt hár og marglitar neglur. Hún er búin að fara í gegnum kynleiðréttingu og segir lífið í raun ekki hafa byrjað fyrr en það ferli hófst.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Fólk hefur sagt að ég sé allt önnur og miklu opnari og hamingjusamari manneskja eftir að ég varð kona. Þannig að þetta var algjörlega rétt skref," segir Ugla Stefanía Jónsdóttir um þá kynbreytingu sem hún hefur gengið í gegnum. Hún geislar af sjálfsöryggi þegar hún rennir löngum fingrunum gegnum sítt hárið.

Við hittumst í húsnæði Samtakanna 78 þar sem Ugla Stefanía hefur starfað sem fræðslufulltrúi. Nú er hún hins vegar á förum norður í Húnavatnssýslu ásamt kærastanum sínum að aðstoða foreldra hennar við búskap. Að sjálfsögðu er hún spurð nánar út í gæjann. „Við kynntumst í febrúar í fyrra, áður en ég fór í aðgerðina og við höfum búið saman hérna í Reykjavík. En hann er svo mikið borgararn og langar að prufa að vera í sveitinni. Hann er yndislegur strákur og styður mig alveg fullkomlega.“ Þessi umræða vekur upp spurningu um kynhvötina, hvort hún sé til staðar hjá Ugla Stefaníu, þrátt fyrir aðgerðina sem hún undirgekkst. „Já, það er ekkert vandamál hjá mér," segir hún hispurslaust en bætir við. „Oft eru samt transkonur með tiltölulega lítið af því hormóni sem eykur kynhvöt hjá einstaklingum, en það er persónubundið.“

## Sagðist vera kona fjögurra ára

Ugla Stefanía kveðst hafa leikið sér með hvað sem var sem lítill drengur. „Ég lék mér með dúkkur, bíla, pleimó og úti við, þannig að það var mjög blandað. En mér finnst myndi hvað fólk nennir að horfa mikið á leikföng og lesa í þau, eins og þau geti eitthvað vísað inn í framtíðina. Mér finnst það frekar merki um grunnhyggni af því að ég held að það skipti voða litlu máli hvaða leikföng maður leikur sér með sem barn.“

Spurð hversu gömul hún hafi verið þegar hún fór að hugsa um sig sem kvenkyns svarar hún. „Alvarlegustu þælingunum man ég eftir þegar ég svona 13 til 14 ára. Ég sá á netinu fullt af transfólki sem búið var að fara í aðgerðir og svo horfði ég líka á þátt hjá Oprah Winfrey þar sem transkona sagði frá og ég var alveg límd við sjónvarpið. Kannski var þetta hugarástand byrjað fyrr þótt ég hafi kannski ekki áttað mig almennilega á því. Frænka mín segir að ég hafi sagt við hana þegar ég var fjögurra ára að ég væri kona en ég man ekki eftir því sjálf.“

Ugla Stefanía hét áður Valur Stefán en kom opinberlega út úr skápnunum sem kona í ársbyrjun 2010 og gekkst undir aðgerð á kynfærum síðasta sumar. „Þó að ég sé búin að fara í gegnum formlegt kynleiðréttingarferli þá lýkur því í rauninni aldrei, til dæmis þarf ég alltaf að taka inn hormóna af því að líkami minn framleiðir ekki nógu mikið af kvenhormónum sjálfur og það þarf að halda þeim við. En það var mik-



„Valur Stefán var í rauninni bara nafn sem mér var gefið þannig að ég er alveg nákvæmlega sama manneskjan þótt ég heiti nú Ugla Stefanía en loksins fékk ég að vera ég sjálf.“

ill léttir að komast í aðgerðina síðasta sumar hér á Landspítalanum, það var lokaskrefið í þessu stóra dæmi," segir hún. En hvernig leið henni í strákallkamanum? „Mér leið ekki vel. Var þó aldrei greind þunglynd en ég var oft mjög djúpt hugsi af því mér fannst ég vera í röngu hlutverki.“ Hún segir lífið algerlega hafa breyst til batnaðar. „Það má segja að lífið hafi í rauninni ekki byrjað fyrr en í þessu ferli," segir hún.

Hvað skyldi henni hafa þótt erfiðast? „Að koma út úr skápnunum og byrja að lifa sem Ugla alltaf og alls staðar. Þessi félagslegu tengsl voru erfiðasti parturinn. Ég hafði svo



**DAMA** „Ég tók eftir því fyrir jólin að pabbi sagði að ég mætti vera með mömmu að baka í staðinn fyrir að koma út og hjálpa honum. Það var þínu öðruvísi viðhorf en áður.“

miklar áhyggjur af höfnun. Þetta var ekki ein ákvörðun heldur fjölda- mörög skref," segir Ugla Stefanía og kveðst hafa notið góðrar leiðsagnar. „Ég þekkti Önnu Kristjánsdóttur og ég var í sambandi við hana þegar ég var að byrja að koma út úr skápnunum. Svo er ein náskyld mér sem fór í gegnum sama ferli þannig að ég hafði sterkar fyrirmyndir og góðar manneskjur sem gátu leitt mig.“

## Enginn hvellur

Foreldrar Ugla Stefaníu eru bændur á Stóra-Búrfelli í Húnavatnshreppi. Hún segir þau hafa tekið ákvörðun hennar um kynbreytingu ótrúlega vel, miklu betur en hún hefði búist

við. „Ég hafði kviðið alveg rosalega fyrir að segja þeim þetta. Var búin að byggja upp gríðarlega sápuvílu en svo varð enginn hvellur þegar hún sprakk. Það var kannski svolítið erfitt fyrir foreldra mína að byrja að nota nýja nafnið og tala um mig alltaf í kvenkyni. Það tók alveg um ár þangað til það fór að vera alveg eðlilegt. Mamma sagði að það hefði ekki komið henni á óvart þegar ég kom út úr skápnunum en margir héldu að ég væri samkynhneigður karlmaður því ég hef alltaf verið mjög kvenleg.“ Skyldi henni ekki hafa dottið það í hug sjálfri? „Nei, það passaði einhvern veginn aldrei inn í myndina hjá mér. Ég þældi nátt-

úrlega í því af því allir voru að segja það en ég kom samt aldrei út úr skápnunum sem samkynhneigður karlmaður því að ég hef alltaf bara upplifað mig sem konu.“

Er Valur Stefán þá alveg farinn úr henni? „Valur Stefán var í rauninni bara nafn sem mér var gefið þannig að ég er alveg nákvæmlega sama manneskjan þótt ég heiti nú Ugla Stefanía en loksins fékk ég að vera ég sjálf.“

Spurð hvort hún sinni sömu störfum þegar hún kemur að Stóra-Búrfelli og hún gerði áður en hún lét breyta sér svarar Ugla Stefanía: „Já, ég hjálpa til í sauðburði, fer út að mjólka og geri allt þetta venju- ▶



# ALLT FYRIR HELGINA

Áfram Iceland!



Esja svínahnakki  
**1.099 kr. kg**



Esja lambasirloinsneiðar  
**1.599 kr. kg**

Gott á grillid  
Íslenskt kjöt



Esja svínakótelettur  
**1.099 kr. kg**



Esja lambaframhryggsvöðvi  
**2.999 kr. kg**



Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Frábærar gæðapizzur á einstöku verði



16 grænmetis vorrullur  
**399 kr. pk.**



Partiplattur, 75 bitar indverskir og kínverskir.  
**999 kr. pk.**  
75 BITAR



Frábært úrval af pizzum. Verð frá:  
**299 kr. stk.**



Coca Cola 33 cl 12 dosir  
**999 kr. ks.**



Stór dós 500 ml

React orkudrykkur 500 ml  
**99 kr. stk.**



Lúxus svampertta, fyrir 20 manns  
verð áður 1.299 kr.  
**999 kr. pk.** 1,3 kg



Vanillús 2 l, verð áður 499 kr.  
**299 kr. pk.**

**NAMMI LAND**



50% afsláttur í Nammi Landi Iceland á laugardögum

Opnunartími um helgina

Laugardagur 9–20

Mánudagur 9–20

Sunnudagur Lokað

Nýtt kortatímabil!

Iceland



**KYNÁTTUNARVANDI**

er skilgreindur í íslenskum lögum sem „upplifun einstaklings frá unga aldri sem telur sig hafa fæðst í röngu kyni og óskar að tilheyra hinu kyninu“.

**PRJÁTÍU OG TVEIR**

**ÍSLENDINGAR** hafa fengið nafnabreytingu í Þjóðskrá Íslands vegna kynleiðréttingar.

**HEIMILDARMYNDIN HRAFNHILDUR,**

sem frumsýnd var á Gay Pride daginn 2012, fjallar um kynleiðréttingarferli Hrafnhildar Guðmundsdóttur sem áður hét Halldór Hrafn. Höfundur myndarinnar er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

**TUTTUGU OG FIMM**

**ÍSLENDINGAR**, að talið er, hafa gengist undir kynleiðréttingaraðgerðir. Níttján þeirra hafa verið framkvæmdar hér á landi. Gunnar Kratz hefur gert þær flestar.

**Margrét de Leon Magnúsdóttir**

er móðir þrettán ára stúlku sem er líffræðilega fædd dregur en hefur sagst vera stelpa frá því tveggja ára aldri. Margrét hefur stofnað hóp á fésbókinni sem nefnist Hin börnin. „Þetta er ekki félag heldur fésbókarsíða sem ég setti á laggirnar til að foreldrar barna með kynáttunarfara gætu verið í sambandi,“ segir hún.

Stúlkan valdi sér nafnið Freyja Dögg og móðir hennar segir alla þekka hana undir því. „Dóttir mín upplifir sig sem stúlku og hefur alltaf gert. Við leyfum henni að vera hún sjálf og njóta sín eins og hún er þó svo faðir hennar kalli hana hana enn drengjanafninu Mícael. Hún hagar sér í fyllsta máta eins og eðlileg stelpa, klæðist kjólum og hangir með sínum vinkonum. Hún segir sjálf að hún ætli í aðgerð þegar hún verði átján ára og vilji hafa mig hjá sér á spítalanum.“

► lega. En ég tók samt eftir því fyrir jólin að pabbi sagði að ég mætti vera með mömmu að baka í staðinn fyrir að koma út og hjálpa honum. Það var þínu öðruvísi viðhorf en áður.“

Ugla Stefanía segir vini hennar og kunningja hafa líka viðurkennt hana strax sem konu. „Ég get ekki kvartað,“ segir hún. „Ég býst við að það hafi hjálpað hvað ég var sjálf staðföst í að fara í leiðréttingarferlið, þá átti fólk erfiðara með að setja út á þá ákvörðun mína. Ég samt hef alveg heyrt ýmislegt en læt það lítið á mig fá. Námsráðgjafinn minn í Verkmenntaskólanum á Akureyri var í því að styrkja mig, sagði að ég væri komin skrefi á undan öllum með þetta og þess vegna hefði fólk miklu minna tækifæri til að dæma mig. Þannig að það hjálpaði mér örugglega hvað ég var opin og óhikandi.“

**Snýst um velferð einstaklings**

Ugla segir hægt að skipta leiðréttingarferlinu upp í þrjú stig. „Fyrsta skref er að segja vinum og vandamönnum hvað til stendur, velja sér nýtt nafn, byrja að ganga undir því nafni og lifa í sínu rétta hlutverki alls staðar, alltaf. Það tekur minnst hálf til eitt ár. Á Landspítalanum er eftirlit með einstaklingnum og þar er metið hvernig honum gengur að fóta sig í nýju hlutverki. Þegar hann er tilbúinn getur hann farið í hormónamedferð og tekur þá inn kynhormón, annaðhvort karl- eða kvenhormón eftir því hvort hann er að leiðrétta kyn sitt í karl eða konu. Það er í raun svólitid eins og að fara á kynþroskaskið aftur nema tekur bara miklu styttri tíma en það fyrra og veldur enn meiri sveiflum. Líkamsbreytingarnar sem hormónarnir valda eru mjög miklar, það eru auðvitað þær sem er verið að reyna að ná fram en þær geta valdið skapsveiflum og alls konar tilfinningarússibana hjá fólki. Samkvæmt hinum nýju lögum frá 2012 um réttarstöðu transfólks verður það að vera minnst 18 mánuði í meðferð áður en það má fara í aðgerð. Sænski skurðlæknirinn Gunnar Kratz kemur á hverju ári og framkvæmir þær aðgerðir.“

Ugla Stefanía kveðst hafa þurft að borga allt nema sjálfa kynleiðréttingaraðgerðina sem sé greidd af sjúkratryggingum. „Svona aðgerð snýst um velferð einstaklings, í raun getur hún snúist um líf eða dauða. Í Bandaríkjunum verður fólk sjálft að greiða fyrir aðgerðirnar og sjálfsmorðstíðni hjá transfólki er þar gríðarlega há, því það hefur einfaldlega ekki efni á að láta breyta sér en treystir sér ekki til að lifa í sínum umbúðum.“

**Breytti röddinni**

Ekki kveðst Ugla Stefanía muna eftir að hafa farið í mútur sem unglíngur enda hefur hún eðlilega kvenmannsrödd. Skyldi röddin hafa breyst með hormónatökunni eða þurfti hún frekari hjálp? „Hormónar hafa mjög lítil áhrif á rödd þannig að margar transkonur fara í raddþjálfun til talmeinafræðings. Ég gerði það ekki sjálf því ég hef alltaf verið með tiltölulega kvenlega rödd. Samt tók ég ákvörðun um að beita röddinni aðeins öðruvísi.“

Ugla er formaður Trans Ísland sem er félag transfólks á Íslandi. Í því eru milli 30 og 40 félagsmenn skráðir en hún telur það lítið brot af þeim sem ættu þar heima. „Transfólk er fleira en við gerum okkur grein fyrir en það er alltaf að koma nýtt og nýtt fólk til okkar og ótrúlega mikið að gerast í transmálefnum.“

# Göfugt að frelsa fólk úr fjötrum

Hinn sænski **Gunnar Kratz**, prófessor í skurðlækningum í Linköping, hefur síðustu daga gert fimm kynleiðréttingaraðgerðir hér á landi. Hann vill láta fólki líða vel í sínum kroppi.

„Íslenskum konum fjölgaði um fimm nú í vikunni en körlum fækkaði að sama skapi,“ segir sænski skurðlæknirinn Gunnar Kratz, prófessor í Linköping, sem hefur dvalið hér á landi undanfarna daga og gert kynleiðréttingaraðgerðir á fimm einstaklingum. Hver skurðaðgerð tekur um tvo og hálfan tíma og tvo daga í þessari viku gerði hann tvær á dag. Gunnar hefur nánast sérhæft sig í svona lækningum og þetta er fjórða ferð hans til Íslands í þeim erindagjörðum á síðustu þremur árum. Í þeim heimsóknum hefur hann breytt kynfærum níttján einstaklinga og þannig hjálpað þeim að finna sig í réttum líkama en þess má geta að á tímabilinu 2001 til 2009 voru engar aðgerðir framkvæmdar hér. „Það var uppsöfnuð þörf hér á Íslandi því kynáttunarfara fara ekkert í burtu heldur bíða bara ef engar aðgerðir eru gerðar í mörg ár,“ segir Gunnar.

**Bjargar lífi margra**

Í Svíþjóð fjölgaði kynleiðréttingaraðgerðum stöðugt frá miðjum tíunda áratugnum og fram á miðjan áratug 21. aldar en nú er komið jafnvægi á, að sögn Gunnars. Um 50 til 60 Svíar fara árlega í þær og einnig kemur fólk hvaðanæva að úr heiminum til að gangast undir þær. Gunnar hefur gert nokkrar aðgerðir í Noregi en segir fyrirhugað að kenna skurðlæknum þar og jafnvel á Íslandi handtökin við þær.

Strax í skurðlæknanáminu kveðst Gunnar hafa fengið áhuga á kynleiðréttingaraðgerðum. „Mér finnst gott að gera aðgerðir á frísku fólki og



**SKURÐLÆKNIRINN** Þegar karlmanni er breytt í konu þá höfum við gnægð af efni til að vinna með en þegar konu er breytt í mann þá vantar okkur efni. Það er vandamálið,“ segir Gunnar Kratz prófessor.

göfugt að frelsa það úr fjötrum sem það er í, jafnvel bjarga þannig lífi þess því sjálfsmorðstíðni er há hjá þeim sem vakna á hverjum morgni í vitlausum líkama.“ Hann kveðst ekki líta svo á að hann breyti ímynd fólks og persónuleika heldur sé hann einmitt styrkja persónuleika einstaklinganna með aðgerðinni og láta þeim líða vel í sínum kroppum.

**Transkarl gæti haldið leginu**

„Þetta er það sem allir spyrja um,“ segir Gunnar þegar hann

er spurður hvort erfiðara sé að breyta konu í karl en öfugt. Svo kemur svarið. „Þegar karlmanni er breytt í konu þá höfum við gnægð af efni til að vinna með en þegar konu er breytt í mann þá vantar okkur efni. Það er vandamálið. Við höfum úr tveimur aðferðum að velja en hvorug er fullkomin. Það er auðvitað hægt að taka hluti eins og húð og fitu af líkamanum hvar sem er, bæta silíkoni við og búa til stóran lim og kröftugan en sem vantar alla kynferðislega næmni. Önnur aðferð snýst um að stækka sníp-

„Það var uppsöfnuð þörf fyrir þessar aðgerðir hér á Íslandi því kynáttunarfaramál fara ekkert í burtu heldur bíða bara ef engar aðgerðir eru gerðar í mörg ár.“

inn í kynfærum konunnar með testosteróni, hann lítur þá út eins og typpi sem hægt er að pissa með en verður aldrei stærri en þumalfingur. Hins vegar hefur hann kynferðislega tilfinningu. Í Svíþjóð kjósa um 80% transmanna þann litla.“

Karl sem breytir sér í konu getur ekki fætt barn því legið vantar. Gunnar segir hins vegar konu sem breytir sér í karl geta haldið sínu legi og borið barn undir belti. „En það væri óneitanlega hjákátleg sjón,“ segir hann brosandí.

## Mesta breyting sem nokkur einstaklingur getur gert á lífi sínu

Einn af hverjum tíu þúsund körlum og fimmtíu þúsund konum fæðist í röngum líkama. Enginn Íslendingur hefur aðstoðað jafn margt fólk í þeim sporum og **Óttar Guðmundsson** geðlæknir.

„Ég fór fyrir hreina tilviljun að aðstoða transfólk um 1998 og vissi þá hreinlega ekkert um þennan málaflokk. Síðan hef lagt mig fram um að kynnast því, fara á ráðstefnur og lesa mér til. Ég var einn framan af en nú erum við, með nýjum lögum frá Alþingi, komin með nefnd hjá Landspítalanum um málefni þessara einstaklinga og ég er bara hluti af henni þannig að nú koma miklu fleiri að þessu starfi en áður,“ segir Óttar Guðmundsson geðlæknir.

**Faðir á háum hælum**

Ekki kveðst Óttar sjá um að greina hvoru kyninu fólk tilheyrir, þá ákvörðun hafi það tekið áður en það komi til hans.

„Ég hef aldrei greint fólk með kynáttunarfara sem vissi ekki af því sjálft. En auðvitað kemur fólk með gríðarlega mikla vanlíðan, þótt hún sé mismikil. Það er

erfitt að ganga með þá bjargföstu tilfinningu að vera í röngum líkama. Ég sem læknir fylgist með þeim einstaklingum sem fara í kynleiðréttingarferli, hvernig þeim líður og hvernig breytingin gengur fyrir sig. Fólk fer líka í viðtöl við sálfræðing, iðjuþjálfara, talmeinafræðing og hormónalækni.“ Óttar segir einnig þörf að sinna aðstandendum. „Sumir þessir einstaklingar eiga börn og þeim er sinnt á Barna- og unglingageðdeild ef þörf er. Það er mikil breyting fyrir barn ef föðurmyndin er allt í einu komin í kjól og á háa hæla.“

Óttar segir kynferði og kynvitund hugtök sem í langflestum tilfellum fari saman, „En það er þessi litli hópur, hjá körlum kannski einn af hverjum tíu þúsund og hjá konum ein af hverjum fimmtíu þúsund, sem hafa ekki kynvitund í samræmi við sitt kynferði. Á síðustu árum er það

vandamál að verða viðurkenndara í samfélaginu og fólk leitar sér hjálpar yngra en það gerði, allt niður í börn, rétt innan við fermingu.“

**Lífsgæðin aukast**

Eru einhver sérstök andleg ein-kenni sem fylgja því að fæðast af röngu kyni? „Nei, bara sterk tilfinning fyrir því að vera ekki ein heild, heldur undir röngum formerkjum í lífinu. Enda kemur í ljós að árangur af leiðréttingaraðgerðunum er einstaklega góður, mældur í lífsgæðum þessara einstaklinga.“

Óttar segir útilokað fyrir fólk að komast í kynleiðréttingu ef það misnotar vímuefni. „Fólk verður að halda sér edru í að minnsta kosti ár til að komast inn í leiðréttingarferlið, það tekur svo mikið á. Þetta er svo mikil breyting, í raun mesta breyting sem nokkur getur gert á lífi sínu.“



**GEÐLÆKNIRINN** „Það er erfitt að ganga með þá bjargföstu tilfinningu að vera í röngum líkama,“ segir Óttar sem hefur sérhæft sig í aðstoð við transfólk á síðustu árum.



4G

NETIÐ  
hjá NOVA

# OFUR HRADDI OFUR EINFALT

Fáðu 4G box hjá okkur og komdu heimilinu í ofurgott netsamband.

**4G box**

**1.690 kr** /mán. í 12 mán.

með þjónustusamningi í áskrift.

Fullt verð í áskrift og frelsi: **2.190 kr./mán.**


**4G netþjónusta Nova**

Fyrsti mánuðurinn á 0 kr.

15 GB  
**3.990 kr.**

50 GB  
**4.990 kr.**

100 GB  
**5.990 kr.**



**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Þjónustusamningur í áskrift er til 6 mánaða, greitt með kreditkortu auk 325 kr. greiðsludreifingargjalds. Fyrsti mánuðurinn á 0 kr. í áskrift en í frelsi færðu 1 GB fyrsta mánuðinn. **Nánari upplýsingar á [nova.is](http://nova.is).**

**NOVA**





**Nýtt kortatímabil!**

**EUROVISION**  
frábær grillveisla  
- áfram Ísland!



**25%**  
afsláttur



**35%**  
afsláttur

**2989** kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg  
Ungnauta entrecote, erlent



**2168** kr. kg

Verð áður ~~2898~~ kr. kg  
Ungnauta innralæri



**30%**  
afsláttur



**1189** kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg  
Grísahnakki á spjóti, hvítlauks- og rósmarín marineraður

**30%**  
afsláttur



**1189** kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg  
Grísahnakki á spjóti, New York - marineraður



**3868** kr. kg

Lambafille með fiturönd



**12**  
í kassa

**998** kr. kassinn

Ferðafélaginn Coke eða Coke Light  
33 cl x 12 stk.



**35%**  
afsláttur

**199** kr. pk.

Verð áður ~~309~~ kr. pk.  
Stjörnu Party Mix, 2 tegundir



**228** kr. pk.

Góu Prinsbitar, Aðibitar og Hraunbitar



## LAMBALÆRI - fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarín eða trönuberja og eplamarín eða!



# GRILLUM saman!

# 30% afsláttur



# 1398

kr.  
kg

Lambalæri með trönuberjum og eplum



# 1189

kr.  
kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg  
Grísahnakki, úrb. sneiðar, erlendar



# 2099

kr.  
kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakking



# 798

kr.  
kg

Krónu kjúklingur, heill



# 398

kr.  
pk.

Ungnautahamborgarar, 2 x 120 g



# 5999

kr.  
stk.

Grillað með Jóa Fel

## Grillað með Jóa Fel

Ný og stórglæsileg grillbók sem kemur öllum í rétta grillskapið.



Jói Fel áritar  
nýju grillbókina í  
Krónunni Lindum  
í dag milli kl. 12-14

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



# HVERJIR DREKKA HVAR?

Barflóra bæjarins tekur stöðugum breytingum, eins og flest annað í þessum heimi, og slíkt hið sama gera fastagestir staðanna. Hvar drekka femínistar-nir, rappararnir og skinkurnar? Hvert fara menntaskólakrakkarnir og íþróttafólkið? Geta lögfræðingar og listaspírur hangið saman án þess að til átaka komi? Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hverjir væru eftirsóttustu, heitustu og skemmtilegustu barir höfuðborgarinnar og eins hvaða hópar og hvers konar fólk venur komur sínar á hvaða staði.

## → 1. Slippbarinn (Icelandair hotel)

Tryggvagata  
Lífskúntnerabar, dýrir en góðir kokteilar. Rekst nær pottþétt á smartlandsvinkonurnar og Arnar Gauta.  
**Happy hour: 16-18**

## → 2. Austur

Austurstræti  
Gills og Gurrí eru með fast borð, fasteignasalar áberandi.  
**Happy hour: Fim.-lau. 20-00**

## → 3. Harlem

Tryggvagata  
Listafólk og hipsterar frá 20 til 30 ára. Arfleifð Sirkús og Karamba.  
**Happy hour: 16-22**

## → 4. Dolly

Hafnarstræti 4  
Menntaskólakrakkar í bland við atvinnudjammara, handrukka, íþróttafólk og einstaka b-seleba. Magnað fjúsjón. Mismunandi eftir kvöldum hvernig stemningin er.  
**Happy hour: Pri.-lau. 16-18**

## → 5. Loftið

Austurstræti  
Nýr staður (gamla La Primavera). Fólk á aldrinum 35 og upp úr, fínir kokteilar.

## → 6. Micro bar

Austurstræti  
Vel geymt leyndarmál. Þínu-ífill hótélbar í Austurstræti með frábært úrval af bjór. Lokar snemma en frábær til samræðna.  
**Happy hour: 16-19**

## → 7. Laundromat

Austurstræti  
Háskólanemar og einstæðar mæður. Margir byrja þar áður en lengra er haldið enda lokar klukkan 3.

## → 8. Úrilla Górilla

Austurstræti  
Sportbar. Hresst lið úr Grafarvogi enda er boðið upp á rútuferðir úr hinu útibúinu, sem er í Grafarvogi.

## → 9. Prikið

Bankastræti  
Sérleg félagsmiðstöð allra rappara Íslands, þekktra og óþekktra. Hittir bókað Erp, Gísli Pálma og Emmsjé Gauta. Sterkur fastakúnnahópur.  
**Happy hour: 16-20**

## → 10. Næsti bar

Ingólfsstræti  
Fjúsjón blanda af fólkum sem gefst upp á að bíða í röð inn á aðra staði og endar einhvern veginn þarna inni.

## → 11. Danski barinn

Ingólfsstræti  
Femínistar, fyllibyttur og fótboltaáhugamenn. Alltaf b-seleb á svæðinu.  
**Happy hour: 16-19**

## → 12. B5

Bankastræti  
Handboltastjórnur, fótbolta-menn, viðskiptafræðinemar, Verzlónemar, Garðbæingar, einstaka flugfreyjur og aðrar skinkur.  
**Happy hour: 16-22**

## → 13. Ellefan

Hverfisgata  
Rokkhundar og ungar stelpur.

## → 14. Kaffibarinn

Bergstaðastræti  
Enn þá vinsælasti staðurinn í bænum. Fastakúnnarnir eru þeir sömu og fyrir tíu árum síðan og hanga þarna flest kvöld. Eldri kúnnahópur (25-40) á virkum kvöldum og yngist svo upp um helgar.

## → 15. Ölstofan

Vegamótastígur  
Gamlar byttur, leikarar og blaðamenn.  
**Happy hour: 17-19**

## → 16. Vegamót

Vegamótastígur  
R&B-skinkur og alls konar stuðboltar.

## → 17. Kíkí-bar

Laugavegur  
Litríkur homma- og lesbústaður.

## → 18. Dillon

Laugavegur  
Rokkbar fyrir lengra komna.  
**Happy hour: 16-20**

## → 19. 10 dropar

Laugavegur  
Besti barinn ef maður vill eiga rólega kvöldstund þar sem hægt er að ræða málin. Gott úrval af víni og íslenskum bjór. Vinstrisinnad fólk á öllum aldri sækir staðinn.

## → 20. Kaldi

Klapparstígur  
Hann er fyrir allt og alla og alltaf pakkaður á happy hour. Lögfræðingar og listaspírur hanga þar án þess að til slagsmála komi. Svo læðist alltaf einn róni inn þess á milli.  
**Happy hour: 16-19**

## → 21. Live pub

Frakkastígur  
Gæsapartí, ratleikir, vinnustaðir og saumaklúbbar í karóki.

## → 22. Kex

Skúlagötu  
Alls konar fólk rekur inn nefið á Kexi sem er fyrirtaks staður til að hefja kvöldið.





40.000  
hjálmar



fyrir 7 ára  
Óskabörni  
þjóðarinnar  
- frá 2004



## Höfum hjálminn alltaf í umferð

Eimskipafélag Íslands og Kiwanishreyfingin færa öllum í 1. bekk reiðhjólshjálmi að gjöf í samstarfi við grunnskóla landsins eins og undanfarin 9 ár. Mörg dæmi eru um að hjálmar hafi bjargað barnslífi eða komið í veg fyrir slys. Foreldrar eru hvattir til að minna Óskabörn þjóðarinnar á öllum aldri á að nota hjálm þegar þau fara út í umferðina og sýna gott fordæmi með því að nota sjálfir hjálm.

Ónotaður hjálmur tryggir ekki öryggi neins.



40.000 kollar  
á 9 árum

 Fylgstu með Óskabörnum á Facebook

Kiwanis

 **EIMSKIP**  
YFIR HAFIÐ OG HEIM

FIGON / SIA P106647



# Snýst um að ná samhljómi

**Margrét Pálmadóttir**, söngkona og kórstjóri, er kona sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Hún hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í ár í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar fyrir starf sitt með kvennakórum og hvernig hún hefur sameinað margar kynslóðir kvenna innan þeirra. Margrét átti sérstæða æsku og segir þá reynslu hafa mótað sig sem félagsveru.

**Fríðrika Benónýsdóttir**  
fridrikab@frettabladid.is



Ég er í eldhúsinu,“ heyrir kallað innan úr iðrum sönghússins Domus vox þegar blaðamann ber að garði. Þar stendur Margrét Pálmadóttir önnu kafin við að rista brauð, skera ost og búa til kaffi. Kaffivél-in var það fyrsta sem hún keypti þegar sönghúsið varð að veruleika. „Ég er svo mikið fyrir allt óhollt,“ segir hún og hlær. „Skil ekki hvernig fólk þorir að láta börnin sín í kóra hjá mér.“

Margrét hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar fyrir starf sitt í kórum kvenna og það er vel við hæfi því í kórnum sem hún stjórnar og í söngskólanum eru konur og stúlkur frá fimm til 75 ára. Kvinnakór Reykjavíkur, sem hún stofnaði ásamt fleirum árið 1993, á einnig tuttugu ára afmæli í ár og þótt Margrét sé ekki lengur þar við stjórnvölinn tekur hún þátt í að fagna afmælinu, meðal annars á tónleikunum Frá konu til konu sem haldnir voru í Hörpu þann 7. apríl.

## Reynsla af fordómum gerir mann sterkari

Margrét er fædd á Húsavík en líf hennar tók óvænta stefnu þegar hún, tveggja ára og átta mánaða gömul, var tekin frá móður sinni og vistuð á barnaheimilinu á Silungapólli. „Það hefur aldrei neinn getað sagt mér neitt af viti um það hvernig það kom til,“ segir hún. „Mamma var svolítið öðruvísi – eins og ég – og hún og pabbi kunnu ekkert að vera hjón. Mamma fór frá honum og hefur greinilega ætlað að hjarga einhverju af börnunum þannig að hún tók mig með sér. Ég man auðvitað ekkert eftir þessu en í fyrra þegar vistheimilisbörnunum bauðst hjálp frá ríkinu þá þáði ég það. Mér fannst ég reyndar ekkert þurfa að bæta neitt upp, átti yndislega æsku, en var svo glöð fyrir hönd hinna. Ákvað samt að fara og tala við Guðrúnu Ógmundsdóttur, sem leiddi þetta starf, og var bara rétt komin inn úr dyrunum hjá henni þegar ég skildi hvers vegna það fyrsta sem maður sá þar inni var kassi fullur af snýttubréfum. Þegar maður opnar á þessari tilfinningar, sem maður vissi ekki einu sinni að maður hefði, þá opnast bara heilt Pandórabox. Tilfinningarnar eru allar þarna og líkaminn man þær þótt hugurinn hafi gleymt þeim. Hluti af aðstoð ríkisins var að boðið var upp á sálfræðiaðstoð sem ég nýttí mér og það var alveg ótrúlega gott.“

Margrét er á því að þessi reynsla hafi átt þátt í því að gera hana að þeirri tilfinningu félagsveru sem hún er. „Þessi reynsla, sem þú upplifir seinna að hafi litast af fordómum, gefur manni sterkari

vitund um það sem betur má fara í samfélaginu. Það er bara allt í lagi að lifa lífi sínu á annan hátt en fjöldinn. Ég varð til dæmis ófrísk sextán ára og mamma nýorðin sautján, sem mörgum þótti nú ekki í lagi. Þetta hefur mótað mig mikið. Fyrir utan baráttuna fyrir kvennakórnum hef ég verið ötul í kvennabaráttunni og stofnaði á sínum tíma foreldrafélag samkynhneigðra, nenni bara alls ekkert að biðjast afsökunar á því að eiga samkynhneigðan son eins og mér finnst sumir ætlast til. Og ég vil berjast fyrir þessum mannréttindum innan kirkjunnar. Ég er trúuð og hef alltaf verið, sæki mikinn styrk í trúna, og vil að kirkjan sé leiðandi í þessum málum.“

## Köllun að syngja með konum

Margrét þurfti ekki að dvelja lengi á Silungapólli því föðurbróðir hennar og eiginkona hans tóku hana að sér og ólu upp sem eigin dóttur. Með þeim flutti hún frá Húsavík til Hafnarfjarðar þar sem söngferillinn hófst í Kór Óldutúnsskóla og kirkjukór Hafnarfjarðar. Leiðin lá síðan í sögnám hér heima og síðan í Vínarborg og á Ítalíu. Árið 1993 urðu síðan þáttaskil í lífi hennar þegar hún gekkst fyrir stofnun Kvinnakórs Reykjavíkur. „Það er köllun mín að syngja með konum. Byrjaði með kórskóla í Kramhúsinu á sínum tíma og smám saman fórum við að syngja alls konar tónlist. Þegar svo kom að stofnun Kvinnakórsins 1993 mættu 120 konur sem mér þykir alltaf jafn mikið undur. Það hefur gengið á ýmsu síðan en aðalstríðið hefur samt átt sér stað inni í konunum sjálfum. Það eru svo margar konur sem efast um að þær geti sungið og þora ekki að láta rödd sína heyrast. Það er bull. Það geta allir sungið – gera það bara misjafnlega vel.“ Margrét segir starf í kór um margt síðan hjónabandi. „Þetta snýst allt um að ná samhljómi og hlusta eftir röddum annarra. Stilla saman strengina. Það þýðir ekkert að láta vaða á súðum og taka ekki tillit til hinna. Eins og í hjónabandi snýst þetta um að gefa og þiggja í réttum hlutföllum.“

## Börnin þurftu að elta

Eftir stofnun kórsins má segja að örlög Margrétar hafi verið ráðin. Allt hennar líf síðan hefur meira og minna snúist um kórstarfið og árið 2000 stofnaði hún í félagi við aðra sönghúsið Domus vox sem sameinar undir einu þaki söngskóla og kórastarfsemi. Og nú hefur hún sjálf fengið að upplifa það sem hún hefur verið að styðja konur í undanfarna tvo áratugi – að fá að syngja með dætrum sínum. „Já, loksins! Þær eru hvor sínum megin við tvítugt og þær koma með í kórferðalagið til Ítalíu í sumar í fyrsta skipti.“

Dæturnar, Sigríður Soffía og Matthildur Guðrún, starfa auk þess báðar við söngskólann og nýverið bættist þriðja barn Margrétar í þann góða hóp sem þar



**SÖNGKONAN** Margrét hefur sungið frá unga aldri og segir allar konur geta sungið ef þær bara þora.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TVÆR KYNSLÓÐIR** Þrjú af fimm börnum Margrétar vinna nú við söngskólann með henni, Sigríður Soffía, Matthildur Guðrún og Marius Hermann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

starfar þegar Marius sonur hennar var ráðinn þar kennari. Hinir synirnir tveir, Hjalti Þór og Kristján Helgi, eru hins vegar fjarri góðu gamni. Fimm börn í allt, hvernig hafði hún tíma til að eignast þau? „Það tók enga stund að búa þau til og ekkert mikið lengri tíma að fæða þau,“ segir Margrét og skelli-hlær. „Síðan hafa þau bara orðið að elta mig í því sem ég er að gera eins og lömbin.“

Eiginmaður Margrétar er Hafliði Arngrímsson dramatúrg. „Við kynntumst úti í Vínarborg þar sem við vorum bæði í námi og vorum

mjög góðir vinir í nokkur ár, án þess að vera í ástarsambandi. Svo gerði ég mér bara lítið fyrir árið 1988 og bað hans og síðan höfum við verið saman.“

Fyrir utan starfið með kórnum og í söngskólunum er alltaf nóg að gera hjá Margréti sem er á leið til Ítalíu í sumar með kóra, eins og hún hefur reyndar gert flest sumur. „Það verða 45 konur með í ferðinni, sú elsta rúmlega sjötug og sú yngsta ellefu ára. Þannig að ég tel mig vera vel að því komna að hljóta verðlaun fyrir að tengja saman kynslóðirnar.“

„Það tók enga stund að búa þau til og ekkert mikið lengri tíma að fæða þau. Síðan hafa þau bara orðið að elta mig í því sem ég er að gera eins og lömbin.“

## FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

Margrét stjórnar tveimur kvennakórum fyrir konur 18 ára og eldri, Vox feminae og Cantabile, Stúlnakór Reykjavíkur, sem skiptist í fjóra kóra eftir aldri stúlnanna og dómukór fyrir 16 til 25 ára konur. Auk þess var það hún sem stofnaði kórinn Senjorítur þar sem konur eldri en 60 ára syngja.

Að auki rekur hún í félagi við aðra kór- og söngskólann Domus vox þar sem er nemendur frá fimm ára aldri og upp úr. Skólinn á eigið húsnæði við Laugaveg og er það eina sönghús landsins í eigu kvenna.

Meðal verkefna sönghússins er söfnun og varðveisla ljóða og tónlistar eftir íslenskar konur í gegnum aldirnar auk þess sem kórarnir fá gjarnan íslensk tónskáld af kvenkyni til að semja fyrir sig bæði tónlist og texta.





# ALVÖRU GRILLPARTÍ



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 440 mm  
1 brennari

**49.900 KR.**  
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mán.



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 450x470 mm  
2 brennarar

**79.900 KR.**  
Léttgreiðslur **13.317 KR.** í 6 mán.



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 670x470 mm  
3 brennarar

**129.900 KR.**  
Léttgreiðslur **21.650 KR.** í 6 mán.



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 790x470 mm  
4 brennarar

**159.900 KR.**  
Léttgreiðslur **26.650 KR.** í 6 mán.



**CAMPINGAZ EL PRADO**  
Grillflötur 450x600 mm  
2 brennarar

**19.990 KR.**  
**VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.**  
Léttgreiðslur **3.332 KR.** í 6 mán.



**COLEMAN FERÐAGASGRILL**  
Grillflötur 630x380 mm  
2 brennarar

**49.900 KR.**  
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mán.



**GASGRILL ELLINGSEN 3**  
Grillflötur 600x450 mm  
3 brennarar

**54.000 KR.**  
**VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.**  
Léttgreiðslur **9.000 KR.** í 6 mán.



**GASGRILL ELLINGSEN 3S**  
Grillflötur 600x450 mm  
3 brennarar

**64.900 KR.**  
**VERÐ ÁÐUR 98.900 KR.**  
Léttgreiðslur **10.817 KR.** í 6 mán.

**25% AFSLÁTTUR  
AF AUKAHLUTUM OG GASI  
ÞEGAR KEYPT ERU GRILL**




**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)







# VERÖLDIN SÉÐ ÚR BRÚNUM SÓFA

Á mánudagskvöld kynnumst við bakgrunni Carls Carlssonar sem á sér dularfullar íslenskar rætur. Carl er persóna í þáttunum um Simpsons-fjölskylduna, vinnufélagi Hómers. Sögusviðið færir til Íslands, hljómsveitin Sigur Rós sér um tónlistina í þættinum og kemur fram í honum gul á lit. Af þessu tilefni veltir Guðni Tómasson fyrir sér heimssýn fjölskyldunnar.

**F**rá því að Simpsons-fjölskyldan kom fyrst fram árið 1989 eru þáttaraddirnar orðnar tuttugu og fjórar og þættirnir fimm hundruð og þrjátíu. Fjölskyldan er sú langlífasta í bandarísku sjónvarpi, enda vinnur tímans tönn seint á persónunum.

Í öll þessi ár hefur fjölskyldan sest í brúna sófann fyrir framan sjónvarpstækið og glápt, rétt eins

og við glápum á þau. Imbakassanum var reyndar skipt út fyrir flatskjá þegar þættirnir voru sendir fyrst út í háskerpu um leið og ferðalag „myndavélarinnar“ um bæinn var betrubætt.

Þættirnir spegla margar hliðar á lífinu í Bandaríkjunum. Innan hvers þáttar rúmast yfirleitt formáli, krísa og úrlast. Handritshöfundar miðla ýmsum fróðleik og skoðunum sínum um banda-

**„You know what this reminds me of? My Icelandic boyhood“**

(Carl Carlsson)

rískt samfélag og þar koma áreksstrar milli menningarheima að góðum notum. Slíkir áreksstrar eru í raun eitt af aðalþemum fjölskyldunnar.

## Á FERÐALAGI

Afstæði í tíma og rúmi er dýrmætur eiginleiki þáttanna. Taka má náttúrulög málin fyrirhafnarlaust úr sambandi, persónurnar eldast ekki (nema þegar horfið er til fortíðar eða framtíðar) og þær geta ferðast hvert sem er.

Þótt Hómer vilji helst sitja við sjónvarpið, Bart djöflist áfram og aðeins mæðgurnar Marge og Lísá sýni metnað í öðru en óþekkt eða klaufaskap, þá er fjölskyldan ótrúlega víðsigld, enda þrjú flug til Indlands á hverjum degi frá alþjóðaflugvelli Springfield. Fjölskyldan er ansi oft í útlöndum og þá er fjandinn laus. Vandinn er að í næsta þætti eru þau aftur á byrjunarreit og víðsýnin ekkert meiri.

Hómer er hrifinn af því sem er honum framandi á þessum ferðalögum og hann reynir yfirleitt að tileinka sér hætti heimamanna áður en sígur á ógæfuhliðina. Í Japan drekkur hann te og klæðist kimonó í pappírsfangelsi og á Copacabana-ströndinni í Ríó valsar hann um á skelfilega lítili sundskýlu.

Ferðalagaþættirnir eru byggðir á klisjum um þjóðir sem ýmist standast eða ekki. Á Írlandi, þangað sem Hómer og afi Simpson fljúga með flugfélaginu Derry Air, er vart þverfótað fyrir uppum og allir hættir að drekka. Í Frakklandi, þangað sem Bart fór til að vinna á vínekrum fyrir mörgum árum, standast þökkadísir ekki sjarmatröllid Carl Carlsson þegar hann verður frægur í heimi kjarnorkuvísindamanna.

Hómer ferðaðist til Indlands með Apu til að endurheimta starf hans í hverfisbúðinni og þar tók Hómer einnig við stjórn í nýrri verkmiðju herra Burns sem nýtti ódýrt vinnuafri til kjarnorkuframléiðslu. Slík útvistun vinnunnar í bandarísku efnahagslífi hefur verið nokkuð áberandi í þáttunum eftir að efnahagsþrengingar hófust.

Það eru yfirleitt feðgarnir sem gera allt vitlaust á ferðalögum en mæðgurnar eru nærmar fyrir blæbrigðum mannlífsins. Marge yfirvinnur ótta sinn við hið óþekkt og fer með börnin á eþíópísku veitingastað í Springfield en á ferðalögum eru það Hómer og Bart sem ekki skilja af hverju allt er ekki nákvæmlega eins og heima hjá þeim.

„Útlönd“ í þáttunum varpa ljósi á galla heima fyrir.



Hómer:

**„What country is this car from?“**

Bílasalinn Zutroy, sjaldgæfur karakter:

**„Don't worry Mr. Simpson, it no longer exists.“**

Heilbrigðiskerfið í Kanada er miklu betra en sunnan við landamærin og kurteisi fólks í fjarlægum löndum stangast rækilega á við einstaklingshyggjuna sem einkennir feðgana Hómer og Bart. Yfirgangur fjölskyldunnar getur verið óþægilegur og oft þarf utanríkisþjónusta Bandaríkjanna að skerast í leikinn. Eins og aðrar stofnanir fá sendiráðin felleinkunn í þáttunum.

Í umræðum í netheimum um ferðalögin ber oft á óánægju heimamanna með einfaldar staðalmyndir. Þannig reykja dómarar við Stríðsglæpadómstólinn í Haag hass í kaffiteríunni og Ríó er hálfgerður frumskógur fullur af rottum og ræningjum – Brasilumenn móðguðust víst formliga. Vissulega eru staðalmyndirnar allsráðandi en þannig er þetta bara. Hvað getum við Íslendingar sagt, sem bæði erum rækilega misskilin og einföldum heiminn alla daga? Hver er t.d. ímynd þín, lesandi góður, af „Bandaríkjamanninum“?



## SPEGILMYNDIN

Simpsons-fjölskyldan er stórveldi líkt og Bandaríkin, þótt eitthvað hafi kvarnast úr yfirburðunum og Bart sé farinn að selja Kínverjum iðnaðarleyndarmál úr kjarnorkuverinu til að hefna sín á Hómer. Þættirnir sýna

**„Woohoo! USA, USA, USA!“** okkur hvernig Bandaríkjamenn sjá stöðu sína sem pólitískt og menningarlegt stórveldi. Það er fyllilega réttmætt að spyrja hvort ferðalögin séu ekki einum of klisjukennend en þeim virðist líka teft fram í ákveðnum tilgangi. Klisjur nýtast við að undirbyggja áberandi þema í þáttunum sem útskýra má með því að hugsa um Simpsons-fjölskylduna sem eina persónu. Hómer og Bart taka að sér hvatvísu hliðina (þaðið í heimi Freuds), Marge heldur fjölskyldunni saman (sjálfíð) og Lísá er siðapostulinn (yfirsjálfíð). Hin málalusa Maggie liggur hér milli hluta. Áreksstrar ólíkra menningarheima kalla fram þessi átök.

Simpsons-þættirnir eru betri ef maður getur lesið í eitthvað af þeim fjölmörgu vísunum sem má finna í þeim, en þættirnir verða líka til þess að áhorfandinn öðlast nýja þekkingu. Það versta er að Simpsons-fjölskyldan lærir aldrei neitt, hvorki af ferðalögum sínum eða endalausum mistökum.



## FJÖLMENNING

**„Get me two plane tickets to the state that Springfield is in!“**

Kvikmyndamógull í leit að tókustað

Smábærinn Springfield, en í Bandaríkjunum má finna fjölda samnefndra bæja, hlýtur að vera ein best heppnaða staðleysa sögunnar. Þar birtast félagsleg vandamál, stéttaskipting, valdastrúktúr og þröngsýni íbúanna í kristaltærum og litríkum spéspegli. Staðleysan er uppspretta endalausra brandara. Bærinn er sagður á mörkum fimm fylkja sem öll eru hvert í sínu horni þessa stóra lands og þegar Lísá klífar upp í tré sér hún í fjarska bæði frelsisstyttuna í New York og Eiffeltúrninn í París! Það var loks í fyrra sem Matt Groening, skapari þessa heims, upplýsti að fyrirmynd bæjarins væri Springfield í Oregon-fylki sem er skammt utan við Portland þar sem hann ólst upp.

Bandaríkin eru sögð land innflytjenda þar sem allt er mögulegt og í Springfield finnast bæði draumar og vonbrigði. Áhorfendur hafa í gegnum tíðina kynnst fulltrúum minnihlutahópa og íbúum af erlendum uppruna sem bjóða fjölskyldunni upp á að viðra fordóma sína. Klisjurnar eru yfirleitt skýrar. Ítalirnir í Springfield baka pitsur og halda úti fullkomlega máttlausri mafi, fimleikabjálfaþingurinn Lugash (sjaldgæf persóna) er vitanlega frá einhverju Austur-Evrópulandi og Asíubúar eru nánast tilbúnir í „harakiri“ um leið og þeim verða á minnstu mistök.

Hinn goðsagnakenndi Carl er einn þeldökkra íbúa bæjarins. Carl, sem allir dást að vegna óútskýrðra persónutöfra, er steyptur í staðalmyndir hvítra um þá dökku. Það sama á við um lækinn Julius Hibbert, en sé dregin upp mynd af fortíð þeirra skarta þeir ýmist flennistörum „áfró-hárgreiðslum“ eða þykkum „rasta-dreddum“.

Í hverfisbúðinni starfar hinn indverski **Apu Nahasapeemapetilon** með sínar brostnu vonir, vafasömu viðskiptahætti og barnamerð. Apu er með doktorsgráðu í tölvunarfræðum en í búðinni verður hann fyrir síendurteknum vopnuðum ránum sem hann lifir þó alltaf af. Apu reynir sitt besta að svindla á kunnunum og þá einkum á Hómer. Skoski húsvörðurinn í barnaskólanum, Willie, er skoskari en haggis-keppur, drekkur ótæpilega og rifur kjaft við skólastjórnann Skinner. Margir minni karakterar eiga sér erlendan og illa skilgreindan uppruna og nægir þar að nefna lánlausa og leðurbuxna-klædda skiptinemann Úter frá Pýskalandi og spænskumælandi Hunangsflugumanninn, sem margir bíða óþreyjufullir eftir að fá að vita meira um. Þannig er hægt að halda sanntróuðum aðdáendum í spennu árum saman.

Guðni Tómasson

Höfundur er listsagnfræðingur og Simpsons-aðdáandi



**„eru það ekki allir?“**

Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar



**netto**  
Kræsingar & kostakjör

# NETTÓ LÆKKAR VERÐ Á BARNAMAT



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





GLÆSILEG FJÖLSKYLDA Gunnleifur og Hildur eru moldrík þegar kemur að börnum þeirra. Frá vinstri: Gunnleifur Orri, Arnar Bjarki, Signý María og Ester Ósk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lagði flöskuna á hilluna 18 ára

Líf markvarðarins Gunnleifs Gunnleifssonar, sem allir þekkja sem Gulla, hefur verið kaflaskipt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Íþróttir hafa verið rauði þráðurinn og haldreipi landsliðsmarkvarðarins sem á dögnum fagnaði því að nítján ár eru liðin frá því tappinn var settur í flöskuna. Gulli skiptir ævi sinni í fjóra kafla eftir þremur lykilaugnablikum á árunum 38.



FYRIRLIÐINN Gulli fer fyrir fagnaðarlátum FH-inga sumarið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kolbeinn Tumi Daðason  
kolbeinntumi@365.is

Fótboltinn gerði mig að því sem ég er í dag," segir Gulli sem bjó í Stykkishólmi til fimm ára aldurs þegar hann flutti með foreldrum sínum og tveimur eldri bræðrum í Kópavoginn.

Gunnleifur byrjaði að æfa fótbolta með Íþróttafélagi Kópavogs sex eða sjö ára gamall og valdi strax stöðu markmanns. „Það var gaman að vera öðruvísi en allir hinir. Vera í skemmtilegum búningum og svona," segir Gulli. Honum gekk vel í yngri flokkum, var valinn besti markvörðurinn á Tomma-mótinu í Vestmannaeyjum 1985, varð Íslandsmeistari í handbolta með HK og íþróttamaður Kópavogs tólf ára og yngri.

Líklega eru fáir sem vita af því þegar hann laumaði sér með vini sínum í Fram í 5. flokki í fótbolta. Þá spilaði hann sem framherji en þjálfarinn var enginn annar en Gylfi Þór Orrason, einn besti dómari sem Ísland hefur alið.

„Hann hefur sagt að ég hefði orðið betri senter en markvörður," segir Gulli sem raðaði inn mörkunum í bláum búningi Safamýrarliðsins þetta sumar.

Árið 1991 var ÍK úrskurðað gjaldþrota þannig að Gulli, þá 17 ára, söðlaði um og spilaði með FH sumarið 1992. Hann segist hafa verið kominn í mikið rugl á þeim tíma. „Ég mætti í slæmu

ástandi í leik með FH og hætti í fótbolta eftir það.“

**Setti tappann í flöskuna 18 ára gamall**  
„Ég var ekkert í slæmum félagsskap og flestir af strákunum sem ég ólst upp með eru enn góðir vinir mínir í dag," segir Gulli um lífsmáta sinn á táningsárum. „Við skemmtum okkur mikið og prófuðum mikið. Lifðum lífinu, ef svo má að orði komast, og vorum kærulausir. Ég fór bara alltof langt niður og réði ekki við þetta.“ Hann bendir á að alkóhólismi hafi verið fjölskylduvandamál. „Ég var kominn mjög langt niður og ef ég hefði ekki hætt þá hefði farið mjög illa.“

Það var 8. maí 1994 sem markvörðurinn litríki sagði skilið við flöskuna.

„Ég lokaði mig af frá öllu í einn mánuð inni hjá mömmu þar sem við bjuggum tvö. Ég reyndi að finna sjálfan mig og byrja á núlli," segir Gulli. Um fyrsta tímamarkinn var að ræða af þremur sem hann skiptir ævi sinni upp eftir. Hann segist ekki hafa farið í meðferð en notið stuðnings bróður síns sem var meðferðarfulltrúi. Gulli telur að hann hefði þó haft gott af því að fara í hefðbundin meðferðarferli eftir á að hyggja. Þótt hann hafi náð grjóthörðum tókum á neyslu sinni hafði hann ekki jafngott tak á lífi sínu. Gulli segir það hafa hjálpað mikið að geta leitað til HK og hent sér af krafti í handboltann þegar fótboltaskórnir fóru á hilluna sumarið 1992.

„HK og Þorbergur Aðalsteinsson þjálfari stóðu þétt við bakið á mér," segir Gulli sem var hörkuskytta hjá Kópavogsfélaginu. Hann er þó ekki

## Íslenska landsliðið

„Ég er enn mjög stoltur í hvert skipti sem ég er valinn í íslenska landsliðið," segir Gulli sem var fyrst valinn í landsliðið fyrir æfingaleik gegn Möltu sumarið 2000. Hann kom inn á fyrir Birki Kristinsson þegar sjö mínútur lifðu leiks.

„Ég var ein taugahruga en það gekk vel og við unnum 5-0," segir Gulli sem bætti tveimur landsleikjum í sarpinn í ársbyrjun 2001. Tæp átta ár liðu áður en hann varði mark landsliðsins aftur en í dag eru landsleikirnir orðnir 24.

„Ég er mjög stoltur af landsliðsferlinum þótt ég hefði viljað að leikirnir hefðu verið fleiri. En ég þroskaðist seint og í þrepum þannig að það er mjög eðlilegt," segir Gulli. Hann segist virkilega stoltur af landsliðsverkefninu sem í gangi er í dag þar sem hópurinn sé frábær og þjálfarinn ekki síðri. „Það eru virkilega skemmtilegir tímar fram undan og gaman að vera hluti af því.“



Í FREMSTU RÖÐ Gunnleifur hefur verið mark Íslands með miklum sóma undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég var kominn mjög langt niður og ef ég hefði ekki hætt þá hefði farið mjög illa.

í neinum vafa um að fótboltinn hafi hentað sér betur.

„Ég nenni ekki að spila vörn og átti kannski ekki mikla framtíð þrátt fyrir að vera ágætis skytta," segir Gulli hógvæ. Hann tók fram hanskana með HK í sumarlok 1994 og hitti svo fyrir vin sinn úr handboltanum, Róbert Haraldsson, hjá KVA frá Reyðarfirði í 3. deildinni sumarið 1996.

„Það gekk mjög vel en mér leið ekki vel þar. Ég er svo mikið borgar barn og var óþroskaður," segir Gulli sem gekk til liðs við HK fyrir sumarið 1997. Liðið

vann 2. deildina og Gulli segist hafa verið farinn að taka fótboltann alvarlega.

### Áhugi frá Manchester United

Í ársbyrjun 1998 kom símtal úr Vesturbænum. Atli Eðvaldsson og Guðmundur Hreiðarsson markvarðþjálfari voru teknir við KR og vildu fá Gunnleif sem varamarkvörð fyrir Kristján Finnbogason.

„Ég eiginlega stökk á það enda KR stærsta félagið á landinu," segir Gunnleifur og bætir við að Guðmundur ▶





*Sérstök brúðkaupsgjöf*

# KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.



Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!  
Gildir um **KitchenAid** hrærivélar.



## *Brúðarleikur*

*Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.*



Nýjar **KitchenAid** vörur

**KitchenAid**  
FOR THE WAY IT'S MADE



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



► eigi stóran þátt í hvernig hann hafi þróast sem markvörður. Hann segist vel hafa vitað að Kristján væri aðalmarkvörður KR en lítið spáð í því.

„Ég var hrokafullur á þessum tíma og taldi að ekkert myndi stoppa mig,“ segir Gulli. Um mitt sumar fékk Gulli tækifærið sem hann nýtti heldur betur. Hann hélt markinu hreinu í 641 mínútu og KR var hársbreidd frá því að landa Íslandsmeistaratitlinum.

Frammistaða Gulla í markinu spurðist út og fór hann til Wimbledon á reynslu. Þá greindu fjölmiðlar frá því að Sir Alex Ferguson, knattspyrnu- stjóri Manchester United, hefði augastað á Gulla.

„Mér fannst þetta svakafint og talaði um þetta um allan bæ. Þetta var skemmtilegt og mikið hrós,“ segir Gulli. „En það hafa verið hæðir og lægðir í þessu,“ segir Gulli sem var kominn á bekkinn sumarið 1999 þegar KR vann langþráðan Íslandsmeistararitil og vann einnig bikarinn. „Það fannst mér mjög erfitt og ákvað að reyna fyrir mér annars staðar.“ Svo fór að Gulli samdi við Keflavík og lék með liðinu næstu tvö tímabil.

#### Konan sem bjargaði Gulla

Þótt gengið á knattspyrnuvellið suður með sjó hafi verið með ágætum var einkalífið hjá markverðinum í molum. Hann segist hafa verið að blekkja sjálfan sig þegar hann flutti suður. Hann hafi verið kærulaus, viðhorf sitt hafi ekki verið rétt og hann hafi ekki borið ábyrgð á neinu.

„Mér fannst bara tímaspurasmál þar til ég færi út í atvinnumennsku og yrði milljónamæringur,“ segir Gulli. Athyglin sumarið 1998 hafi stigið honum til höfuðs og hann hafi verið kominn í mjög slæm mál fjárhagslega séð. Hann spilaði sína fyrstu landsleiki á þessum tíma, kynntist vinum fyrir lífstíð í Keflavík en leið ekki vel. Hann sagði skilið við Keflavík haustið 2001 og hélt í heimahagana í HK.

„Ég var ekki á góðum stað þegar ég hætti í Keflavík og ég og þáverandi eiginkona mín skildum,“ segir Gulli. Í kjölfarið fór hann að reikna dæmið upp á nýtt. Hann fór að vinna hjá HK ásamt því að spila með félaginu og kynntist núverandi eiginkonu sinni, Hildi Einarsdóttur, sumarið 2002. Um annan tímamóntinn var að ræða.

„Eftir að við kynntumst fór ég að hugsa hlutina upp á nýtt,“ segir Gulli og er greinlegt að Hildur, sem spilaði um tíma sem framherji með Breiðabliki, hefur verið mikill áhrifavaldur í lífi Gunnleifs.

„Hún er mín helsta fyrirmynd í lífinu,“ segir Gulli. „Hildur er mun yngri en ég en algjörlega mín stærsta og besta fyrirmynd,“ segir Gulli en tíu ára aldursmunur er á þeim.

Þau gengu í það heilaga árið 2009 og eiga saman þrjú börn sem fæddust með tveggja ára millibili árin 2006, 2008 og 2010. Auk þess á Gulli dóttur úr fyrra sambandi sem fædd er árið 2001.

#### Á sökin á rík Breiðabliks og HK

Gunnleifur stendur í dag á milli stanganna hjá Breiðabliki, erkifjendum HK-inga. Það vakti eðlilega mikla athygli þegar hann gekk í raðir Blika síðastliðið haust en hann segist umfram allt



SÁ LANGPRÁÐI Gulli með Íslandsmeistarabikarinn 2012 sem FH-ingar unnu með miklum yfirburðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

halda með einu liði, fjölskyldu sinni. Þriggja ára samningur var í boði og ekki hafi verið erfitt að ganga í raðir Blika.

„Ég á sennilega mesta sök á þessum rík HK og Breiðabliks,“ segir Gulli og hlær. Hann segir sig og félag sína meðvitað hafa eflt rígin á milli HK og Breiðabliks þegar hann sneri aftur í HK eftir árin tvö í Keflavík. „Við vildum efla hjartað og sálina í HK. Auka félagskennidina og ná okkur þannig á flug,“ segir Gulli. Óhætt er að segja að HK hafi farið á flug því fimm árum síðar lék liðið í deild þeirra bestu í fyrsta skipti. Þrátt fyrir áhuga annarra félaga hélt Gulli tryggð við sitt félag. Í febrúar 2009 stóð Gulla til boða að spila með liði FC Vaduz í svissnesku deildinni en liðið er staðsett í Liechtenstein.

„Það var frábært í Liechtenstein,“ segir Gulli um hálfu árið sem hann dvaldi í dvergrikinu ásamt fjölskyldu sinni. Guðmundur Steinarsson, fyrrverandi liðsfélagi úr Keflavík, mælti með honum og auk þess lék Skagamaðurinn Stefán Þórðarson með liðinu.

„Við skelltum okkur á þýskunám-skeið og vorum orðnir þökkalega góðir,“ segir Gulli aðspurður hvernig gengið hafi að tala þýskuna. Hann spilaði þó minna en hann reiknaði með og ber knattspyrnuþógninni þýsku, Pierre Littbarski, ekki vel söguna. „Hann var ekki starfi sínu vaxinn sem þjálfari eins og hann var góður leikmaður.“

Gulli spilaði síðustu leikina með HK í 1. deildinni um sumarið og skömmu síðar kom kallið frá FH. Hann varð bikarmeistari með FH sumarið 2010 og fyrirliði þegar liðið varð Íslandsmeistari í fyrri. „Það var risastórt augnablik fyrir mig. Að vera fyrirliði besta liðs

” Hildur er mun yngri en ég en algjörlega mín stærsta og besta fyrirmynd.

landsins og taka á móti titlinum sem við unnum með þessum yfirburðum.“ Gulla bauðst að vera áfram í eitt ár hjá FH en var í leit að lengri samningi sem hann fékk hjá Breiðabliki.

#### Hætti að blóta

Foreldrar Gulla létust vegna veikinda fyrir aldur fram með mánaðarmillibili árið 2007. „Það var síðasti tímamónturinn enn sem komið er,“ segir Gulli. Þá hafi hann farið að velta fyrir sér hvað skipti raunverulegu máli í lífinu. Hann hafi farið að rækta sjálfan sig og tekið nokkrar ákvarðanir um líf sitt.

„Ég reyni að vera almennilegur við fólk, góð manneskja, blóta ekki og vil láta gott af mér leiða úti í samfélaginu,“ segir Gulli. Hann er stöðugt að minna sig á þessa hluti en telur sig betri mann í dag. Það hjálpi honum líka á knattspyrnuvellið. Spurður hvort ekki hafi verið erfitt að hætta að blóta, í umhverfi knattspyrnumanna sem láta ýmislegt flakka hvort sem er á æfingum eða leikjum, segist hann eiga auðvelt með að standa við ákvarðanir sínar. Hann tekur sem dæmi upphaldsliði sitt Manchester City sem hann

” Ég ætla ekki að láta það bitna á fjölskyldu minni, vinum eða öðru fólki í kringum mig ef liðið mitt tapar.

hefur haldið með í þrjú áratugi.

„Áður fyrr lögðust heilu helgarnar undir þirring og vonbrigði ef City tapaði,“ segir Gulli sem tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að hætta að svekkja sig á þessu. Hann myndi fagna ef liðið ynni en „ef þeir tapa þá tapa þeir bara“.

„Ég ætla ekki að láta það bitna á fjölskyldu minni, vinum eða öðru fólki í kringum mig ef fótboltaliðið mitt tapar.“ Því er þó fjarri að áhugi hans á íþróttinni fögri sé minni fyrir vikið.

„Ég og þú, fótboltamenn og fjölmiðlamenn, við lifum fyrir fótboltann. Við hugsum um hann, tölum um hann, horfum á hann og spilum hann. Ég sé ekki eftir neinu á fótboltaferlinum og það gerði mig að því sem ég er í dag. Ég er ánægður með mig í dag.“



# Premium Icelandair American Express® kortið veitir þér aðgang að Saga Lounge í Leifsstöð

Kynntu þér kostina á [www.americanexpress.is](http://www.americanexpress.is)



Kortið sem kemur þér út



KREDITKORT er útgefandi American Express® samkvæmt leyfi frá American Express

American Express er skrásett vörumerki American Express.



# ÚTSKRIFTIR

LAUGARDAGUR 18. MAÍ 2013

## Besta og versta starfið

Heilbrigðisverkfræðingar eru hvað ánægðastir í starfi. Hið gagnstæða á við um blaðamenn. **SÍÐA 2**

## Endurhæfing

Fjöldi nemenda útskrifast úr náms- og starfsendurhæfingu Hringsjár í vikunni. **SÍÐA 4**

## Kræsingar í veisluna

Rósa Guðbjartsdóttir hefur sent frá sér matreiðslubókina Partírétti. **SÍÐA 6**

## Fjölbreytt nám

Verkmenntaskólinn á Akureyri brautskráir hátt í þrjú hundruð nemendur á ári; stúdenta og iðnnema. **SÍÐA 7**





# Útskrifaðar í besta og versta starfið

Nýlega var birtur listi yfir bestu og verstu störfina með tilliti til launa, álags og starfsmöguleika. Í næstefsta sæti yfir bestu störfina er heilbrigðisverkfræði en blaðamennska þykir með allra verstu störfum. Alma Ómarsdóttir útskrifast úr blaða- og fréttamennsku frá HÍ í júní en Sigrún Björk Sævarsdóttir útskrifaðist sem heilbrigðisverkfræðingur frá HR í fyrra.

**K**ostir heilbrigðisverkfræði eru fjölbreytt viðfangsefni og hversu ólík svið tengjast henni við úrlausnir verkfæna. Ég get því vel skilið að hún sé ofarlega á lista bestu starfa því þar er mikil þróun í tækni og einstök tækifæri til að bæta lífskjör einstaklinga sem ekki var möguleiki á áður,“ segir Sigrún Björk Sævarsdóttir, sem útskrifaðist frá Háskólanum í Reykjavík sem heilbrigðisverkfræðingur í fyrra.

„Á útskriftardaginn var ég gífurlega hamingjusöm. Fyrstu þrjú árin höfðu líðið ótrúlega hratt og ég átti erfitt með að trúa að þeim áfanga væri lokið, því síðustu tvö árin felast í frekari sérhæfingu.“

Sigrún hafði aldrei heyrt um heilbrigðisverkfræði þegar námið vakti athygli hennar á háskóladeginum 2007. „Heilbrigðisverkfræði er nýleg grein innan verkfræðinnar og sérstaklega hér á landi. Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á stærðfræði, eðlisfræði og lífeðlisfræði, sem eru einmitt undirstöðugreinar heilbrigðisverkfræðinnar, og þótti spennandi hvernig hægt væri að nýta verkfræðilegar aðferðir til að leysa hin ýmsu vandamál mannslíkamans.“

Að sögn Sigrúnar var námið afar krefjandi



Sigrún útskrifaðist úr heilbrigðisverkfræði frá HR í fyrra og lýkur í vor 8. stigi í klassískum söng og 6. stigi í píanóleik.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Sigrún ætlar í áframhaldandi nám og hefur því ekki sóst eftir framtíðarstarfi. „Ég hef heyrt að þeir sem eru með verkfræðilega menntun og í atvinnuleit eigi erfitt með að fá vinnu í dag,“ segir hún. Eftir útskrift hefur Sigrún verið í fullu námi við Söngskólann í Reykjavík. „Ég hef alltaf verið tónelsk og byrjaði að æfa á píanó sex ára, þverflautu átta ára og hóf söngnám fjórtán ára. Bæði fög heilla mig og erfitt er að gera upp á milli en ég tel gefa gott jafnvægi í lífinu að vera í verkfræði og listum.“

og skemmtilegt. „Mér þótti spennandi að kljást við raunveruleg verkefni í samvinnu við sjúkrapjálfa á Grensás og fór í hálf ár til Danmerkur í lærdómsríkt skiptinám við DTU.“

Eftir útskrift hlaut Sigrún styrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna hjá Rannís fyrir verkefnið Notkun þrívíddarmóðela og staðsetningartækja við undirbúning skurðaðgerða á höfði.

„Verkefnið var virkilega spennandi og fékk góðar undirtektir. Það var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár og ég sé fyrir mér að halda áfram með það. Í framtíðinni vil ég vera í krefjandi starfi með góðu samstarfsfólki.“

**V**íst er ég farin að finna fyrir álaginu og á hverjum degi er tímaþrýstingur á skilum fréttu auk pressunnar við að leggja störf sín á borð almennings og hafa hugfast að koma fram samkvæmt siðareglum blaðamanna. Ekki bætir úr mannekla á vinnustöðum blaða- og fréttamanna og lítill tími til að kafa til botns í málum. Það getur verið erfitt fyrir þá sem búa yfir sannleiksþrá og sterki réttlætiskenn,“ segir Alma Ómarsdóttir sem í júní útskrifast með meistaraáráðu í blaða- og fréttamennsku frá Háskóla Íslands.

„Mig hefur lengi langað að starfa í fjölmiðlum en fór fyrst í Kennaraháskólann og varð kennari. Fjölmiðladraumurinn kallaði þó alltaf á mig en feimni hélt aftur af mér því starf í fjölmiðlum er mjög opinbert. Með auknum aldri og þroska jókst mér svo kjarkur til að slá til og drífa mig í nám,“ segir Alma, sem er yngsta dóttir Ómars Ragnarssonar og systir Láru og Þorfinns Ómarsbarna sem einnig eru blaða- og fréttamenn.

„Ætli fréttamannabakterían blundi ekki í genum fjölskyldunnar?“ veltir Alma fyrir



Alma segir mikið álag á fjölmiðlafólki en mismunandi sé hvernig fólk upplifi álag. Sumir vinna best undir pressu en aðrir þrífist betur í fjölmiðlaumhverfi sem ekki krefst daglegra skila.

MYND/VALLI

sér. „Vissulega dróst ég inn í umræðuna og fékk áhuga á fréttum en samt dró úr mér að feta í fótspor pabba og ég vildi gera mitt. Hið virtist þó óumflýjanlegt eins og komið hefur á daginn,“ segir hún og hlær.

Fjórir útskrifast með Ölmum sem ein hefur fengið vinnu og starfar við afleysingar hjá RÚV í sumar.

„Við vissum að atvinnumöguleikar fjölmiðlafólks eru verulega ótraustir en maður lætur það ekki aftra sér og með dugnaði og áhuga getur maður sennilega alltaf fundið sér eitthvað að gera. Alls sóttu 200 manns um sumarstarf hjá RÚV og þótt ég hafi

nú lokið meistaraáráðu í fræðunum fór ég í sama pott og allir hinir og áframhaldandi fréttamannapróf og prufulestur. Tekið var skýrt fram að ég hefði eingöngu komist inn á eigin verðleikum og það var góð tilfinning,“ segir Alma, sem kann ekki að fljúga flugvél eins og faðir hennar.

„Ég verð því kannski ekki jafn oft fyrst með fréttirnar eins og pabbi en við deilum sama áhuga á fólki og þykir jafn gaman að segja af því sögur sem eiga erindi.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

## Gefðu góða útskriftargjöf frá Samsonite

Allar Samsonite töskur með 15% afslætti í maí

**-15%**

**-35%**

Flugtaska  
50 x 40 x 19 cm

**19.399,-**

Verð áður 29.900,-

**-30%**  
**4.599,-**  
Verð áður 6.590,-

Samsonite

**A4**

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi



# Einföld og þægileg útskriftargjöf

**74**  
**verslanir**

Gjafakort Smáralindar fást við þjónustuborðið á 2. hæð. Þau má nota í verslunum og veitingastöðum Smáralindar.



 Smáralind



# Svona kemur lífið sífellt á óvart

Fjöldi nemenda útskrifaðist úr náms- og starfsendurhæfingu Hringssjár í vikunni. Námið er ætlað fólki sem vill komast út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Námið er persónulegt og hentar fólki með ólíkan bakgrunn.

Líf Elísu Dagmarar Andrésdóttur tók miklum breytingum þegar hún settist aftur á skólabekk eftir margra ára fjarveru. Hún útskrifaðist úr náms- og starfsendurhæfingu Hringssjár fyrr í vikunni auk þess sem hún lauk námsbrautinni Skrifstofubraut 1 frá Menntaskólanum í Kópavogi. „Ég lenti í ýmsum áföllum fyrir nokkrum árum og var greind með áfallastreituröskun í kjölfarið. Um árið 2009 fór ég að vinna í sjálfri mér og fór fyrst í endurhæfingu hjá Janus endurhæfingu. Þar frétti ég af náminu hjá Hringssjá og ákvað að sækja um.“

Námið hóf hún síðasta haust en hafði áður sótt tvö námskeið fyrr um vorið. „Í heildina er þetta þriggja anna nam þar sem farið er vítt og breitt yfir mörg ólík fög eins og stærðfræði, íslensku, félagsfræði og bókfærslu. Þetta var virkilega mikil áskorun fyrir mig og í raun vissi ég ekkert hvað ég var að fara út í. Ég féll á samræmdu prófunum í 10. bekk en tók þau upp síðar í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Á þeim tíma hafði ég engan áhuga á frekara námi enda átti ég alltaf erfitt með nám sem barn. Seinna kom í ljós að ég var með athyglisbrest sem auðvitað hefur háð mér mikið í námi þegar ég var yngri þótt hann geri það ekki með sama hætti í dag.“

Sjálf segist hún hafa verið sannfærð um að hún gæti ekki lært stærðfræði en annað hafi komið á daginn. „Mér gekk mjög vel í stærðfræði sem kom mér skemmtilega á óvart. Sama má segja

um mörg önnur fög. Námið hefur bara gengið mjög vel og miklu betur en ég átti von á. Það fór svo sannarlega fram úr öllum væntingum mínum. Ég brilleraði til dæmis í bókfærslu en ég átti aldrei von á að ég myndi hafa gaman af slíkum fögum. Svona kemur lífið manni sífellt á óvart.“

## Góður andi og frábærir kennarar

Gerð er krafa um lágmarks íslenskukunnáttu við öll störf. Um er að ræða bæði sumarstörf og framtíðarstörf.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. maí.**

Öllum umsækjendum verður svarað.

Umsóknir berist á netfangið [alexander@steypustodin.is](mailto:alexander@steypustodin.is)

eða með pósti á Steypustöðina, Malarhöfða 10, 110 Reykjavík

#### » Ráðningarþjónusta

## Starfsmaður á verkstæði

Þjónustuverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða laghentan einstakling til starfa á verkstæði sínu.

Vinnutími er frá kl. 08.00 til kl. 16.00 alla virka daga

#### » Starfssvið

- Almennar viðgerðir (hreingerningavélar, háþrýstidætur, o.fl)
- Afgreiðsla viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf á verkstæði

#### » Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun, vélvirkjun, bifvélavirkjun eða sambærilegu æskilegt
- Mikil reynsla getur þó komið í stað menntunar
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



## Okkur vantar morgunhressan vaktstjóra

Við leitum að vaktstjóra til að hafa yfirumsjón með morgunverði í sal á Icelandair hótel Reykjavík Marina. Vaktstjóri þarf að vera stundvís, heiðarlegur, jákvæður og opinn með mikla þjónustulund.

Gunnar Rafn, veitingastjóri Reykjavík Marina, tekur á móti umsóknum og veitir nánari upplýsingar á netfanginu [gunnarh@icehotels.is](mailto:gunnarh@icehotels.is)

Icelandair hótel Reykjavík Marina er nýjasta Icelandair hótelið. Það er staðsett við gömlu höfnina, á einum besta útsýnisstað borgarinnar og steinsnar frá hjarta miðborgarinnar. Reykjavík Marina leggur áherslu á lífandi, skemmtilegt og skapandi umhverfi.

Icelandair Hotels





# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Meðferðaraðili	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbæ	201305/074
Deildarlæknar við krabbameinsh.	LSH, lyflækningar krabbameina	Reykjavík	201305/073
Læknaritari á BUGL	LSH, barna- og unglingsgeðdeild	Reykjavík	201305/072
Dýralæknar, sauðfjárslátrun	Matvælastofnun	Landið	201305/071
Deildarstjóri	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201305/070
Matreiðslumaður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201305/069
Mannauðsstjóri	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201305/068
Verslunarstjóri	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Patreksfjörður	201305/067
Framh.sk.kennari í sögu og félagsf.	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201305/066
Áfangastjóri í framhaldsskóla	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201305/065
Aðstoðarskólameistari	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201305/064
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201305/063
Læknir	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	Vestmannaey.	201305/062
Ljósmóðir	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Hornafjörður	201305/061
Fagstjóri á sviði vatnafræði	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201305/060
Sérfr. á sviði vatna- og straumfræði	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201305/059
Raungreinakennari	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201305/058

## Starfsmann vantar í fiskeldi

Fiskeldisfyrirtæki í næsta nágrenni við Húsavík vantar starfsmann. Menntun eða starfsreynsla í fiskeldi kostur en ekki skilyrði. Upplýsingar í síma 893 9995, umsóknir sendist í netfangið nordurlax@tpostur.is.

# GolfOutlet

## SÖLUMADUR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða duglegan og hressan sölumann í fullstarf/hlutastarf í golfverslunina GolfOutlet, Ármúla 40. Við leitum að einstaklingi með gott hugmyndaflug, söluhæfileika, frumkvæði og áhuga á golfi.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf strax.

Umsókn/ferilskrá skal senda á netfangið:  
**golfoutlet@golfoutlet.is**  
Umsóknareyðublöð fást einnig á staðnum.  
Umsóknarfrestur er til 25. maí.

**GolfOutlet • Ármúla 40**

# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## JÁRNSMÍÐIR / VÉLVIRKJAR / RAFSUÐUMENN

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða járnsmiði, vélvirkja eða vana rafsuðumenn til starfa við framkvæmdir hér á landi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## TRÉSMÍÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði til tímabundinna starfa við framkvæmdir í Noregi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## TÆKJASTJÓRNENDUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur til starfa við framkvæmdir á Grænlandi. Um er að ræða stjórnun á gröfum, jarðytum, vörubílum með krana auk annarra tilfallandi verkefna. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## BÍLSTJÓRI Á STEYPUDÆLU

ÍSTAK óskar eftir að ráða til starfa bílstjóra á steypudælu við framkvæmdir á Búðarhálsi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## MÖTUNEYTI Á BÚÐARHÁLSI

ÍSTAK óskar eftir að ráða starfsfólk í mötuneyti á framkvæmdasvæði fyrirtækisins við Búðarháls. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum störfum og geti hafið störf fljótlega.

Upplýsingar um störf eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflióti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á [www.istak.is](http://www.istak.is) – undir „Starfsumsókn“ fyrir 28. maí næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



BECAUSE QUALITY MATTERS

## VIÐ LEITUM AÐ ÞJÓNUSTUSTJÓRA

Starfið felur í sér að móta heildstætt vöruframboð á þjónustuvörum félagsins og þróa í samstarfi framsetningu þess og verðlagningu.

Þessi atriði eru helst:

- Sala á varahlutum, véla- og hugbúnaðar uppfærslum
- Gerð þjónustusamninga við viðskiptavinum og utunumhald þeirra
- Skipulag á viðgerðarþjónustu
- Samskipti við viðskiptavinum
- Skipulagning þjónustuskóðana
- Eftirfylgni og heimsóknir til viðskiptavina

Um er að ræða nýtt starf hjá félaginu sem felur í sér að byggja upp heilstætt framboð á þjónustu félagsins við viðskiptavinum þess. Starfið felur auk þess í sér að marka stefnu þjónustumála til framtíðar.

Starfið gerir ríka kröfu til starfsmanns í mannlegum samskiptum og viðsýni við laun hinna ýmsu verkefna sem upp koma hjá okkar kröfuhörðu viðskiptavinum. Hann þarf að vera bjartsýnn, úrræðagóður og vandaður ásamt því að ganga skipulega til verka þannig að viðskiptavinurinn fái þá kerfislausn sem hann óskaði.

Hæfniskröfur eru að öðru leiti:

- Háskólamenntun eða menntun sem nýtist í starfi.
- Amk 3 ára reynsla af þjónustumálum sem nýtist í starfi.
- Góð tölvukunnátta
- Vilji til að þróa og þróa og þróa í spennandi starfi
- Góð tungumálakunnátta (Íslenska og enska)

Reiknað er með að starfsmaður hefji störf eigi síðar en 1. ágúst 2013

Nánari upplýsingar veitir Karl Kristján Ásgeirsson í síma 450 5011. Umsóknir með CV óskast sendar á [karl@3xtechnology.com](mailto:karl@3xtechnology.com) fyrir 24. maí 2013.

3X Technology • Sindragötu 5 • 400 Ísafirði  
[www.3xtechnology.com](http://www.3xtechnology.com) • Sími: 450 5050 • Fax: 450 5059





Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

## Viltu ganga í lið með okkur?

### Leikskólinn Korpukot

Óskar eftir skemmtilegu og drifandi starfsfólki. Hæfniskröfur eru m.a. færni í samskiptum, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og góð íslenskukunnátta.

Við leitum að:

- Leikskólakennara
- Öðru uppeldismenntuðu fólki
- Leiðbeinenda

Áhugasamir hafi sambandi við Kristínu í síma



**577 1900**  
**Korpukot**

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík • Sími 577 1900  
kristin@korpukot.is



## Við Stóru-Vogaskóla í Sveitarfélaginu Vogum, vantar kennara í smíði og umsónarkennara á yngsta stigi.

**Menntunarkröfur: kennsluréttindi.**

### Nánari upplýsingar veita:

Svava Bogadóttir, skólastjóri og Hálfan Þorsteinsson aðstoðarskólastjóri í síma 440-6250. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og umsóknir á: skoli@vogar.is  
www.storuvogaskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar Sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 27. maí.**

**SVEITARFÉLAGIÐ  
VOGAR**



## Verkefnastjóri

Samtök fiskvinnslustöðva leitar eftir að ráða verkefnastjóra til að vinna að fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum er tengjast fiskvinnslu í landinu og vera félagsmönnum og stjórn til ráðgjafar á fjölmörgum sviðum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, agaður og faglegur í vinnubrögðum og lipur í öllum mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi tæknimenntun og/eða aðra hagnýta menntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi s.s. þekkingu á sjávarútvegi, launakerfum í fiskvinnslu, starfsmenntamálum fiskvinnslunnar, atvinnu- og kjaramálum, ásamt reynslu af rekstri fyrirtækja o.fl.þ.h. Góð excel kunnátta er nauðsynleg og leikni í að setja tölulegar upplýsingar fram á myndrænan hátt.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Sigurmundsson, form. SF í síma 822-0351.

Umsóknir um starfið sendist fyrir 29. maí nk. á netfangið arnar@sf.is

Vissir þú að...

börn eiga rétt á að leika sér



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

## Fjármáladeild RÚV auglýsir lausar til umsóknar stöður rekstrarstjóra og fulltrúa í bókhaldi

### Rekstrarstjóri

Meginhlutverk rekstrarstjóra er að gera rekstraráætlanir og hafa eftirlit með rekstri. Rekstrarstjóri heyrir beint undir fjármálastjóra.

#### Verkefni og ábyrgð

- Dagleg kostnaðarstýring
- Gerð ársáætlana og eftirfylgni við þær
- Kostnaðareftirlit og frávikagreining
- Kostnaðaráætlanir í stærri verkefnum og eftirfylgni með þeim
- Önnur verkefni sem tengjast rekstri RÚV

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun
- Góð bókhalds- og Excel-kunnátta er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfileikar til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

### Fulltrúi í bókhaldi

#### Verkefni og ábyrgð

- Daglegar færslur í bókhaldi og frágangur skjala
- Greiningarvinna
- Afstemmingar, millifærslur og leiðréttingar
- Uppgjör á virðisaukaskatti
- Leiðbeiningar og aðstoð við starfsmenn vegna frágangs á reikningum og öðru er varðar bókhald
- Umsýsla með undirkerfum bókhalds
- Önnur verkefni tengd bókhaldi

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð þekking á vinnubrögðum við afstemmingar
- Góð þekking á bókhaldskerfinu Axapta eða sambærilegu kerfi
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfileikar til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Við bjóðum upp á kraftmikið, skapandi og metnaðarfullt umhverfi þar sem starfar fjölbreyttur hópur fólks með mikla þekkingu og reynslu. Við leggjum áherslu á að endurspegla samfélagið sem við búum í og þess vegna hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um. Um framtíðarstörf er að ræða.

Nánari upplýsingar um störfin veita Bjarni Kristjánsson fjármálastjóri í síma 515-3000 eða tölvupósti, bjarnik@ruv.is, og Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri í síma 515-300 eða tölvupósti, berglindb@ruv.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk. Umsóknir óskast fylltar út á [www.ruv.is/storf](http://www.ruv.is/storf)





Starfsmannafélag Kópavogs óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í 75% starf á skrifstofu félagsins frá og með 1. ágúst 2013.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf.
- Reynsla í skrifstofustörfum.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Haldbær tölvuþekking.

Umsókn og ferilsskrá sendist á netfangið [sfk@stkop.is](mailto:sfk@stkop.is) fyrir 4. júní n.k.

Starfsmannafélag Kópavogs (SfK) er stéttarfélag með um tólf hundruð félagsmenn innan sinna vébanda. Félagið er eitt af 28 aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) sem eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Lindaskóli óskar eftir aðstoðarskólalæknastjóra
- Kársnesskóli óskar eftir sérkennara
- Leikskólinn Núpur óskar eftir deildarstjóra
- Leikskólinn Baugur óskar eftir sérkennslustjóra
- Salaskóli óskar eftir umsjónarkennurum á miðstig
- Salaskóli óskar eftir umsjónarkennara á yngsta stig
- Salaskóli óskar eftir skólaliða í dægradvöl

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störf rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

Óska eftir aðstoð  
Smiðs eða lónaðarmanns  
við smávægileg verkefni  
á hugasamir sendi línu á  
[handlaginn@netfang.com](mailto:handlaginn@netfang.com)



## Krabbameinslækningar Deildarlækna

Á krabbameinsmeðferðareiningum Landspítala eru laus störf tveggja deildarlækna til eins árs, með möguleika á framlengingu.

Starfsvettvangur er á legudeild, geislameðferðardeild og dagdeild eftir ákveðnu fyrirkomulagi. Starfið er unnið í þéttri samvinnu við sérfræðilækna deildanna og felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans.

Yfirlækna eininganna munu eiga reglubundna umræðufundi með viðkomandi deildarlæknum þar sem flóknari og erfiðari tilfelli verða rædd sérstaklega.

Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með illkynja sjúkdóma
- » Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

#### Hæfniskröfur

- » Íslenskt lækningaleyfi
- » Reynsla í lyflækningum er góður kostur
- » Góð færni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2013.
- » Starfshlutfall er 80-100% og veitast störf frá 1. júlí 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veita yfirlæknarnir Halla Skúladóttir, [hallasku@landspitali.is](mailto:hallasku@landspitali.is), sími 825 3658 og Jakob Jóhannsson, [jakobjoh@landspitali.is](mailto:jakobjoh@landspitali.is), sími 825 5146.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Höllu Skúladóttur, yfirlækni lyflækningar krabbameina, LSH Hringbraut 20A eða Jakobi Jóhannssyni, yfirlækni geislameðferðar, LSH Hringbraut 10K.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



ÍAV Bifvélavirki / Vélvirki

ÍAV óskar eftir að ráða bifvélavirkja / vélvirkja til starfa á verkstæði félagsins á Suðurnesjum. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af viðgerðum á stórum vinnuvélum.

Nánari upplýsingar veitir Þórmarr Viggósson í s. 660-6225.

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu félagsins [www.iav.is](http://www.iav.is)



ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

## STARF SKÓLASTJÓRA GRUNNSKÓLA VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjabær auglýsir stöðu skólalækna við Grunnskóla Vestmannaeyja lausa til umsóknar. Leitað er eftir leiðtoga með góða færni í mannlegum samskiptum, menntun og reynslu sem nýst getur til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í bæjarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs í síma 488 2000 og á netfanginu [jonp@vestmannaeyjar.is](mailto:jonp@vestmannaeyjar.is). Umsóknarfrestur er til 22. maí n.k. Umsóknir má senda rafrænt á fyrrgreint netfang eða skila í Ráðhúsið í Vestmannaeyjum v/Ráðhúströð, 900 Vestmannaeyjar í umslagi merktu: „Umsókn um starf skólalækna“. Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmælendur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

Grunnskólinn í Vestmannaeyjum þjónar nemendum frá 1. – 10. bekk. Starfsstöðvar eru tvær, yngri deild með nemendum í 1. – 5. bekk og miðstig og unglingsdeild í annarri starfsstöð. Nemendur eru um 550. Starfsmenn eru metnaðarfullir og reynslumiklir og vinna eftir hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og „Orð af orði“. Öflugt íþróttastarf er í Vestmannaeyjum og gott samstarf á milli íþróttahreyfingarinnar og grunnskólans. Einnig er lögð mikil áhersla á gott samstarf við forráðamenn nemenda.



[www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is)

# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) er umsækjendum að kostnaðarlausu!



vinna.is

sími: 511 1144





## Múrarak Óskast

Múrarak óskast, mikill vinna. Mælingarvinna í boði.

Upplýsingar veita Gylfi síma 693-7300 eða Hörður í síma 693-7320, einnig á gylfi@bygg.is

## Rekstrarstjóri/ar verslunar

Hefur þú brennandi áhuga á tísku og hönnun, sýnir frumkvæði og ert til í að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu?

### Kannski leitum við að þér?

#### Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi verslunar
- Þjónusta viðskiptavina
- Umsjón með útliti og ástandi verslunar
- Uppfærsla samfélagsmiðla
- Þjónusta heimasíðu
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hvaða kostum þarft þú að búa yfir:

- Ríkri þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaði
- Ábyrgð og metnaði
- Góðri tölvukunnáttu og þekkingu á virkni samfélagsmiðla
- Haldbærri kunnáttu í ensku, talaðri og skrifaðri.
- Gott auga og brennandi áhuga á tísku og hönnun

#### Umsóknarfrestur er til og með 26. maí.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn á honnun1993@gmail.com þar sem með fylgir ferilskrá með mynd, kynningarbréf og upplýsingar um hvenær viðkomandi getur hafið störf.

## Veðurstofa Íslands



## Sérfræðingur á sviði vatna- og straumfræði

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir fagstjóra í vatnafræði í fullt starf á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði Veðurstofu Íslands starfa rúmlega 40 manns m.a. við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknunum, jökla- og vatnafræði, jarðskorpuhreyfingum og ofanflóðum.

#### Helstu verkefni

Vinna við faglega þróun vatnafræðilegrar líkangerðar, bæði hvað varðar aðferðafræði og úrvinnslu og tengingu líkana við aðrar afurðir. Leiðandi hlutverk í tímaraðaúrvinnslu, úrvinnslu vatnafræðigagna og skýrslugerð. Verkefnisstjórn skilgreindra verkefna. Sérfræðivinnu við gerð straumfræðilegra líkana. Þátttaka í mótun stefnu í vatnafarsrannsóknunum og -mælingum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- ▶ Farsæl reynsla í vatna- og straumfræðirannsóknunum
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum

- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- ▶ Færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- ▶ Frumkvæði og faglegur metnaður
- ▶ Góð tölvukunnáttu, þ.á.m. forritunarkunnáttu
- ▶ Góð kunnáttu í landupplýsingakerfum (LUK)
- ▶ Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg
- ▶ Farsæl reynsla í verkefnastjórnun er kostur

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri ([jorunn@vedur.is](mailto:jorunn@vedur.is)) og **Borgar Evar Axelsson**, mannauðsstjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is)), í síma 522 6000.

#### Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um stöfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir [www.vedur.is/um-vi/laus-storf](http://www.vedur.is/um-vi/laus-storf) eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknarsviði.** Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vedur.is](http://www.vedur.is)

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)  
522 6000

### » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

#### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

#### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### ■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)

HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA





# Fagstjóri á sviði vatnafræði

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir fagstjóra í vatnafræði í fullt starf á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði Veðurstofu Íslands starfa rúmlega 40 manns m.a. við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknunum, jökla- og vatnafræði, jarðskorpuhreyfingum og ofanflóðum.

## Helstu verkefni

Yfirumsjón og samræming verkefna er tengjast vatnarannsóknunum, þar með talið umsjón með áætlanagerð, stefnumótun og gæðamálum í málaflokknum. Verkefnisstjórn skilgreindra verkefna. Sérfræðivinna tengd vatna- og auðlindarannsóknunum, með sérstakri áherslu á grunnvatnsrannsóknir.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- ▶ Farsæl reynsla í verkefnastjórnun nauðsynleg
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- ▶ Frumkvæði og faglegur metnaður

- ▶ Farsæl reynsla í rannsóknarvinnu með sérstakri áherslu á vatna- og vatnajarðfræði
- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- ▶ Færni og áhugi á að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- ▶ Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg
- ▶ Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnábyrgð nauðsynleg
- ▶ Farsæl reynsla af erlendu samstarfi æskileg

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningnum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri ([jorunn@vedur.is](mailto:jorunn@vedur.is)) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is)), í síma 522 6000.

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir [www.vedur.is/um-vi/laus-storf](http://www.vedur.is/um-vi/laus-storf) eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemi fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknarsviði. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vedur.is](http://www.vedur.is)*

*Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)  
522 6000



Bemanning Nord AS is a Norwegian staffing and recruitment company, in addition to traditional temporary - and recruiting service specializing in the hiring of foreign workers to the building - and construction industry.

## Electricians

**We are currently recruiting experienced electricians for our customer in Bodø, Norway.**

## Qualifications:

- Journeyman electrician
- Minimum 5 years experience
- Good health
- Driving license

We can offer a long term contract, good salary and professional working environment  
To apply or for more information contact  
Thomas Tømmerås, telephone +47 46632775  
E-mail: [Thomas@benord.no](mailto:Thomas@benord.no)



## LEDIG STILLING SOM RESEPSJONIST/SEKRETÆR

Den norske ambassaden i Reykjavik har ledig heldidsstilling som resepsjonist/sekretær fra 1. september 2013.

Arbeidsoppgavene omfatter resepsjons-, sentralbord- og sekretærtjeneste. Vi søker en person med en positiv, fleksibel og service-orientert innstilling som trives med å møte publikum, og som arbeider nøyaktig og med god orden.

Søkere bør ha utdanning og/eller erfaring innen sekretærtjeneste/administrasjon, og helst også erfaring med telefon- og publikumstjenester. Vi krever meget gode kunnskaper i islandsk og skandinavisk (helst norsk), både muntlig og skriftlig, og gode engelskkunnskaper. Erfaring med vanlige dataprogrammer som outlook, word og excel er nødvendig. Vi ønsker dessuten kjennskap til islandsk administrasjon og god kunnskap om Norge og norske forhold, helst også noe kjennskap til norsk administrasjon (toll, skatt, arbeid, trygd, UDI m.m.).  
Lønn etter avtale.

Nærmere opplysninger kan fås ved henvendelse på telefon 520 0700. Søknad med CV bes sendt [emb.reykjavik@mfa.no](mailto:emb.reykjavik@mfa.no).  
**Søknadsfrist 31. mai 2013.**

Vissir þú að...

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

## Ráðgjöf um val á hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa

### Meginhlutverk og skyldur stjórnar

Stjórn félags ber meginábyrgð á rekstri félagsins og fer hún með æðsta vald þess á milli stjórnarfundu. Meginhlutverk stjórnar er m.a. að stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma litið, hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og að hafa eftirlit með stjórnendum

### Ráðgjöf okkar felst meðal annars í eftirfarandi:

- Skilgreining reynslu og þekkingar sem þörf er á innan stjórnar út frá eðli starfsemi og núverandi þörf
- Tillaga að heppilegri samsetningu einstaklinga innan stjórnar
- Leit að hæfum einstaklingum með bakgrunn sem fellur að þörfum félagsins

intellecta

ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir





## Hellulagningarmenn óskast

Vanir menn óskast í hellulagningar og lóðafrágang.  
Mikill vinna í boði fyrir vana menn

Upplýsingar veita Jón Hákon í síma 693-7319

## Sunddeild Breiðabliks auglýsir eftir þjálfara

-til að starfa hjá félaginu næsta  
sundtímabil sem hefst í ágúst 2013



### Starfssvið:

- Þjálfun yngri hópa félagsins
- Halda utan um iðkendaskrá sinna sundmanna og skrá mætingu
- Hafa frumkvæði að þátttöku í mótum í samvinnu við yfirþjálfara og sjá um skráningu og úrvinnslu gagna

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sundþjálfun og góð menntun á sviði íþróttafraeði er nauðsynleg
- Sérhæfing í sundþjálfun er kostur
- Viðkomandi verður að geta unnið með unglíngum og börnum og verið þeim góð fyrirmynd
- Þekking á forritum frá Hy-tek er æskileg

Nánari upplýsingar veitir María Fanndal Birkisdóttir í síma 845-5870. Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila á netfangið mariafb@hotmail.com fyrir 27. maí næst komandi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Lindaskóli óskar eftir aðstoðarskólastjóra

Staða aðstoðarskólastjóra Lindaskóla er laus til umsóknar. Leitað er að stjórnanda sem býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi skólastarf í samvinnu við skólastjóra, kennara og foreldra. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2013.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða öðrum greinum sem nýtast í starfi aðstoðarskólastjóra.
- Forystuhæfileikar, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar.

### Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og KÍ.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2013.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnsteinn Sigurðsson, skólastjóri [gunnsteinn@kopavogur.is](mailto:gunnsteinn@kopavogur.is) í síma 554 3900 og 861 7100.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Markaðssérfræðingur

Heimsferðir óskar eftir að ráða öflugan markaðssérfræðing til starfa.

### Helstu verkefni:

- Markaðssetning á prent- og netmiðlum
- Umsjón með vef Heimsferða
- Greina umferð á vefnum
- Mæla árangur auglýsingaherferða
- Samskipti við samstarfsaðila innanlands og utan
- Spennandi samstarfsverkefni innan Primera Travel Group

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- 3 ára reynsla af vef- og markaðsstarfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta
- Samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður til að ná árangri í starfi

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu og fleira. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 1. júní

### Umsókn sendist til:

Heimsferðir, Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík eða á netfang [starf@heimsferdir.is](mailto:starf@heimsferdir.is)



ORKUSTOFNUN

## Sérfræðingur á sviði gagnagrunna

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á sviði gagnagrunna

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

### Helstu verkefni:

- Vinna að samræmingu, innri og ytri tengslum, þróun og viðhaldi gagnagrunna í upplýsingakerfi Orkustofnunar.
- Sinna og/eða stýra nauðsynlegri forritun til að ná settum markmiðum, svo sem á töflutengslum, sniðmáti og viðmóti (m.a. gegnum vefinn).
- Starfa í teymi með öðrum starfsmönnum og leiðbeina við skráningu gagna í miðlægan gagnagrunn og aðra gagnagrunna Orkustofnunar.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða annarra sambærilegra greina. Menntun og/eða starfsreynsla á sviði auðlindanýtingar eða orkumála er kostur.
- Forritunarkunnátta í SQL, .Net, Python, Java.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorvaldur Bragason, verkefnisstjóri gagnamála, ([thorvaldur.bragason@os.is](mailto:thorvaldur.bragason@os.is) eða í síma 569 6000) eða dr. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri ([guдни.a.johannesson@os.is](mailto:guдни.a.johannesson@os.is) eða í síma 569 6000).

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang [gd@os.is](mailto:gd@os.is) eigi síðar en 31. maí 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík  
[www.os.is](http://www.os.is)

Orkumálastjóri





## Ljós móðir á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Hornafirði

Laus er til umsóknar staða ljósmóður við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Hornafirði. Á stofnuninni er fæðingardeild með skilgreint þjónustustig D1. Ljósmóðir sinnir jafnframt ungbarna- og mæðra-vernd á heilsugæslustöð ásamt því að sinna almennum hjúkrunarstörfum. Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi LMFÍ og ríkisins og stofnanasamningi HSSA.

Upplýsingar veita Matthildur Ásmundardóttir, framkvæmdastjóri matthildur@hssa.is, og Ester Þorvaldsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslu, ester@hssa.is, í síma 470-8600. Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu heilbrigðisstofnunarinnar www.hssa.is. Umsóknarfrestur er 27. maí og umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra.

Heilbrigðisstofnunin er rekin af Sveitarfélaginu Hornafirði með þjónustusamning við ríkið og eru íbúar Sveitarfélagsins um 2.200. Hornafjörður er fjölskylduvænt og blómstrandí samfélag í ríki Vatnajökuls. Auk stórkostlegrar náttúru og útsýnis sem á sér vart hliðstæðu er á Hornafirði að finna fjölbreytta þjónustu og afþreyingu sundlaug, söfn og sýningar, golfvöll og margt fleira.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.rikivatnajokuls.is.



## Við Iðnskólann í Hafnarfirði eru auglýstar lausar til umsóknar eftirtaldrar stöður við kennslu næsta skólaár.

- Rennismíði með kunnátti í CNC tækni. 100%
- Iðnhönnun með möguleika á deildarstjórn listnámsdeildar. 100%
- Aflvélavirkjun. 100%
- Málmsmíði. 100%
- Grunndeild rafiðna. 100%
- Ljósmyndun. 50%

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2013.

Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja tilheyrandi fylgigögn s.s. ferilskrá og prófskrirteini ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið arsaell@idnskolinn.is

Ráðið er í störf frá 1. ágúst 2013. Launakjör fara eftir gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ. Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu skólans www.idnskolinn.is. Frekari upplýsingar um störf veitir skólameistari í síma 585 3600

Skólameistari

## Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 452 2800, fax: 452 2782,  
Íþróttahús: 452 2750,  
Vefang: <http://hofdaskoli.skagastrond.is>  
Netfang: hofdaskoli@skagastrond.is



## Höfðaskóli auglýsir:

### Lausar stöður

Leitað er eftir aðstoðarskólalastjóra, námsráðgjafa og kennurum á mið- og unglingastig.

Höfðaskóli á Skagaströnd er lítill skóli með 100 nemendum. Skólinn er vel búinn til kennslu og er vinnuaðstaða kennara góð. Á heimasíðu skólans, <http://hofdaskoli.skagastrond.is>, má sjá allar helstu upplýsingar um skólalastarfið.

**Barnvænt umhverfi, gott samstarfsfólk og lág húsaleiga!**

Skagaströnd er kaupún með um 530 íbúum í tæplega þriggja klst. fjarlægð frá Reykjavík. Þar er öll almenn þjónusta í boði, s.s. leikskóli, íþróttahús og heilsugæsla.

Nánari upplýsingar veita Hildur Ingólfsdóttir skólalastjóri, vs. 452 2800, gsm 849 0370.

Hægt er að senda umsóknir á netfangið hofdaskoli@skagastrond.is

Umsóknarfrestur er til 25. maí.

Vissir þú að...

börn eiga rétt á vernd gegn klámi.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

# SPENNANDI STÖRF HJÁ TÖLVULISTANUM

Tölvulistinn hefur á að skipa fjölda frábærra starfsmanna í verslunum okkar um allt land. Vegna aukinna umsvifa leitum við nú að fleiri skemmtilegum og þjónustulundum tölvusnillingum til að bættast í hópinn.

## SÖLUFULLTRÚI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Fyrirtækjasvið okkar sinnir þúsundum fyrirtækja og stofnana með tölvubúnað og tölvulausnir. Við leitum að kröftugum sölufulltrúa til þess að sinna þjónustu við fyrirtæki, sem æskilegt er að hafi sterka tækniþekkingu og skilning á tölvuþörfum fyrirtækja. Reynsli í sölu á tölvubúnaði til fyrirtækja spillir ekki fyrir.

## TÆKNIMAÐUR Á VERKSTÆÐI

Tölvuverkstæðið okkar sinnir viðgerðum fyrir marga af þekktustu tölvuframleiðendum heims eins og Toshiba, Asus og Acer. Við leitum að öflugum tæknimanni sem hefur lokið CompTIA A+ viðgerðarnámi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á tölvum og tækni og hafa góða þjónustulund.

Hvetjum alla sem uppfylla þessi skilyrði og hafa áhuga á þessum störfum til þess að fylla út rafræna umsókn á heimasíðu okkar [tl.is](http://tl.is)

tl.is



**REYKJAVÍK**  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

**AKUREYRI**  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1735

**EGILSSTAÐIR**  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

**KEFLAVÍK**  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

**SELFOSS**  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

**HAFNARFJÖRÐUR**  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750





## COMPUTER SAYS NO...

### DOMINO'S LEITAR AÐ ÚRRÆÐAGÓÐUM OG DUGLEGUM EINSTAKLINGI Í TÖLVUDEILD.

Við viljum ráða ábyrgðarfullan einstakling sem hefur brennandi áhuga á tölvum, hefur þekkingu á Linux og Microsoft og grunnþekkingu á virkni netkerfa.

Viðkomandi mun sjá um notendaaðstoð fyrir verslanir okkar um land allt og aðstoða kerfisstjóra við daglegan rekstur.

Ef þú býrð yfir góðri enskukunnáttu, hefur öku-réttindi, ert frábær í mannlegum samskiptum, fær um að vinna sjálfstætt og í hóp, þá skaltu endilega senda okkur ferilskrá þína og aðrar upplýsingar um þig á [ingibjorg@dominos.is](mailto:ingibjorg@dominos.is).

Umsóknarfrestur er til 25. júní. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið.

# Hress og duglegur bókarari óskast

## DCG Iceland leitar að hressum og duglegum bókarari í krefjandi starf.

### Starfssvið:

- Umsjón með daglegum bókhaldsfærslum í DK
- Afstemmingar og virðisaukaskattsuppgjör
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör
- Aðstoð við ýmis dagleg og tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Reynsla úr bókhaldi er skilyrði
- Góð tölvufærni og mikil þekking á excel
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni, útsjónarsemi og nákvæmni

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk.

Umsókn ásamt mynd og ferilskrá sendist á [umsokn@dcg.is](mailto:umsokn@dcg.is)



DCG, Dempsey & Clark Group, er ráðgjafa- og fjárfestingafélag sem einbeitir sér að markaðssetningu á netinu, hugbúnaðarþróun og framsæknum veflausnum á sviði verslunar og þjónustu. Nánar á: [www.dcg.is](http://www.dcg.is)

# Vilt þú ganga til liðs við TM snillinga?

## Tryggingamiðstöðin auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar

### ÁHÆTTUMAT PERSÓNUTRYGGINGA

Starfshlutfall er 50%

#### Starfssvið

- Afgreiðsla váttryggingaumsókna
- Yfirferð heilsufarsgagna
- Samskipti við viðskiptavinum og söluaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur

- Menntun á heilbrigðissviði (hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun) eða reynsla af áhættumati
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Færni í einu Norðurlandamáli er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að eiga gott með mannleg samskipti, vera skipulagður og jákvæður og geta unnið undir álagi. Þá þarf hann að geta unnið sjálfstætt og sem hluti af hópi.

Sigmar Scheving ([sigmar@tm.is](mailto:sigmar@tm.is)) veitir frekari upplýsingar um starfið.

Það er markmið TM að vera eftirsóknarverður vinnustaður þeirra sem vilja ná framúrskarandi árangri í leik og starfi. Ef það á við um þig og þú hefur áhuga á að komast í hóp TM snillinga skaltu senda okkur umsókn. Umsóknarfrestur um bæði störf er til og með 20. maí 2013.

Vinsamlegast sendu umsókn auðkennda með yfirskriftinni „Áhættumat“ eða „Mötuneyti“, eftir því hvort starfið þú ert að sækja um, á netfangið [starf@tm.is](mailto:starf@tm.is). Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

### STARF Í MÖTUNEYTI TM

Starfshlutfall er 85%

#### Starfssvið

- Aðstoð við matreiðslu og frágang í mötuneyti
- Umsjón með salatbar
- Afleysingar fyrir matreiðslumeistara
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur

- Haldgóð reynsla af matseld fyrir stærri hópa
- Brennandi áhugi á matargerð
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera röskur og úrræðagóður, skapandi og hugmyndaþekkur þegar kemur að matargerðinni og lipur í mannlegum samskiptum. Hann þarf að eiga gott með að vinna sjálfstætt og undir handleiðslu.

Ragnhildur Ragnarsdóttir ([ragnhildur@tm.is](mailto:ragnhildur@tm.is)) veitir frekari upplýsingar um starfið.





## Meiraprófsbílstjórar til sumarafleysinga

Útkeyrsludeild Íslandspóstss óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til afleysinga í sumar.

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Íslandspóstss: [www.postur.is](http://www.postur.is)

Einnig má senda umsóknir til: Íslandspóstss hf. Póstmiðstöð, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Merkt: Sumarstarf bílstjórar meirapróf.



Útboð STU-01

## Tengivirki Stuðlum Byggingarvirki

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og byggingu undirstaða og spennipróa vegna stækkunar tengivirkis í landi Stuðla við Reyðarfjörð og vinna það annað sem tiltekið er og lýst í útboðsgögnum STU-01.

### Helstu verkþættir eru:

- Jarðvinna, gröftur og fylling.
- Gerð forsteypra undirstaða og frágangur á þeim í tengivirki.
- Gerð staðsteypra spennapróa og frágangur á þeim ásamt frárennslislögn.
- Smíði og frágangur trémastra.
- Lagning lagnaleiða og jarðskauta.
- Færsla og lagning á háspennustrengjum og ljósleiðara.

Verkinu skal lokið 29. ágúst 2013 nema færslu á jarðstrengjum sem fara skal fram á tímabilinu frá 30. október til 4. nóvember 2013.

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í móttöku Landsnets, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 22. maí 2013.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík fyrir kl. 14:00 föstudaginn 7. júní 2013 þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingaleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjoloastur@frettabladid.is](mailto:fjoloastur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!



Dalvíkurbyggð

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð

Hér með er lögð fram til kynningar lýsing á fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 sbr. 1. mgr 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin á við nýja frístundabyggð norðan Laugahlíðar í landi Tjarnar þar sem gert verður ráð fyrir þrem lóðum með sex frístundahúsum. Skipulagslýsing liggur frammi í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar og á vefsíðunni [www.dalvik.is](http://www.dalvik.is). Byggingarfulltrúi Dalvíkurbyggðar tekur við fyrirspurnum og athugasemdum á auglýsingartíma.

Athugasemdir og ábendingum skal skilað til byggingarfulltrúa innan tveggja vikna frá birtingu þessarar auglýsingar á skrifstofu Dalvíkurbyggðar í Ráðhúsinu, Dalvík.

Dalvíkurbyggð, 17. maí 2013

Börkur Þór Ottósson  
byggingarfulltrúi Dalvíkurbyggðar



## Auglýsing um nýtt deiliskipulag á Meðalfelli

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi á Meðalfelli í Sveitarfélaginu Hornafirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið skipulagsins felst í eftirfarandi: Hanna vélarskemmu þar sem haft verður að leiðarljósi að byggingin falli vel að landslagi og þeim byggingum sem eru fyrir.

Deiliskipulag ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu verður til sýnis á bæjar-skrifstofu Hornafjarðar Hafnarbraut 27 á opnunartíma frá og með 17. maí til og með 28. júní 2013. Breytingartillagan ásamt greinargerð erá heimasíðu sveitarfélagsins. <http://www2.hornafjordur.is/> stjornsysla undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kosturá að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila innathugasemdum er til 28. júní 2013. Athugasemdir skal skilað skriflega á bæjar-skrifstofu Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfneða á netfangið [runars@hornafjordur.is](mailto:runars@hornafjordur.is). Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna innantilskilins frests telst henni samþykktur.

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar 17. maí 2013.  
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson,  
umhverfis og skipulagsfulltrúi

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Tilboð óskast í Sprengiefnageymslu á Hólmsheiði.



Kauptilboð óskast í eignarhluta ríkissjóðs Íslands í sprengiefnageymslu (42,595%) á Hólmsheiði, fastanúmer 221-4051. Sprengiefnageymslan stendur á óskipulögðu svæði en ekki hefur verið ákveðið hvernig skipulagi svæðisins verður háttáð í framtíðinni og selst því án sérstakra lóðaréttinda.

Heildarstærð sprengiefnageymslunnar er 144,5 m<sup>2</sup>, byggð árið 1969 og brunabótamat allrar eignarinnar kr. 14.060.000,- og fasteignamat er kr. 8.845.000,- skv. Þjóðskrá Íslands - fasteignaskrá. Húsnæðið selst í því ástandi sem það er.

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðseyðublaðið liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 28. maí 2013 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



ÚTBOÐ ISA-01

## Tengivirki á Ísafirði

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu, byggingu og fullnaðarfrágang húss og lóðar fyrir nýtt tengivirki á Ísafirði í samræmi við útboðsgögn ISA-01.

Fransk/belgískar teiknimyndasögur helltust yfir íslensk ungmenni á seinni hluta áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda. Titlafjöldinn var ótrúlegur og bækurnar seldar í bílförum. Ekki leist öllum menningarvitum vel á þessa þróun, teiknimyndasögur voru taldar forheimskandi og myndu geta af sér kynslóð sem ekki réði við að lesa venjulegar bækur.

Foreldrar mínir voru meðvitaðir vinstrirót-tæklingar og neituðu að kaupa handa mér teiknimyndasögur. Þau gátu ekki komið í veg fyrir að ættingjar gæfu mér slíkar bækur, en neituðu í staðinn að lesa þær fyrir mig. Fyrir vikið lærði ég að lesa fimm ára gamall með því að stauta mig í

gegnum teiknimyndabækur og kom mér upp teiknimyndasagnablæti sem braust út með söfnunaráratu á full-orðinsárum.

Tembó Tabú var fyrsta Svals og Vals-bókin sem ég eignaðist. Sagan er langt frá því að vera sú besta í bókaflöknum. Plottið frekar rýrt með rauðum fílum og mannætu-plöntum, auk þess sem



útlit og atferli svörtu skógardverganna í bókinni þótti svo rasískt að hún fékkst ekki útgefin í Svíþjóð. Þrátt fyrir þunnan söguþráð sýnir Tembó Tabú styrkleika höfundarins Franquins mjög vel. Hann er bestur þegar dýramyndir koma við sögu, enda berst leikurinn ansi oft til Afríku í sögum hans.





# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!


Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinaut sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...

**64%**  
Lesna bara Fréttablaðið

**8%**  
Lesna bara Morgunblaðið




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **92%** lesenda blaðanna

**28%** Lesna bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



# KOLAPORTIÐ

## OPIÐ



opið í dag kl. 11-17  
hvítasunnudag lokað  
20. maí opið kl. 11-17

## Vorsýning lõnskólans 2013

Hugur og hönd  
hanga saman

Sýningin verður  
í húsakynnum  
skólans að  
Flatahrauni 12  
í Hafnarfirði

Opin 18.maí – 26. maí

kl. 14.00 – 18.00 um helgar  
og 09.00 – 17.00 virka daga



lõnskólinn í Hafnarfirði  
www.idnskolinns.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

### Sýningar

**14.00** Þórdís Árnadóttir opnar myndlistarsýningu í Populus tremula á Akureyri.  
**16.00** Sýningin Lúðurhljómur í skókassa - Gjörningar Magnúsar Pálssonar opnar í Hafnarhúsi.  
**18.00** Írski myndlistarmaðurinn Clive Murphy opnar sýningu í Kling og Bang, í samstarfi við sýningarstjórnann Jessamyn Fiore.

### Hátíðir

**11.00** Listahátíð í Reykjavík heldur áfram. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni artfest.is

### Uppákomur

**10.00** Sumri fagnað með Freyjudegi, fyrir konur á öllum aldri, á Merkigili á Eyraþakka. Lögð verður áhersla á að ná í kvenkraftana hið innra.

### Dansleikir

**23.00** Eurobandið ásamt Friðriki Ómari, Regínu Ósk og Selmu Björnsdóttur flytur öll helstu Eurovisionlögina á dansleik í Hlégarði í Mosfellsbæ. „DJ Early“ hitar upp. Miðaverð 2500 kr. Miðar selðir við innganginn.

### Tónlist

**17.00** Útskriftartónleikar Herdísar Stefánsdóttur og Georgs Kára Hilmarssonar verða í Kaldalóni, Hörfu. Þau útskrifast bæði með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild LHÍ nú í vor. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Blúshljómsveit Kristjónu Stefáns skemmtir á Café Rosenberg.

**22.00** Plötusnúðarnir og tónlistarmennirnir í danstónlistarhópnum standa fyrir risapartýi á skemmtistaðnum Factory. Kvöldið byrjar í portinu fyrir utan Factory. Að því loknu mun hljómsveitin Sísí Ey stíga á svið. Á efri hæð staðarins koma fram raftónlistarmennirnir Oculus, Sean Danke og Kid Mistik. Í hliðarsal verða plötusnúðar Elements, Ghozt, Exos, Bjössu Brunahani og AJ Caputo. Miðaverð er 1.000 kr.

**23.00** Lifandi tónlist verður á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Leiðsögn

**11.00** Alessandro Castiglioni leiðir gesti um sýninguna Huglæg landakort - Mannshvörf í Listasafni Íslands.

**15.00** Svanborg Matthíasdóttir leiðir gesti um 25 ára afmælisýningu Myndlistarskóla Kópavogs í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni.

### Myndlist

**12.00** Finnbogi Pétursson og Per Svansson opna hljóðskúlptúra í Höggmyndagarðinum og Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík. Sýning Finnboga í Höggmyndagarðinum er opin allan sólarhringinn til 4. ágúst 2013 en sýning Per Svansson í Myndhöggvarafélaginu mun aðeins standa yfir þessa einu helgi, frá klukkan 12 til 18 báða dagana.

**12.00** Sýningin Art=Text=Art verður opnuð í Hafnarborg. Á sýningunni eru verk eftir hátt í 50 alþjóðlega myndlistarmenn, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa sjónræna eða hugmyndalega tengingu við texta og ritað mál.

**14.00** Þórdís Árnadóttir opnar myndlistarsýningu í Populus tremula á Akureyri. Sýningin verður einnig opin sunnudaginn 19. maí frá kl. 14.00-17.00. Aðeins þessi eina helgi.

**14.00** Lokasýningardagur samsýningar meistarana í myndlist verður í Listasafni Einarssonar.

**15.00** Rachel Nackman, listfræðingur og sýningarstjóri the Kramarsky Collection, leiðir gesti um sýninguna í Hafnarborg.

**16.00** Sýningin Lúðurhljómur í skókassa - Gjörningar Magnúsar Pálssonar verður opnuð í Hafnarhúsinu í Tryggvagötu.

**Darri Lorenzen** opnar sýningu sína Seize í POKU í kjallara Hrími Hönnunarhúss að Laugavegi 25.



## SUNNUDAGUR

### Hátíðir

**10.30** Listahátíð í Reykjavík heldur áfram. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni artfest.is.

### Söfn

**10.00** Tveir fyrir einn af aðgangseyri að Þjóðminjasafni Íslands. Ókeypis fyrir börn og skemmtilegir ratleikir í boði fyrir fjölskyldur. Síðasta sýningarhelgi sýninganna Grösugir strigar og Systralist.

### Opið Hús

**10.30** Boðið verður upp á opna vinnustofu í sal 1 á Listasafni Íslands. Þar verða fluttir fyrirlestrar og kynningar á næstu verkefnum samtakanna. Viðburðurinn verður á ensku og aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**20.00** Útskriftartónleikar Úlfs Eldjárn verða í Þjóðmenningarhúsinu. Leikin verða fjögur verk eftir Úlf sem útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild LHÍ nú í vor. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sniglabandið og Vocal Project kórinn halda stórtónleika í Borgarleikhúsinu. Sérstakur gestur er Magnús Þór Sigmundsson.

### Leiðsögn

**14.00** Boðið verður upp á leiðsögn á ítölsku um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins.

## MÁNUDAGUR

### Tónleikar

**16.00** Glódís Margrét Guðmundsdóttir píanóleikari mun halda tónleika í Selinu á Stokkalæk annan í Hvítasunnu, hinn 20. maí nk. Þar mun hún leika verk sem hún hyggst flytja í píanókeppni Norðurlandanna í Danmörku nú í júní og síðar einnig á tónlistarhátíðinni Casalmaggiore Music Festival á Ítalíu. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Chopin, Beethoven, Nielsen og Rachmaninoff. Kaffiveitingar verða að loknum tónleikum.

### Tónlist

**16.00** Útskriftartónleikar Gísla Magnússonar verða í Þjóðmenningarhúsinu. Flutt verða fimm verk eftir Gísla sem útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá LHÍ nú í vor. Aðgangur er ókeypis.

### Myndlist

**13.00** Tveimur sýningum, Flæði: Salonsýning af safneigninni og Kjarval - Mynd af heild, lykjur á Kjarvalsstöðum. Mikil aðsókn hefur verið á sýningarnar síðustu mánuði og hafa þær hlotið frábærar viðtökur hjá gestum.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

**DÓMAR** 13.05.2013 → 18.05.2013



★★★★★

Drekinn

Sverrir Berg

Ágætlega lukkuð spennusaga úr íslenskum samtíma. Höfundur heldur vel utan um alla þæði og lausnir gátanna koma skemmtilega á óvart. - fsb

★★★★★

Kaffi og rán

Catharina Ingelman-Sundberg Þýðing:

Jón Danielsson

Skemmtileg saga um uppreisn fimm gamalmenna gegn kerfinu. Ágætlega skrifuð en stutt í sterótýpur og klisjur sem draga úr trúverðuleika og spennu. - fsb





# Ískaldir **LURKUR** í sumar



PPAA/TBWA - SA - 131970

21% hreinn safi úr þykkni

21% hreinn safi úr þykkni

21% hreinn safi úr þykkni





# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS LAUGARDAGUR 10:00-19:00 HVÍTASUNNUÐAGUR LOKAÐ MÁN



**198**  
KR. 4 STK

BIRKIKUBBAR 4 STK



**198**  
KR. 4 STK

KORNKUBBAR 4 STK



**198**  
KR. 120 GR

OSTASLAUFA 1 STK



**359**  
KR. 420 GR

MÖNDLUKAKA 420 GR



**129**  
KR. 500 GR

BÓNUS SAMLOKUBRAUÐ



BÓNUS 200 GR  
BRAUÐSALÖT

**198**  
KR 200gr



**398**  
KR. 340 GR

SOLLU - LÍFRÆNT  
HNETUSMJÖR  
FINT-GRÖFT 340 gr



**398**  
KR. 1 KG

SOLLU - LÍFRÆNT  
SPELTHVEITI  
FINT-GRÖFT 1 kg.



**198**  
KR. 200gr

GÓU BITAR  
HRAUN / ÆÐI 200 GR.



**179**  
KR. 165g

BÓNUS ÍDÝFUR  
KRYDD/PAPRIKA 200 M



**198**  
KR. 165g

DORRITOS SNAKK  
165 GR.



**149**  
KR. 200gr

STICK  
SALTSTANGIR 200 GR.



**259**  
KR. 200gr

EUROSHOPPER SALTHNETUR  
500 GR.



SPÁNSKAR  
APPELSÍNUR

**198**  
KR. kg



NÝ  
UPPSKERA

**345**  
KR. KG




AMERÍSKAR  
SÆTAR KARTÖFLUR

**279**  
KR. kg

**BONUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur





UDAGUR 11:00-18:00 **HVÍTASUNNUDAGUR LOKAÐ** LAUGARDAGUR 10:00-19:00

**KJARNAFÆDIS GRILL LAMBALÆRISNEIÐAR**  
SNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI 1.FLOKKUR

**2298**  
KR. KG

EINGÖNGU MIÐLÆRIS-SNEIÐAR

**KJARNAFÆDIS ÚRBEINAÐ KOFAREYKT HANGIKJÖT**

**HANGILÆRI 2598 KR.KG**  
**HANGI FRAMP. 1798 KR.KG**

**ÍSLANDSNAUT 2 X 140 GR 100% ÍSLENSKIR UNGNAUTA HAMBORGARAR**

**398**  
KR. 2 STK

**TVEIR 140 GR**

**Ali 679 KR. KG**

**FERSKUR GRÍSABÓGUR**

**1598 KR. KG**

**KS.FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

**3198 KR. KG**

**KS.FROSID LAMBAFILLET**

**FROSID LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS**

**KJARNAFÆÐI**

**1398**  
KR. KG

**KJARNAFÆDIS ÍSLENSKT HEIÐALAMB**  
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM  
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-ADALBLÁBERJALYNG-EINIR

**BEINHREINSADUR FERSKUR LAX 1998 KR. kg**

Fiskbúðin okkar  
**ÍSLENSKUR FERSKUR LAX Á GRILLIÐ**

**FERSKUR GRILL MARINERAÐUR LAX 2298 KR. kg**

**179**  
KR. 2 ltr.

**198**  
KR. 2 ltr.

**79**  
KR. 33cl





## TÖLVUNARFRÆÐI LOKAVERKEFNI NEMENDA

Verið velkomin á kynningar á BSc-lokaverkefnum nemenda tölvunarfræðideildar HR  
Þriðjudaginn 21. maí og miðvikudaginn 22. maí kl. 9:00–11:15.

Lokaverkefni	Í samstarfi við	Dags.	Tími	Stofa
iGos	Nutty Nerds	21. maí	09:00	M104
Sales Configurator for Annata IDMS on Windows 8	Annata	21. maí	09:45	M105
Crest Explorer	CCP	21. maí	10:30	M104
Road Runner	Nova	21. maí	11:15	M105
Námsefnishluti í nemenda- og kennaravef Innu	Advania	21. maí	13:00	M104
mPOS fyrir iOS	Handpoint ehf.	21. maí	13:45	M105
Verkvaki	LEDA	22. maí	09:00	M104
Mobile Mechanic	Annata	22. maí	09:45	M105
Tempo Portfolio	TM Software	22. maí	10:30	M104
Nýtt vefviðmót fyrir Men&Mice Suite	Menn & Mýs	22. maí	11:15	M105

**ALLIR VELKOMNIR.**  
Hvar: Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1.



hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



**HJÓLAMÓT**  
Böðvar Guðjónsson, talsmaður Kex hostels, ætlar sjálfur að taka þátt í sprettreið sem fram fer í júní.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

## Sprettreið um hverfið

Fer fram í fyrsta sinn í miðbæ Reykjavíkur í sumar.

„Þetta er hjólasprettreið og keppt er í tveimur flokkum; 15 kílómetra leið sem nefnist Fransbrauð og 30 kílómetra leið sem kallast Rúgbrauð,“ segir Böðvar Guðjónsson, talsmaður Kex hostels, um sprettreið sem farin verður þann 15. júní. Hjólað verður um Skuggahverfið í Reykjavík og keppt í kvenna- og karlaflokki.

Kex hostel, Kría Cycles, Reiðhjólaaverzlunin Berlin og fleiri aðilar standa að sprettreiðinni og hjólað verður sem leið liggur frá Barónsstíg, eftir Skúlagötu og eftir Hverfisgötunni aftur að upphafspunkti. Hringurinn er um 1,5 kílómetri að lengd og þurfa keppendur að fara hann nokkrum sinnum til að ná tilætluðum kílómetrafjölda.

„Þótt keppnin sé stíluð inn á fólk sem stundar hjólaferðir og er á svokölluðum fishjólum, þá geta allir tekið þátt,“ segir Böðvar, sem hyggur sjálfur á þátttöku. „Ég er ekki mikill hjólaferðamaður en á það til að taka sprettinn inn á milli. Ég treysti mér fullkomlega til að hjóla fimmtán kílómetrana og ætla að gera það.“

Fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson hannar sigurveðlaunin sem verða fallegar treyjur. Að keppni lokinni verður slegið til veislu í Vitagarðinum sem er aftan við Kex hostel. Skráning í keppnina hófst í gær og fer fram á Kexinu og vefsíðunni Kexland.is.

- sm



**30%**  
AFSLÁTTUR AF  
NAGDÝRABÚRUM  
Í MIKLU ÚRVALI  
UM HELGINA



KRAKKAR!  
KOMIÐ OG FÁIÐ  
AÐ KLAPPA  
KANÍNUNUM  
UM HELGINA





**DÝRARÍKIÐ**  
Holtagörðum ... fyrir dýravini

GÆÐIN SKIPTA MÁLI ferplast

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar



**VIÐ GRILLIÐ** Svavar Pétur Eysteinnsson grillaði Bulsur af miklum myndarskap ofan í gestina.  
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Gaman í Bulsupartíi

Boðið var í Bulsupartí á Kexi hosteli í vikunni. Á boðstólum voru grillaðar Bulsur, sem eru grænmetisþylsur sem tónlistarhjólin Svavar Pétur Eysteinnsson og Berglind Häsler eru að setja á markað.



**FLEX OG INGI** Flex Árnason og Ingi Rafn smökkuðu Bulsurnar.



**GÓMSÆTT** Vaskó og Víðir gæddu sér á Bulsunum.



**FEGÐIN** Jóhann Ágúst Jóhannsson mætti með dóttur sína í partíði.



**FENGU SÉR BULSUR** Sunna og Kitta voru á meðal gesta.



# Hnésíðar stuttbuxur inn í sumarið

Nú er tími stuttra skálma loksins að ganga í garð. Á tískupöllum fyrir sumarið var mikið um hnésíðar og víðar stuttbuxur sem gjarna kallast „Bermúda-buxur“. Alexander Wang var með þröngar buxur í sinni sumarlínu á meðan Donna Karan sýndi víðar hnésíðar gallastuttbuxur á tískupöllum. Þessi sídd hentar mjög vel við bera leggi hér á landi því fljótt skipast veður í lofti.



## APP VIKUNNAR





### Candy Crush Saga

Í þessum ávanabindandi leik hefur þú einfalt hlutverk: Sprengdu nammið og komdu þér í næsta borð. Það er ótrúlegt hversu mörgum klukkustundum hægt er að eyða í að reikna út næsta leik, næstu hreyfingu og hvernig best sé að ná sér í „ofurnammi“ sem sprengir fleiri mola. Annað sem er líka snilld er að í appinu eru 215 borð.

Það er þó óþarfi að hafa áhyggjur af því að geta ekki hætt því maður fær bara ákveðið mörg líf og þau endurnýjast ekki nema á hálf tíma fresti. Appið stjórnar þannig hversu lengi þú getur spilað.

Appið er ekki aðeins fyrir snjallsíma eða spjaldtölvur því einnig má spila leikinn á vefnum og á Facebook. Á Facebook er leikurinn til dæmis orðinn vinsælasti leikur allra tíma.

#### Skýringar:

-  App fyrir Apple-tæki
-  App fyrir Android-tæki
-  App fyrir Windows



**SÁ PRETTY WOMAN** Emma Watson sá Pretty Woman aðeins sjö ára gömul.  
NORDICPHOTOS/GETTY

## Man fyrst eftir Pretty Woman

Fyrsta kvikmyndin sem leikkonan Emma Watson man eftir að hafa séð er Pretty Woman með Julíu Roberts í aðalhlutverki. Í viðtali við W segist Watson hafa verið sjö ára gömul þegar hún sá myndina.

„Ég var alltof ung fyrir þessa mynd. Þetta var um það leyti sem ég féll fyrir Julíu Roberts og bandarískum kvikmyndum,“ útskýrir leikkonan. Hún segist ekki vilja vaxa úr grasi of hratt heldur.

„Mér hefur aldrei þótt eftirsóknarvert að vera talin kynþokkafull. Ég hef aldrei flýtt mér við að fá fólk til að sjá mig sem konu.“



## Taktu á móti póstinum þínum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

Virkjaðu Möppuna fyrir 17. júní og þín bíður glaðningur í Möppunni þinni.

- **Þægileg** - Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** - Pappírslaus póstur
- **Örugg** - Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** - Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** - Pósturinn berst þér samdægurs

Mappan Stórhöfða 29 110 Reykjavík 580 1000  facebook.com/mappan.is [www.mappan.is](http://www.mappan.is)  mappan





## NAUTASMÁSTEIK AÐ HÆTTI PROVINCE

*Daube Provençale*

### Fyrir 6

Undirbúningur: 30 mínútur,  
sóláhring áður, suða í 4 klst.

1200 g seigt nautakjöt

200 g reykt flesk

3 tómatar

börkur af einni appelsínu

grænar ólífur

ólífúolífa, salt, pipar

Kryddlögurinn:

½ flaska af bragðsterku

rauðvíni frá Provence, sumir

nota hvítvín

3 laukar

4 hvítlausrif

2 stórar gulrætur í sneiðum

timían

lárviðarlauf

steinselja

2 negulnaglar

Daginn áður er kryddlögurinn útbúinn: Skerið kjötið í bita, leggið í fallegan stein- eða leirpott með rauðvíninu og öllu kryddinu.

Geymið í kæli í sóláhring. Snúðið bitunum við nokkrum sinnum svo þeir séu örugg-

### “ Klassískur og ofsalega góður réttur.

lega vel í bleyti.

Daginn eftir takið þið kjötið upp, þerrið það og steikið við góðan hita í olfunni. Skerið fleskið í litla bita og steikið. Setjið svo allt kjötið aftur í pottinn með kryddleginum, berkinum, afhýddum, niðurskornum tómötunum, salti og pipar. Látið malla við vægan hita í fjórar klukkustundir. Setjið ólífur í soðið og berið fram í pottinum með kartöflum, hrísgrjónum, eða pasta að hætti Fransmanna.

Við drekkum sams konar vín og við notuðum í pottinn.



## SÍTRÓNUTERTA

*Tarte au citron*

### Fyrir 8

Undirbúningur: 10 mínútur,  
1 klst. áður, síðan 15 mínútur,  
bakstur í 40 mín.

#### Bökudeig:

200 g hveiti

100 g mjúkt smjör

1 dl ískalt vatn

Sítrónukrem:

Safi og rifinn börkur af einni sítrónu

50 g brætt smjör

100 g sykurl

3 egg

#### Bökudeig:

Setjið hveiti og smjör í smábitum saman í skál. Nuddið hratt saman. Hellið vatninu út í og hnoðið hratt í kúlu. Fletjið út með lófanum, brjótið saman í þrennt, endurtakið tvisvar. Geymið deigið í kæli í eina klukkustund.

### “ Það vaxa sítrustré alls staðar í Suður- Frakklandi og ávextir þeirra eru mikið notaðir.

#### Sítrónukrem:

Hrærið saman sykurl og egg þar til kremið verður ljóst og létt. Rífið börkinn af sítrónunni og kreiðið úr henni safann. Blandið hægt saman við kremið, hrærið í á meðan. Setjið loks brætt smjórið út í. Hitið bökunarofn í 180°. Fletjið deigið út, fyllið stórt (28 cm) tertuform með því. Hellið kreminu yfir. Bakið í 35-40 mínútur. Ef kremið bólgnar mikið er nóg að pikka í það með gaffli. Tertan á að vera vel bökuð.



## KRÆKLINGUR AÐ HÆTTI CAMARGUE

*Moules en Brasucado*

### Fyrir 4-6

Undirbúningur: 5 mínútur  
daginn áður, síðan 15 mínútur  
og svo suða í nokkrar mínútur.

1 kg nýr kræklingur í skel

1 dl ólífúolífa

1 nýr chilipiparavöxtur

nokkur svört piparkorn

nokkur fenníkufrae

1 hvítlausrif

Daginn áður er sósan undirbúin: Skerið piparavöxtinn í litla bita, setjið í krukku með olfunni, piparkornum og fenníkufraejum.

Geymið í einn sóláhring. Skrubbið kræklinginn og hreinsið hann vel. Ef þið sjáið skel sem er opin, og lokast ekki ef henni er ýtt saman hendið henni þá. Það má aldrei nota dauða skel. Setjið í stóran pott við háan hita, skeljarnar eru soðnar þegar þær þær opnast. Hristið pottinn svo allar skeljarnar soðni á sama tíma.

### “ Frakkar eru mjög hrifnir af súpum. Hér er kræklingasúpa með saffrani.

Hellið kræklingnum í skelinni á djúpa diska og sósunni yfir. Borðið strax með ristudu brauði nudduðu með hvítlauk.

Að sjálfsögðu fáum við okkur staðarvín, hvítt eða grátt.



MÆÐGUR Sigríður Gunnarsdóttir og Silja Sallé hafa gefið út þrjár matreiðslubækur saman, sú nýjasta heitir Sælkerafلاك um Provence.

# Lærði að elda af franskri tengdamóður

Sigríður Gunnarsdóttir kundi ekki að elda þegar hún flutti til Frakklands.

Bókin Sælkerafلاك um Provence hefur að geyma uppskriftir Sigríðar Gunnarsdóttur og myndir dóttur hennar Silju Sallé. Þetta er þriðja bók þeirra mæðgna sem hafa í fyrri bókum einnig deilt leyndarmálum franska eldhússins með lesendum sínum. „Ég flutti til Frakklands með frönskum eiginmanni mínum árið 1970. Þá kundi ég ekkert að elda en varð að bjarga mér. Þá kom sér

vel að eiga góða tengdamóður sem kenndi mér til verka,“ segir Sigríður. „Ég heillaðist svo algjörlega af franskri matargerð sem er ekki furða. Hér í Frakklandi er svo mikil og rík hefð fyrir góðum mat og hann er afar fjölbreyttur og ólíkur á milli héraða.“

Fyrri bækur Sigríðar hafa fjallað um Frakkland í heild sinni og svo París. Nú verður Provence fyrir valinu enda matur þaðan

í upphaldi hjá Sigríði. „Það er svo mikið sólskin og hamingja í matnum þar og þess vegna valdi ég þetta hérað,“ segir Sigríður, sem sjálf býr í úthverfi Parísar. „Svo kem ég til Íslands á hverju ári, við eigum hús á mínum æskustöðvum, Hjarðarfelli á Snæfellsnesi. Dóttir mín Silja er nú flutt til Íslands með sinn franska mann, þannig að barnabörnin eru þar.“

sigridur@frettabladid.is

# VORHREINSUN RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM

RÚMGAFLAR | STILLANLEG RÚM | HEILSUDÝNUR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | SÆNGUR | HEILSU- OG DÚNKODDAR | SÆNGURFÖT | LÖK O.FL.

20-50%  
AFSLÁTTUR

ALLAR VÖRUR MEÐ 20% AFSLÆTTI  
Lýkur í dag laugardag



### Nú er tækifærið!

Allar vörur með 20% afslætti. Seljum sýningareintök og valdar vörur með allt að 50% afslætti.

Einungis í fáeina daga!

TEMPUR  
DÝNUR OG KODDAR



Betra  
BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



# Svíarnir leggja allt undir í Eurovision-keppninni í ár

Kristín Inga Jónsdóttir var stödd í Malmö Arena á fimmtudag þegar Eyþór Ingi Gunnlaugsson steig á svið fyrir Íslands hönd.

„Þetta var frábær upplifun og stemningin í höllinni var vægast sagt rosaleg. Svíar leggja greinilega allt undir því þeir eru líka með hrikalega flott lag í keppninni í ár,“ segir Kristín Inga Jónsdóttir sem horfði á seinni undankeppni Eurovision í Malmö Arena. Kristín Inga sagraði í karóíkíkeppi háskólanna í byrjun apríl og voru sigurverðlaunin ferð fyrir þrjá á undankeppnina.

Kristín Inga og vinkonur hennar sungu hraustlega með Eyþóri Inga Gunnlaugssyni er hann steig á svið og söng lagið Ég á líf. „Við vinkon-

urnar fjárfestum í dónalega stórum íslenskum fána áður en við förum út og hvöttum okkar mann rækilega áfram, sungum hraustlega með og gerðum allt vitlaust í stúkunni. Og því lík gleði að komast upp úr undankeppninni. Evrópubúar eru greinilega sjúkir í lagið,“ segir Kristín Inga sem telur þó framlag Svía sigurstranglest aftur í ár. „Mér finnst Svíþjóð ansi sigurstranglest aftur í ár, en lagið frá Rúmeníu er í algjöru upphaldi hjá mér. Þvílík rödd sem maðurinn hefur!“

Kristín Inga er stödd í Kaup-

„Við vinkonurnar fjárfestum í dónalega stórum íslenskum fána áður en við förum út og hvöttum okkar mann rækilega áfram.“

mannahöfn ásamt vinkonum sínum og horfir þar á aðalkeppnina í kvöld. „Ég horfði á keppnina hér í Köben og svo ætlum við að skella okkur út á lífið með Dönunum,“ segir hún að lokum.



**STEMNINGIN FRÁBÆR** Kristín Inga Jónsdóttir fór með þremur vinkonum á undankeppni Eurovision í Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ADELE** Breska stórstjarnan er sjálf flughrædd en tónlist hennar gæti gagnast fólki í svipuðum aðstæðum.

## Adele fyrir flughrædda

Lagið Someone like you með bresku söngkonunni Adele hentar best til að róa taugar flughræddra, ef marka má rannsókn sem kvíðasálfræðingurinn Dr. Becky Spelman framkvæmdi fyrir tónlistarveituna Spotify. Ástæðan mun vera hraði lagsins, 67 slög á mínútu, og hljómagangur.

Samkvæmt Dr. Spelman virkar það kvíðastillandi á fólk að anda í takt við róleg lög, því það lækkar blóðþrýsting og hjartslátt.

### → Þessi lög urðu efst í rannsókninni

- Someone Like You – Adele
- Orinoco Flow (Sail Away) – Enya
- Piano on The Beach - Liborio Conti
- Píanókonsert nr. 21 (Elvira Madigan) K. 467 - Mozart
- Better Together – Jack Johnson
- Pure Shores - All Saints
- Buffalo Soldier - Bob Marley
- Scar Tissue - Red Hot Chili Peppers
- Paradise - Coldplay
- As I Lay Me Down - Sophie B. Hawkins
- Inside Out - Britney Spears
- Ignition - R. Kelly



**Á LAUSU** Chris Pine vill fyndna konu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill fyndna kærustu

Leikarinn Chris Pine fer með hlutverk í kvikmyndinni Star Trek Into Darkness. Hann var nýverið gestur í spjallþættinum Ellen DeGeneres og var þá inntur eftir því hvernig konu hann heilladist helst af.

„Ég veit það ekki. Ætli ég sé ekki að leita að því sem allir karlmenn leita eftir; gáfum, fegurð og skopskyni. Maður verður að geta átt í góðum samræðum við stúlkuna,“ sagði leikarinn sem hætti með fyrirsætunni Dominique Piek fyrr á þessu ári.



# ÞETTA GETUR ÞÚ

Framtíð þín byrjar í haust.

Myndefni: CCP

Almenn hönnun, fatatæknir, kjólasamur, klæðskurður, listnáam, fatahönnun, gull- og silfursmíði, myndlist, hársnyrtiðn, snyrtifræði, margmiðlunarhönnun, vefsmíðar, hreyfimyndagerð, teiknimyndagerð, leiklist, bókbönd, bókasafnstækni, grafísk miðlun, upplýsinga- og fjölmiðlataekni, ljósmyndun, prentun, tölvufræði, húsnámsmíði, húsgagnasmíði, húsgagnabólstrun, málaraíðn, múraraíðn, pípulagnir, tækniteiknun, veggfóðrun og dúkálögn, sjúkraliði, lyfjatæknir, fótaaðgerðafræði, tanntæknir, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, flugvirkjun, einkaflugmaður, hljóðtækni, kvikmyndasýningastjórn, rafeindavirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun, rafveituvirkjun, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélstjórn, vélvirkjun, skipstjórn, bakaraíðn, framreiðsla, kjötiðn, matreiðsla, matartækni, kjötskurður, slátrun, félagsliði, félagsmála- og tómsundanám, verslunarnám, skrudgarðyrkja, blómaskreytingar, búfræði, leikskólaliði.

FIGON / SIA PIGABBY

## Starfsmenntun gefur forskot þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

Starfsnám á Íslandi er fjölbreytt og nýttist á öllum sviðum atvinnulífsins. Starfsnám er skapandi og skemmtilegt nám. Því fylgja oft alþjóðleg starfsréttindi sem opna möguleika á störfum erlendis. Hugsaðu um sjálfa(n) þig í haust og veldu nám sem veitir ótal tækifæri. Kynntu þér málið nánar á [WWW.MENNTAGATT.IS](http://WWW.MENNTAGATT.IS)



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ







## Aðalkeppni Eurovision er í dag

# Ég sagði ykkur það!

TINNA  
TÆKLAR  
EUROVISION



tinnaros@frettabladid.is

Þá er loksins komið að Eurovision-hátíðinni sjálfri. Stærsti dagur ársins að mínu mati – að jólum, páska- og afmælisdeginum meðtöldum.

Frá því að ég nýtti hálf mánaðarlaunin í að kjósa Eyþór Inga til sigurs í Söngvakeppninni í febrúar hef ég verið fullviss um að hann væri að fara að fljúga í gegnum forkeppnina og ná á topp 10 í aðalkeppninni.

### Brennd börn

Þegar kemur að Eurovision eru margir Íslendingar eins og brennt barn. Þeir þurfa alltaf að búa sig undir það versta en þegar vel gengur eru þeir ekki lengi að snúast í 180 gráður og fyllast stolti. Svo er fólk eins og ég. Við sem höfum barist með kjafti og klóm allan tímann og sagt að við komumst víst áfram. Fólk eins og ég átti góðan dag í gær þar sem við fengum að benda á ykkur hin og segja: Ég sagði ykkur það! Ég klæddist kjól og hælum í gær til að halda upp á daginn.

### Alvöru áhugaleysi

Síðustu vikum hef ég að mestu verið með fólk hédan og þaðan úr Evrópu og eins og sönnum Eurovision-aðdáenda sæmir hef ég verið dugleg að leyfa þeim að hlusta á íslenska lagið. Sérstaklega hafði ég gaman af því þegar stúlka frá Rússlandi var enn raulandi lagið tveimur tímum eftir að hafa hlustað á það.

Það sem mér þótti samt merkilegast var fólkíð sem hafði ekki áhuga á keppninni. Hér á Íslandi eru ófáir sem vilja meina að þeir falli í þann hóp. Samt sem áður er erfið leitni að þeim einstakling sem ekki kann íslenska lagið (þið getið reynt að neita því, en þið getið öll raulað með því) og götur bæjarins voru furðutómur á fimmtudagskvöldið. Ég held að þær verði alveg auðar í kvöld. Í útlöndum fann ég samt fólk sem virkilega hefur ekki áhuga á keppninni. Úkraínsk vinkona mín vissi ekki einu sinni hvort þau væru með í ár og margir Bretanna misstu hökuna í gólfíð af undrun þegar ég tilkynnti þeim að Bonnie Tyler væri þeirra fulltrúi í ár. Einn þeirra trúði mér ekki fyrr en hann hafði gúgglað það.

### Freyðivínið klárt

Eyþór Ingi verður 19. atriðið á sviði í kvöld. Fræðin eru ekki sammála um hvort það sé gott eða slæmt. Mitt mat er að þetta sé kjörinn staður fyrir lag sem þetta. Ég er þó ekki alveg jafn ánægð með að við skulum koma beint á eftir danska laginu. Ég er samt viss um að hjartað eigi eftir að springa úr stolti þegar Eyþór stígur á svið.

Ég hvet ykkur öll til að taka af ykkur grímuna, njóta hátíðarinnar og leyfa gæsaþúðinni að brjótast fram. Það er ekkert vit í öðru. Ég verð með freyðivínið tilbúið til að skála fyrir mínum manni, sama hvernig fer!



# Ómetanlegt að finna fyrir stuðningnum

Eyþór Ingi söng sig inn í hjörtu Evrópubúa og keppir í úrslitum Eurovision í kvöld.

„Fiðrildin gerðu vart við sig rétt áður en ég steig á svið en þegar ég heyrði fagnaðarlætin og fann fyrir stuðningnum fannst mér ég svo velkominn að það var ekki annað hægt en að vera afslappaður,“ sagði Eurovision-stjarnan Eyþór Ingi þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær.

Eyþór heillaði Evrópu upp úr skónum í undankeppninni á fimmtudaginn og fleytti íslenska framlaginu, Ég á líf, áfram í úrslitin sem fara fram í kvöld. Hann átti greinilega stóran aðdáendahóp í salnum því þakið ætlaði að rifna af höllinni þegar hann steig á sviðið og að flutningnum loknum tók ekkert minna við. „Fyrir okkur er mestur sigur að við höfum komist áfram á íslenskunni,“ sagði Eyþór sem tók sigurkvöldinu rólega. „Ég fór beint á blaðamannafund og í alls konar viðtöl. Það saug upp það sem eftir var af orkunni svo ég fór beint heim á hótél eftir það. Þar beið fjölskyldan eftir mér svo það var aðeins knúast og svo henti ég mér beint í bólið,“ sagði hann.

Það vakti mikla athygli hversu duglegur Eurovision-hópurinn var á Facebook á meðan á keppni stóð og sagði Eyþór nokkuð viss um að þeir verði í beinni í kvöld líka. „Hvenær er Pétur ekki duglegur á Facebook,“ sagði hann og hló. „Við tókum mynd af okkur í kosningar-pásunni á fimmtudaginn og skelltum á Facebook. Á örfáum mínútum fékk hún einhver 8.000 læk. Það var ómetanlegt að finna stuðninginn svona beint í æð. Við hvetjum fólk bara til að halda áfram að fylgjast með okkur á like-síðunni á Facebook,“ bætti hann við.

Eyþór sagði ekki velta sér mikið upp úr úrslitunum. „Fyrst og fremst er bara ógeðslega gaman að fá þrjár mínútur í viðbót á sviðinu. Ég ætla að setja allan fókus á að skila laginu vel,“ sagði hann og skilaði góðri kveðju heim til Íslands.

tinnaros@frettabladid.is



**NÓG AÐ GERA** Eyþór fór beint á blaðamannafundi eftir undankeppnina á fimmtudaginn. Hann hefur haft í nógu að snúast síðustu tvær vikurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## → Tekur þátt í opunaratriðinu

Eyþór varði góðum tíma í gær í æfingar á opunaratriði kvöldsins. Þar verða fánar allra keppnisþjóða notaðir og Abba-stjórnarnar Benny Andersson og Björn Ulvaeus hafa skellt í nýtt lag til að nota í atriðið. „Þetta verður rosafloft, með risakór og ég veit ekki hvað og hvað,“ segir Eyþór.

## → „Ég er þinn Guð“

Eyþór hefur verið kallaður ýmsum nöfnum í fjölmiðlum og á samskiptamiðlum á undanförunum dögum. Margir hafa líkt honum við guðinn Þór og aðrir við álfinn Legolas úr Hringadróttinsögu. Mest áberandi hefur þó verið líkingin við frelsarann sjálfan Jesú Krist. „Það eru alltaf allir að reyna að vera myndir og finna sniðugar samlíkingar og það er bara partur af þessu og gaman að því,“ segir Eyþór. „Sú sem stjórnaði aðalblaðamannafundinum hérna í höllinni var til dæmis rosalega upptekin af þessari Jesú-líkingu og spurði mig hvort ég væri minn eigin guð. Ég svaraði henni um hæl og sagði að ég væri hennar guð. Hún vissi ekki alveg hvernig hún ætti að taka því,“ bætti hann við og hlær.

# „Eyþór hefði ekki átt að fara í Eurovision“

Bubbi Morthens hefur ekki skipt um skoðun.

„Ég er enn þá þeirrar skoðunar að Eyþór Ingi hefði aldrei átt að fara í Eurovision. Hann er besti söngvari sem ég hef heyrt í á Íslandi og mér finnst Eurovision ekki vera réttur vettvangur fyrir hann,“ segir Bubbi Morthens.

Eyþór Ingi kom fyrst fyrir augu landsmanna þegar hann tók þátt í raunveruleikabáttunum Bandinu hans Bubba árið 2008 og vann. Margir muna eftir því í einum þættinum þegar Bubbi bað Eyþór Inga vinsamlegast um að gera sér þann greiða að fara aldrei í Eurovision. Eyþór hefur látið hafa eftir sér í viðtölum síðan að á þeim tímapunkti þótti honum tilhugsunin um að hann myndi nokkurn tíman taka þátt í keppninni vera hlægileg.



**ENN SÖMU SKOÐUNAR** Bubbi bað Eyþór um að fara aldrei í Eurovision.

- trs

## Samkennd

- að styrkja sig innan frá

### Compassionate mind training

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja efla þann styrk sem býr innra með okkur öllum. Á námskeiðinu er tvinnuð saman gjörhygli og samkennd, byggt er á þekkingu á því hvernig hugurinn hefur þróast og hvernig hann starfar. Þetta er ný meðferðarleið sem þegar hefur verið sýnt fram á að geti hjálpað okkur við að fást við streitu, sjálfsgagnrýni og erfiðar tilfinningar eins og sektarkennd, skömm, reiði, kvíða og depurð.

Innifalið: Ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt. Einnig nudd og val um ýmsar meðferðir.

Verð á mann 119.900 kr.  
Námskeiðið verður haldið dagana 18.-25. júní.

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni [www.hnlfi.is](http://www.hnlfi.is)

**- berum ábyrgð á eigin heilsu**





Kjóll  
2.490

**VERO MODA**<sup>®</sup>

Kringlan / Smáralind / [facebook.com/veromodaiceland](https://facebook.com/veromodaiceland)



12	16	12
<b>Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.</b>		
12	L	L

LAUGARÁSBIÓ	Laugardagur og mánudagur	Sunnudagur
FAST & FURIOUS	8 - Forsýning	8 - Forsýning
STAR TREK 3D	2, 5.20, 8, 10.40	2, 5.20, 8, 10.40
MAMA	8, 10.10	8, 10.40
LATIBÆR	2, 4, 6	2, 4, 6
OBLIVION	5.30, 8, 10.30	5.30, 10.10
THE CROODS 3D	2	2

## SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [SAMBio.is](http://SAMBio.is)

"STÓRFENGLÉG"  
EMPIRE

"FRÁBÆR"  
FILM

"ALDEIS RÚSSÍBANI, ÞESSI MYND, SÍÐU HANA!"  
T.V. - ÞÍVÖFURINN

"EXHILARATING"  
THE GUARDIAN

J.J. ABRAMS ER MÆTTUR MEÐ BESTU HASARMYND ÞESSA ÁRS!

FRÁ MARVEL ÞEIM SEM FERDU OKKUR

ALLI HVAÐIÐ KAMM ÞU THINE

NEW YORK OBSERVER

SAMBÍÓIN	ALFABAKKA	EGILSHÖLL
THE GREAT GATSBY 2D	KL. 2-5-8-10:55	FAST & FURIOUS 6 FORSYNING KL. 10:30 (SUN)
STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 2-5:10-8-10:50	THE GREAT GATSBY 2D KL. 5:10-8-10:50
STAR TREK INTO DARKNESS 2D	KL. 2	STAR TREK 2 3D KL. 2:30-5:10-8-(10:50) LAU OG MÁN
STAR TREK INTO DARKNESS VIP	KL. 2-5:10-8-10:45	STAR TREK 2 2D KL. 2
PLACE BEYOND THE PINES	KL. 2-5:10-8-10:50	IRON MAN 3 KL. (2D, 2) 3D: 2:30-5:20-8-10:40
IRON MAN 3 3D	KL. 2-5:10-8-10:40	PLACE BEYOND THE PINES KL. 5:10-8-10:50
OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5:30-8	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR KL. 3:40-5:50
THE GREAT GATSBY 2D	KL. 5-8	AKUREYRI
STAR TREK INTO DARKNESS 3D	KL. 5-8-10:40	THE GREAT GATSBY 2D KL. 5:10-8
IRON MAN 3 2D	KL. 10:55	STAR TREK INTO DARKNESS 3D KL. 5:20-8-10:40
THE CROODS ÍSL.TAL	KL. 2	STAR TREK INTO DARKNESS 2D KL. 2:40
LATIBÆR Í BÍÓ	KL. 2	IRON MAN 3 3D KL. 2:50-10:55

LÚXUS

FORSÝND KL. 9 Í HÁSKÓLABÍÓ SUNNUDAG OG KL. 8 Í SMÁRABÍÓ MÁNUDAG

SMÁRABÍÓ	MÁNUG	HÁSKÓLABÍÓ	MÁNUG
STAR TREK 3D KL. 1 (TILBOÐ)	-5-8-10.45	THE GREAT GATSBY 3D ÓTÆTTAD	KL. 9
STAR TREK 3D LÚXUS	KL. 2-5-8-10.45	THE GREAT GATSBY	KL. 3 (TILBOÐ) -6-9
STAR TREK	KL. 5.15-8-10.45	THE NUMBERS STATION	KL. 5.50-8*
MAMA	KL. 10.15 LAU&SUN 10.45 MÁN	PLACE BEYOND THE PINES	KL. 3 (TILBOÐ) -6-9
THE CALL	KL. 8 (ATH: EKKI MÁNUDAG)	EVIL DEAD	KL. 10.10*
EVIL DEAD	KL. 8-10.10	LATIBÆR KL. 4 (TILBOÐ) L / FALSKUR FUGL	KL. 6
LATIBÆR	KL. 1 (TILBOÐ) -3	THE CROODS 2D ÍSL.TAL	KL. 3.30 (TILBOÐ)
THE CROODS 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.)	-3.15-5.45 L	BORGARBIÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
THE CROODS 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.)	-3.15-5.45 L	MAMA	KL. 8-10
		NUMBERS STATION	KL. 6-8
		EVIL DEAD	KL. 10
		THE CALL	KL. 8
		LATIBÆR	KL. 4 (TILB.) L / CROODS 3D KL. 4 (TILB.) L

# Játning úr aðdáendaklúbbi Jennifer

**BAKPANKAR**  
Hildar  
Sverrisdóttur

Ég veit ekki af hverju ég tók skýra afstöðu í skilnaði sem kom mér ekkert við og ég vissi ekkert um. En ég skyldi halda með Jennifer hvað sem tautaði og raulaði. Þessi Angelina virtist eitthvað tvöföld.



**SVO FÓR** Angelina að ætteleiða börn og vekja athygli á báguum aðstæðum barna víða um heim. Ég tók því með fyrirvara. Svo varð hún einhvers konar góðgerðasendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna og finnst víst merki-legra að heimsækja flóttamannabúðir en rauða dregla. Já, en samt, hún stal Brad.

**ANGELINA** hélt áfram að beina athyglinni sem hún fékk að málefnum sem hún taldi skipta máli og virtist sosome vera einlæg í því. En nei, eins og drengurinn sem fékk Liverpool-treyju að gjöf og hefur ekki skipt um lið síðan þá ætlaði ég ekki að fara að skipta henni Jennifer minni út bara sisvona.

**SVO ÁKVAÐ** hún að láta taka

af sér brjóstin. Eins og tvíbura fæðing Brangelinu fær meiri athygli en aðrar fær brjóstnám Angelinu einnig meiri athygli en annarra. Ein frægustu brjóst í heimi tekin burt. Eins og þúfurarn á Snæfellsjökli væru allt í einu bara horfnar. Það hefur þó ekki verið henni auðvelt, frekar en nokkurri annarri konu.

**ALLT Í EINU** snýst annaðhvert samtal á kaffihúsunum um brjóst og brjóstakrabba. Kári Stefáns upplýsir að hann liggja á upplýsingum um þúsundir kvenna sem gætu gengið með banvænt gen en fá ekki að vita af því. Á einni nóttu hefur meðvitund og þrýstingur vegna málsins aukist.

**SNILLDIN** við Angelinu er hversu vel henni virðist takast að taka alla athyglina, frægðina og forréttindin og nota til að fá okkur til að hugsa um hluti sem við gerðum ekki áður. Fyrir utan þau fyrirsjáanlega mikilvægu áhrif sem munu verða í kjölfar þeirra skilaboða til alheimsins að það er hægt að vera kynbomba eftir að hafa farið í brjóstnám.

**ÉG HEF** því ekki bara tekið Angelinu í sátt heldur finnst mér hún svo mikið æði að ég vona að henni og Brad verði boðið í brúðkaup Jennifer og Justins.

Vissir þú að...

börn eiga rétt að leika sér

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG

tryggðu þér miða á sambio.is

# SPARBIÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM  
SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

**SAMBÍÓIN!** SAMbio.is

Sími: 553 2075 - bara lúxus

## Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 2

**Latabæ í bíó!**

**THE CROODS** ÍSL.TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS  
TILBOÐ GILDA MÁNUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Upplifðu **Latabæ í bíó!**

KL. 1 SMÁRABÍÓ  
KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

Fjórtíu þáttir (tvöfaldur þáttur) og blá ríðarinn - gængir þattir úr söru 3!

KL. 1 SMÁRABÍÓ  
KL. 3.30 2D HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

## BÍÓ PARADÍS

EUROPA CINEMAS

ON THE ROAD	(16)	LAU - SUN 20.00, 22.20
IN MEMORIAM	(L)	LAU - SUN 18.00, 20.00
HANNAH ARENDT	(12)	LAU - SUN 17.50, 20.00
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	LAU - SUN 17.50, 22.00
DÁVALDURINN	(16)	LAU - SUN 22:10

ON THE ROAD HANNAH ARENDT IN MEMORIAM? JAGTEN

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDA MIÐSTÖÐVAR ISLANDS  
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas  
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn  
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELÐRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!



Ég á hríz,  
ég á hríz



Litríkt á bragðið





ÓLAFUR STEFÁNSSON 1.571 mark í 320 landsleikjum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fær kveðjuleik

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson, einn besti handboltamaður sögunnar, mun leika sinn 330. og síðasta landsleik þegar Ísland mætir Rúmeníu í Laugardalshöll í undankeppni EM þann 16. júní næstkomandi. Þetta kom fram í tilkynningu frá HSÍ í gær. Ólafur spilaði síðast í Katar en tók í vor við þjálfun Vals og mun hann stýra liðinu næstu árin. - 66j

## PEPSI-DEILDIN LEIKIR HELGARDAGUR

**Pepsi-deild kvenna - laugardagur**  
**14.00 Stjarnan - FH**  
**14.00 Selfoss - Afturelding**  
**14.00 Valur - ÍBV** Sýndur beint á Vísi  
**16.00 HK/Víkingur - Þór/KA**

**Pepsi-deild karla - sunnudagur**  
**17.00 ÍBV - KR**  
**17.00 Þór - Víkingur Ó.**  
**19.15 Keflavík- Fylkir**



**LAUGARDAGUR**  
**00.00 Indiana - New York S2 Sport**  
**SUNNUGADUR**  
**15.00 Newcastle - Arsenal S2 Sport2**  
**15.00 Tottenham - Sunderland. S2 Sport3**  
**15.00 WBA - Man. Utd. S2 Sport4**  
**15.00 Liverpool - QPR S2 Sport5**  
**15.00 Chelsea - Everton S2 Sport6**  
**19.00 Barcelona - Valladolid S2 Sport**  
**MÁNUGADUR**  
**20.00 Sunnudagsmessan S2 Sport2**

# Yngsti fyrirliði deildarinnar

Guðmunda Brynja Óladóttir og félagar hennar í Selfossliðinu eru með fullt hús eftir tvo leiki í Pepsi-deild kvenna í fótbolta. Hún hefur skorað þrjú af fjórum mörkum liðsins. Fyrsti heimaleikurinn er í dag.

**FÓTBOLTI** Hún er ein af efnilegustu knattspyrnukonum landsins og búin að vera fastamaður í yngri landsliðunum. Hún er nítján ára og sammingslaus eftir síðasta sumar og því eftirsótt hjá „stóru“ liðunum í deildinni. Guðmunda Brynja Óladóttir ákvað hins vegar að halda sínu striki með Selfossi – Gunnar Rafn Borgþórsson, nýr þjálfari liðsins, sannfærði hana strax, hún hlustaði ekki á önnur tilboð og var síðan verðlaunuð með því að fá fyrirliðabandið þrátt fyrir að vera ekki orðin tvítug.

### Talaði ekki við önnur félög

„Gunnar náði að sannfæra mig um að vera áfram og ég talaði varla við nein önnur félög,“ segir Guðmunda Brynja Óladóttir sem kann vel við sig í Selfossliðinu. „Það er stór kjarni í liðinu sem hefur spilað saman frá því að við vorum í 6. flokki. Við þekkjumst mjög vel og þetta er mjög þéttur hópur,“ segir Guðmunda.

Selfoss hélt sér í deildinni síðasta sumar þrátt fyrir að fá á sig 4,3 mörk í leik. Nú er allt annað að sjá varnarleik liðsins. „Mér líst rosalega vel á þetta og við byrjuðum mjög vel. Við erum með nánast sama lið og í fyrra og við erum allar reynslunni ríkari,“ sagði Guðmunda. Hún tók við fyrirliðabandinu fyrir tímabilið.

### Mjög stolt af fyrirliðabandinu

„Það er mjög skemmtilegt að vera orðinn fyrirliði. Ég er mjög stolt af því. Ég kannski tala meira en þetta hefur ekkert breytt mér held ég,“ segir Guðmunda, sem er yngsti fyrirliði Pepsi-deildar kvenna. Selfoss-liðið hefur unnið tvo fyrstu

leiki sína og Guðmunda er búin að skora þrjú af fjórum mörkum liðsins. Þetta var því augljóslega góð ákvörðun hjá þjálfaranum sem setti mikla ábyrgð á þennan unga leikmann.

Selfoss hefur unnið báða þessa sigra á útivelli en í dag fær liðið Aftureldingu í heimsókn.

„Við erum búnar að vera að bíða eftir þessum leik síðan við sáum hvernig Íslandsmótið raðaðist og það er mikil stemming í liðinu fyrir leikinn. Það skiptir miklu máli að ná sigri á móti þessum liðum sem eru í neðri hlutanum með okkur og það er mjög gott ef við náum því að fá eitthvað út úr þessum leik,“ segðir Guðmunda sem leiðist ekkert að skoða töfluna.

### EKKI VERIÐ SVONA OFARLEGA ÁÐUR

„Ég held að við höfum aldrei verið svona ofarlega áður þannig að það er mjög gaman að skoða töfluna í dag. Við erum að sýna það núna að við getum allveg verið í Pepsi-deildinni. Vonandi náum við að fylgja þessu eftir og við ætlum ekki að ofmetnast þrátt fyrir góða byrjun,“ segir Guðmunda en hvað með A-landsliðið og möguleika hennar að vera með á EM í Svíþjóð í sumar.


„Ef ég spila vel og hlutirnir ganga upp hjá mér þá held ég að ég eigi allveg möguleika á að komast í lokahópinn. Ég vona að það sé stefnan hjá öllum yngri stelpum að komast í landsliðið. Þetta er ótrúlega gaman að spila fyrir hönd Íslands og ég vil að sjálfsögðu komast á stóra sviðið,“ sagði Guðmunda að lokum.

ooj@frettabladid.is



ÞRjú MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM Guðmunda Brynja Óladóttir í leik á móti Þrótti þar sem hún skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri. FRETTLABLAÐ/VALLI

## LIÐ UMFERÐARINNAR



## LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

# Garðsmennirnir kláruðu leikinn

Magnús Þórir Matthíasson, Keflavík, er leikmaður 3. umferðar í Pepsi-deildinni.

**FÓTBOLTI** Magnús Þórir Matthíasson var búinn að vera inn á í aðeins tvær mínútur þegar hann lagði upp jöfnunarmark Keflavíkur gegn Víkingi Ólafsvík í leik liðanna í fyrrakvöld. Markið breytti leiknum og Keflavík vann að lokum 3-1 sigur, þar sem Magnús sjálfur skoraði þriðja mark sinna manna.

Magnús fær því nafnbótina leikmaður umferðarinnar að þessu sinni hjá Fréttablaðinu en hann sneri aftur til liðsins stuttu fyrir tímabilið eftir að hafa verið hjá Fylki í eitt ár.

„Ég er ekkert ósáttur við að vera á bekknum, þó svo að maður vilji alltaf byrja. En það er stutt síðan ég kom

og ég er enn að vinna mér sæti í liðinu,“ sagði Magnús Þórir við Fréttablaðið í gær.

Jóhann Birnir Guðmundsson skoraði tvö mörk Keflavíkur og Magnús eitt. Þeir eiga það sameiginlegt að koma úr Garði. „Við grínudumst með það eftir leik að Garður hafi bjargað Keflavík í þetta skiptið,“ segir hann í léttum dúr.

Keflavík mætir næst Fylki á þriðjudagskvöld og Magnús Þórir vonast til að fá tækifærið í byrjunarliðinu gegn sínu gamla félagi.

„Það gefur alltaf smá auka kraft að spila gegn sínu gamla liði en annars lít ég ekki öðruvísi á hann. Ég vil bara standa mig eins vel og ég get, eins og í öllum leikjum.“

- esá



# Fitulítill og próteinrík...


... og passar með öllu



www.ms.is







# ALVÖÖRU SKÓR AMERÍKU VERÐ

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!



Asics - GT2170  
Upphaflegt verð: 26.990  
Outlet verð: 15.995

40%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Asics - GT2170  
Upphaflegt verð: 26.990  
Outlet verð: 15.995

40%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Gel Kayano 18  
Upphaflegt verð: 29.990  
Outlet verð: 18.995

35%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Gel Kayano 18  
Upphaflegt verð: 29.990  
Outlet verð: 18.995

35%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Asics - GT2170  
Upphaflegt verð: 26.990  
Outlet verð: 15.995

40%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Asics - GT2170  
Upphaflegt verð: 26.990  
Outlet verð: 15.995

40%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Asics - Gel Pulse 4  
Upphaflegt verð: 19.900  
Outlet verð: 14.995

25%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði



Asics - GT2170  
Upphaflegt verð: 26.990  
Outlet verð: 15.995

40%  
AFSLÁTTUR  
af upphaflegu verði

FLEIRI GERÐIR - TAKMARKAÐ MAGN.  
- FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

KORPU **OUTLET**



Fylgstu með okkur á Facebook!

